315

15
21
31
16
20
17
18 2
173

13
25
55
26
315

60
4
15
4
40

30
4
120

23,60

115
15 2
575
115
17,25
315
20,60

10 Fundur

Sunnudaginn hinn 27 okt. 1912 var fundur settur og haldinn í U.M.F. Tindastól í Barnaskóla-húsinu á Sauðárkrók. Á fundinum gjörðist þetta.

1 Formaður félagsins Sigurður Björnsson setti fundinn með nokkrum vel völdum orðum, til skrifara nefndi hann þá Guðm. G. Jónsson og Pál Jónsson

2 Í félagið gengu Byrna Björnsd. Jón Rafnsson Guðm. Guðmundsson. Dýrleif Arnadóttir og Otto Davíðsson

3 Lesin upp viðvörunbók mætti á fundi 11

4 Úrsagnir komu frá Sigurjóni Arnasyni Byrni Árnasyni Halldóri Þorvaldssyni og Friðrik Hanssen

5 Jón Þ Björnsson bað fundinn afsökunar á því að hann yrði að fara af fundi. ~~Au~~ Auk þess talaði hann nokkur hlýleg orð til

félagsmanna; bauð nyja medlimina
velkomna o.s. frv.
6 Fundurinn á kvað að kjósa 3
manna nefnd til að ákveða dag.
er kappglíma skildi fara fram
um Glímuverðlaunagrip fel.
og senda auglýsingar út um hérað
-ið. Svo að allir þeir er rétt hafa til
að taka þátt í glímunni gætu
fengið að vita það í tíma svo
~~þeir~~ hann gæti tekið þátt í Glímunni ef
~~þeir~~ hann vildi. Fundarstjóra falið
að skipa í nefndina; í nefndina
kaus hann þá Jóhannes Pálsson
Danjel Danjelsson og ~~Bjor~~ Guðm.
Björnsson
7 Fundarstj. gat þess að nauðsynlegt
væri að ræða gráðrarstöðar og
Sundmál en sökum þess að tími
væri takmarkaður yrði það að bíða
til næsta fundar
8 Lesið upp bréf frá Fjórðungs-
stjóra
9 Kosnir starfsmenn til næsta

fundar Fundarstj Johannes Pálss.
Skemtinefnd Björna Björnsdóttir
Jónína Helgadóttir og Guðrún
Heiðdal
Sungið: Skín við sólu Skagafjörður

Fundi slitið

Páll Jónsson

## 11 Fundur.

1. Sunnudaginn hinn ~~4ða~~ 3 November 1912 var fundur settur og haldinn í U.M.F. Tindastóll í Templarahúsinu á Sauðárkrók,

2. Kosnir ritarar fyrir fundinn María Jóhannsdóttir og Una Pétursdóttir

3. Sungið: Eitt er landið ægi girt.

4 Í félagið gengu: Margeir Jónsson, Anna Sveinsdóttir Aldís Sveinsdóttir, Þormóður Sveinsson, Margrét Sigtryggsd. Joh. Hallgrímsson og Jón Jónsson og var samþ. í einu hljóði að veita þessum umsækjendum inngöngu í félagið. Sig. Björnsson talaði um hvort það hefði verið siður að bera upp þá sem beðið um inngöngu í félagið eins og gjört var við þessa nýju meðlimi. Svaraði Jón Björnss. því að það hefði verið venja og væri sjálfsagt að bera upp hina nýju félaga og svo urðu nokkrar meiri umræður um þetta.

5. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar af Jóni Björnsyni sökum þess að ritarar vantaði mættir og var fundargjörðin samþ. ~~breyt~~ breytingalaust.

6. Lesin upp viðvörubók félagsins mættir á fundi 14 auk þeirra er í félagið gengu.

7. Jón Björnsson gat þess að það þyrfti að kjósa 4 til viðbótar í mótmælsvörð því í honum væri ekki nema 1. Og voru kosnir til viðbótar Margeir Jónsson, Jón Jónsson, Birna Björnsdóttir og Una Pétursdóttir

8 Úrsögn kom frá formanni félagsins Sig. Björnssyni á Veðramóti og færði hann orsakir fyrir burtför sinni sinni úr félaginu á fundinum, sömuleiðis gat hann þess að það þyrfti að kjósa annan formann fyrir félagið. Um úrsögnina urðu töluverðar umræður og gengu þær út á það að biðja formann að vera kyrran við starf sitt minsta kosti til ársloka. Í þessu máli töluðu Sig Björnsson 3. Margeir Jónsson 3. Jón Jónsson 2 Birna Björnsd. 1 Jón Björnsson 1. Og var þetta mál útkljáð með því að formaður tók úrsögn sína aftur eftir almennri ósk fundarins

9. Fundarstjóri gat þess að nefnd sú er kosin hafði verið til þess að festa upp auglýsingar um kappglímu um bikar félagsins hefði lokið starfi sínu og sömuleiðis las hann upp beiðni frá keppendum um það að fresta glímunni þangað til í Janúar eða Febrúar.

~~10.~~ a (~~Glíma [illegible] gjört að [illegible] hefði [illegible] [illegible] heit félagsins og [illegible] meðlimum áfram~~) Svo hljóðandi tillaga kom frá Margeir Jónssyni: Fundurinn álítur þörf á kapp-

glímunni sé ósamkvæmt við reglugjörð lektar félagins og getur því ekki sint þessum tilmælum.
Og var tillagan samþ.

10. Ólafur Heiðdal játaði að hann hefði rofið bindindis heit félagsins og óskaði eftir að mega ~~vera~~ vera félagi áfram og var það samþ. Sömuleiðis talaði Sig. Björnsson og bauð hann velkominn aftur, einnig töluðu Marg. Jónss og ~~B~~ Birna Björnsd. í þessu sama máli.
Fundarstjóri kom með munnleg boð frá Guðm. Guðmundsson um að hann hefði brotið heitið og óskaði eftir að mega vera áfram í félaginu. Formaður sagði að það væri ekki hægt að fyrir gefa þessum félagabrot hans sökum þess að hann var eigi mættur á fundinum. Talsverðar umræður fleiri urðu um þetta mál á fundinum, en að lokum var því frestað til næsta fundar.

11. Svo hljóðandi tillaga kom frá Páli Jónssyni
Fundurinn samþ. að skipa 3. manna nefnd til að gangast fyrir að koma á fót kappglímu sem þreytt verði mánaðarlega meðal yngri manna hér á Sauðárkrók.
Í nefnd þessa voru skipaðir Páll Jónsson Jóhannes Pálsson og Ólafur Heiðdal

12. Kosnir starfsmenn til næsta fundar. Fundarstjóri Margeir Jónss. skemtinefnd Páll Jóns. Sig. Björnsson, Dýrleif Árnad. ritnefnd Jón Björnsson. Guðm. Gíslas. Birna Björnsd. Upplestrarm. Jón Jónss.

13 Sungið: Fífilbrekka gróin grund og Drottinn sem veitir.

Fundi ~~sl~~ slitið

Fundarstjóri
Jóhannes Pálsson

María Jóhannsdóttir
Una Pétursdóttir

## 12. fundur.

Þann 24/11. '12 var fundur haldinn í ungmannafélaginu „Tindastóll" í Good-templarahúsinu á Sauðárkrók

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Fundarstjóri Margeir Jónsson setti fundinn kl. 3,40 mínútur e.h. og nefndi til skrifara Guðrúnu J. Heiðdal og Jón Guðmann Gíslason, dyravörð Þorm. Sveinsson
2. Sungið Vorminni Íslands
3. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar af Unu Pétursdóttur. Eftir nokkrar umræður var hún samþykkt með breytingu þannig: „— í hinum forna Sauðárhreppi" komi fyrir Sauðárkrók
4. Lesin upp viðvörubók félagsins og kom þá í ljós að 10. voru mættir.
5. Margeir Jónsson kennari, bar upp inntökubeiðni frá tveimur er vildu gerast meðlimir félagsins Árna Daníelssyni og Ragnari Jónssyni og var það veitt.
6. Lesið upp blað félagsins Árgeislinn af formanni ritnefndarinnar, Jóni Björnss., Innihald blaðsins var þetta:
   a/ „Félagar" eftir Jón Björnsson kennara
   b/ „Ritdómur" — kennara Margeir Jónsson
   c/ Vetrarkoma „kvæði eftir Birnu Björnsdóttir.
7. Kennari Jón B. tilkynnti félaginu tilboð Kúkks að láta félagið hafa trjáplöntur. Í þessu máli töluðu: Rebekka Ólafsdóttir kennari Margeir Jónss. auk málshefjanda. Fanst þeim sjálfsagt að þiggja tilboð úr því plönturnar væri gefins. Tilboð Kúkks var þá borið undir félagið og var það samþykkt í einu hljóði.
8. Þá var skýrt frá útistörfum félagsins á umliðnu sumri; Kennari Jón Björnsson las upp skýrslu frá sundkenslunni í vor. Þar hefðu tekið þátt í kenslunni 20 nemendur 12 drengir og 8 stúlkur. Einnig las hann upp reikning frá sundinu. Mismunur á þeim reikningi eða tekjuhalli var krónur 5,35 aurar Páll Jónsson drap á að kr 60,00 krónur

hefði verið tekju hallinn í vor við íþrótta-
-mótið 15/6. En af því borgar „Sam-
bandsstjórn Norðlendingafjórðungs helminginn.
Einnig skírði Páll Jónsson frá tekju-
halla við vextar gróðrarstöðvanna og er
hann um kr 100,00 krónur.

9. Páll Jónsson hóf máls á því að gróðr-
arstöðin væri ekki í sem bestu ásigkomu-
lagi og nú á þessum fundi væri best
að kjósa henni umsjónarmenn
Þá kom fram svohljóðandi tillaga:
frá Páli Jónssyni, Fundurinn samþykkir
að kjósa nefnd til að sjá um gróðr-
arstöðina á komandi sumri
Í þessu máli talaði auk Páls; kennari
Jón Þ. Björnsson og Guðrún J. Heiðdal
Þá kom breytinartillaga frá Jóh. Páls.
er hljóðaði svo: „Fundurinn felur
stjórn félagsins að annast aðrar ráð-
stafanir snertandi trjáplöntu útvegarir
Borin upp og samþykkt með 14. gegn 5

9. Páll Jóns rakti máls á hvað félaginu
sýndist að starfa opinberlega í vetur
Helst talaðist honum að alþýðu-
-fyrirlestrum. Það það gerði ekki fjár-
hagslegan gróða, þá væri fyrirlestrar
flestum skemtunum heilbrigðari.
Auk málshefjanda talaði í þessu máli
Jón Þ. Björnson kennari, Guðrún J. Heiðdal
Árni Daníelson og Jón Jónsson
Þá var stungið upp á að kjósa 5
manna nefnd málinu til framkvæmdar
Borið upp og samþykkt.
Fundarstjóri bar upp fyrir fundinn
hvort kosning ætti að fara skriflega fram
eða eins og stundum hefði tíðkast að
fundarstjóri kysi þann fyrsta og svo
hver af öðrum. Hið síðara var samþykkt
Í þessa nefnd voru kosnir: kennari
Jón Þ. Björnson, kennari Margeir Jónsson-
Árni Daníelsson Páll Jónsson og Guðrún J. Heiðd.

10. Upplestrarmaður Jón Jónsson las upp
söguna „Steinbítinn“.

11. Guðmundur Gutmunsson skýrði fél-
aginu frá að hann hefði brotið bindindis-
heitið, bað afsökunar og óskaði eftir
að mega vera félagi áfram og var það
fúslega veitt.

12. : Starfsmenn til næsta fundar:

Fundarstjóri: Jón Jónsson
~~Skrifari~~ Skemtifund: Una Pétursdóttir Drori Daníelsson og Lárus Blöndal
~~Ritnefnd~~ : Guðmundur Jónsson Jóhannes Pálsson og Jónína Helgadóttir
Framsögumenn: Jón Rafnsson og Þorm. Sveinss.
Upplestrarmaður: Páll Jónsson
13. Sungið: „Norður við heimskaut— — og „Blessuð sértu sveitin mín — —
14. Fundi slitið —

Korrið í veforo? — —

Fundarstjóri
Margeir Jónsson

Skrifarar
Guðrún J. Heiddal
Stein Guðmann Gíslason

# 13. fundur.

Sunnudaginn 1. Desember 1912 var fundur haldinn í U. M. F. Tindastól í sýslufundarsalnum á Sauðárkróki. Á fundinum gjörðist þetta:

1. Fundarstjóri Jón Jónsson setti fundinn og útnefndi til ritara D. Daníelsson og Otto D. Eyrbekk. Dyravörð Lárus Blöndal
2. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt með svo hljóðandi breytingu: Tekju halli við íþróttamótið 15 júní 1912 30 kr. en á að vera 60 kr.
3. Lesið upp blaðið Árgeislinn. Að því loknu talaði Jón Björnsson nokkrum orðum um blaðið
4. Lesin upp viðvernbók félagsins, og voru mættir á fundi 26. meðlimir
5. Móðurmálsvinurinn hafði þær athugasemdir fram að færa, að formaður hefði á síðasta fundi 17. Nóv. sagt (vestur) gjörsvo vel, og ennfremur að gjaldkeri hefði orðið á að segja (klára) í stðin fyrir

Gjöra við
6. Upptökubeiðni komu frá þessum: Geirl. Jóhannesd. Ágúst Hreggviðsyni og Jónu Jóhannesdóttir, og voru þær samþyktar í einu hljóði Sigurður Björnsson bauð fèlaga þessa velkomna fyrir hönd fèlagsins

7. Úrsögn kom frá Valgerði Sveinsdótt Felli

8. Boðsbrèf um orðabók eftir Sigfús Blöndal kom til fèlagsins. var lesið upp af formanni Jón Björnsson talaði nokkrum orðum um kosti þessarar bókar, og þá einnig um að það væri nauðsynlegt fyrir fèlagsmenn að kynna sèr hana, hann lagði mikla áherslu á það að fèlagið gerðist kaupandi að henni, því hvert bindi kostaði aðeins kr. 3,50 Tillaga kom frá Formanni studd af Jóni Björnssyni um að fèlagið keypti orðabók þessa, og var hún samþykt af flestum öllum greiddum atkvæðum

9. Boðsbrèf kom ~~um~~ einnig um nýtt tímarit útgefandi Einar Hjörleifsson Um það urðu talsverðar umræður

Jón Björnsson kvað það ekki mundu vera sèrlega gagnlegt fyrir fèlagið að kaupa það. og væri því rèttara að kaupa það ekki ~~Sigurður~~ Björnsson kom með þá tillögu að fèlagið gerðist kaupandi tímaritsins. ~~og var hún~~ feld með 13. mót 12. atkvæðum

10. Jón Björnsson mintist þess að báðir hinir kosnu endurskoðunarmenn fèlagsreikninganna væru fjarverandi, svo kjósa þyrfti tvo menn í þeirra stað. Stungið var uppá Árna Dan og Jóhanni Hallgrímssyni til endurskoðunar þessarar. og voru þeir samþyktir í einu hljóði

11. Jón Björnsson gat þess að heppilegt væri að kosin yrði nefnd til að endurskoða lög fèlagsins fyrir aðalfund. Um það mál urðu litlar umræður, og kom þá ~~tvo~~ fram svo hljóðandi tillaga frá Árna Daníelssyni studd af Páli Jónssyni um að kosin yrði þriggja manna nefnd til þessa starfa Kosningu hlutu þessir:
Margeir Jónsson 19. Árni Daníelsson 16.
Guðrún Hiddal 9.

Varamenn Jóhann Pálsson 8.
Rebekka Ólafsdóttir 7.

12. Brotamál var flutt af formanni
Sigurði Björnssyni. Gat hann þess að
ein af félagssystrum (Bryne B) hefði játað
það fyrir stjórn félagsins að hún í gáleysi
hefði dreypt á áfengi hjá góðkunningja
sínum, og óskaði hún eftir því að
félagið fyrirgæfi sér brot sitt og
tæki sig í sátt við sig. Var það svo
næst borið undir atkvæði og samþykkt
með öllum greiddum atkvæðum

13. Skauta og skíðaferðir. Flutningsmaður
Jón Rafnsson, og talaði hann fyrir því
máli. Í því máli tóku til máls auk málshefjanda
Jón Björnsson Margeir Jónsson Bryne Björnd
Árni Daníelsson og Sigurður Björnsson
Tillaga kom frá Sigurði Björnssyni svo
hljóðandi: að bætt væri við einum manni
í viðbót við nefnd þá er kosin hafði verið
í fyrra og hvað það mjög heppilegt
að framberandi málsins Jón Rafnsson
yrði fyrir því láni að komast í nefnd
þessa, og var það borið undir atkvæði
var samþykkt í einu hljóði

14. Hinn málefnamaðurinn Þórir Sveinsson
gat þess að hann hefði ekkert málefni
fram að bera fyrir fundinn, en til þess
að gjöra eitthvað kvaðst hann mundi
lesa greinarstúf eftir sjálfan sig ef
fundurinn óskaði þess, og var það eindreginn
vilji fundarins, að hann læsi upp grein
þessa. en hún yrði svo færð inn í blaðið
Árgeislann. Þeir kunnararnir Margeir Jónsson
og Jón Björnsson þökkuðu upplestrarmanninum
fyrir grein þessa, með mjög vel völdum
orðum.

15. Jón Björnsson gat þess að þörf væri á að
bætt væri við mönnum í söngnefnd
félagsins, sem væri nú mjög í hnignun
sökum þess að ekki væri eftir í henni
nema þrír menn. Var þá skipuð viðbót
í nefnd þessa. Margeir Jónsson
Geirl. Jóhannesdóttir
Jón Pálsson
Ragnar Jónsson

16 Fundarstjóri til næsta fundar
Þórey Ólafsdóttir

17. Ritnefnd Árni Daníelsson
Guðm. Björnsson Sigurl. Björnsdótt.
18. Málefnamenn Sig. Björnsson og J. G. Eiríksson
19. Skemtinefnd Jóh. Pálsson Geirl. Jóhannesd.
Anna Sveinsdóttir
20. Upplestrarmaður Margeir Jónsson
21. Fundi slitið.

Dans á eftir.

Fundarstjóri
Jón Jónsson

Skrifarar.
Daníel Daníelsson
Otto R. A. Ægobekk.

## Aukafundur

Þann 5 Des. 1912 var aukafundur haldinn í U. M. F. Tindastóll í leigusal ungmannafélagsins á Sauðárkrók.

1. Fundarstj. Jón Þ. Björnsson setti fundinn kl 8½ e.m. og nefndi til skrifara Ragnar G. Jónsson og dyravörð Pétur Blöndal.
2. Lagt var fyrir fundinn hvort ungmannafélagið ætti að leyfa leika í vetur og urðu um það talsverðar umræður og töluðu þessi: Árni Daníelsson, Bjarna Björnsd., Páll Jónsson, Rebekka Ólafsdóttir, Þórey Ólafsdóttir, Jónína Helgadóttir, Ágúst Sigurðsson og Jón Þ. Björnsson.
3. Skrifleg tillaga kom frá Bjarna Björnsdóttir, svohljóðandi: Fundurinn samþykkir að félagið gangist fyrir smásjónleikjum í sambandi við skemtanir aðrar sem félagið heldur. Um þetta töluðu Árni Daníelsson og Bjarna Björnsdóttir. Þar næst var tillagan borin upp fyrir fundinn og var samþykt með 6 gegn 3 atkv.
4 Tillaga kom frá Árna Daníelssyni og var svo hljóðandi: Félagið gangist fyrir sjálfstæðum sjónleikjum svo fljótt sem unt er. Tillaga þessi var borin upp og samþykt með 8 á móti 6 atkv.
5 Árni Daníelsson vakti máls á því að fundurinn skyldi kjósa nefnd til að

annast um líkmai. Í þessu máli töluðu Jón Jónsson og Páll Jónsson.

6 Tillaga kom frá Bjarna Björnssyni svohljóðandi: Fundurinn gjörir það að tillögu sinni að kosin verði 7 manna nefnd til að gangast fyrir sjálfstæðum sjónleikjum, og sem einnig starfi svo fyrir sjónleiki í sambandi við aðal skemtanir. Um þessa tillögu töluðu Árni Daníelsson og Bjarni Björns. Tillagan var síðan borin upp og samþykt með 10 gegn 4 atkv.

7. Borið var upp fyrir fundinum hvort kosning ætti að fara fram skriflega eða að fundarstjóri kysi fyrsta mann, og svo hver af öðrum. Hið síðara var samþykt.

8. Í þessa nefnd voru kosnir:

Árni Daníelss. Ágúst Hreggviðsson.
Bjarni Björnss. Aldís Sveinsdóttir
Páll Jónsson Þórey Ólafsdóttir
Jóhannes Pálsson

9 Mættir á fundi 20

Fundi slitið
Ritari
Ragnar G. Jónsson

Fundarstj.
Jón Þ Björnsson

## 14. fundur

Sunnudaginn 15 desember 1912 var fundur settur og haldinn í U. M. F. Tindastól í leigusal Templarafélagsins á Sauðárkróki.

Á fundinum gerðist þetta:

1: Fundarstjóri Þórey Ólafsdóttir setti fundinn og nefndi til skrifara þá Johannes Pálsson og Ásmund Sveinsson og til dyravarðar Ragnar Jónsson

2. Sungið „Vormenn Íslands"

3. Lesin upp fundargerð síðasta fundar, og samþykt með þeirri breytingu framkominni frá Árna Daníelssyni að í stað orðanna (~~Jón Jóns~~) dans á eftir komi „leiki og dans"

4. Lesin upp fundargjörð aukafundar og samþykt óbreytt.

5. Lesinn upp Árgeislinn

6. Lesinn upp viðvörunbók. mættir 21

7. Móðurmáls vörðurinn skýrði frá málfylkum, og þar næst ~~eftir~~, eftir tilmælum Jóns Björnssonar sungið „Móðurmálið á himnesk hljóð"
Síðan var lesinn upp úrsögn er félaginu hefði borist frá Sigríði B. Pálmadóttir

8. Félagsmál: Jón Björnsson vakti máls á því að félagið hefði undanfarna vetur glatt fátæklinga með lítilfjörlegum gjöfum einkum fyrir jólin, og óskaði eftir að félagið gæti það nú einnig

Nokkrar umræður vóru i málinu og að lokum var samþykt
svohljóðandi tillaga frá Árna Daníelssyni.
Fundurinn samþykkir að fela stjórn fjelagsins, að styrkja
fátæka með lítilsháttar gjöfum fyrir jólin, af ástæður fjelagsins
leyfðu.

9. Árni Daníelsson kom með þá fyrirspurn til ~~fjelagsins~~ fundarins hvort felagið vildi leggja nokkurt fje fram, til að kaupa leikbúninga ~~fyrir~~. Allmiklar umræður urðu i málinu og fjell það að lokum án nokkurar ákveðinnar úrslita

10. Upplestrar maðurinn las upp söguna „Peningakista keisarinnar". Síðan var kosið til starfa til næsta fundar.

Fundarstjóri Árni Daníelsson
Ritnefnd Sigurð Hæggviðsson Margrjet Sigtryggsdóttir
Þormóður Sveinsson
Málefnamenn Birna Björnsdóttir Jón Jónsson
Upplestrar maður Jóhannes Pálsson
Skemtinefnd Guðrún Heiðdal Guðmann Gíslason
Ragnar Jónsson

11. Síðan þakkaði Jón Björnsson fyrir upplestur sögunnar og talaði því næst nokkrum fagnandi vel völdum orðum til fjelagsmanna um hina komandi hátíð og óskaði þeim gleðilegra jóla. Svo var sungið, „Fögur er foldin."

Fundi slitið, og farið í leiki á eftir.
Jóhannes Pálsson Þormóður Sveinsson

# 15. fundur.

Á annan í jólum var fundur haldinn í U.M.F. Tindastóll, í leigusal félagsins kl 3 e.h.

## Á fundinum gjörðist þetta:

1. Fundarstjóri Árni Daníelsson setti fundinn og tilnefndi til skrifara Þórunni Ólafsdóttur og Láru Þ. Blöndal.
2. Jón Þ. Björnsson talaði nokkur orð til fél. manna í tilefni af jólahátíðinni.
3. Fundargjörð síðasta fundar lesin upp og samþykt.
4. Viðverubókin upplesin. Mættir á fundi 20.
5. Móðurmálsmaðurinn kom með nokkrar athugasemdir viðvíkjandi málfýlum er átt höfðu sér stað meðal nokkra fél.manna. Var það helst Birna Björnsdóttir er notað hafði útlend orð, Sömuleiðis Guðr. Heiðdal.
6. Úrsögn kom frá Páli Hallgrímssyni. Ástæður engar tilfærðar. Jón Björnsson stakk upp á að skipaður yrði maður til að tala

við Pál. fá að vita ástæður fyrir úrsögninni.
Páll Jónsson kom þá með þá uppástungu
að J. B. yrði skipaður til þess starfs, og
var það samþykkt í einu hljóði.

7. Jón Bjarnason skýrði frá störfum stjórnar-
nefndar í gjafamáli því er borið var
upp á síðasta fundi. Með samskotum
hafði fengist 10. Kr. og úr fél. sjóði voru
gefnar Kr. 5.00 – alls Kr. 15.00. Upphæð
þessari var skift í tvo staði.

8. J. B. hafði að lesa upp ræðu úr
Helga Hálfdánarsonar prédikunarbók
er sérstaklega var ætluð til lesturs á
2an í jólum. Var því vel tekið. – Á eftir
sungið „Ó hve dýrðleg er að sjá".

9. Upplestrar maðurinn (J. P.) kom með þá til-
lögu að ~~þegar~~ fresta upplestrinum til
næsta fundar. Tillagan var feld. —
Las hann þá upp söguna „Jólin" og
var gerður að henni góður rómur

10. Starfsmenn til næsta fundar.
Formaður fél. sjálfkjörinn fundar-
stjóri á næsta fundi en varaform. Adolf-
Pétursson hin sömu og áður. Málshefjan.

Birna Bjarnadóttir, Guðm. Jónsson
Skúlason, Jón Jónsson, Þórleif
Árnadóttir og Helga Sveinsdóttir. —
Upplestrar maður: Anna Pétursdóttir
Sungið „Lof og þakkir hæðstum hljómi".

11. Fundi slitið.

Farið í leiki á eftir

Fundarstj:

Skrifarar
Lárus Þ. Blöndal
Þórey Ólafsdóttir

## 1 Fundur árið 1913.

Sunnudaginn 12 janúar 1913. Var Aðalfund=
=ur settur og haldinn í U. M. F. Tindastóll.
Í fundarsal Þess á Sauðárkróki."
Á fundinum gjörðist það er nú skal greina:
1 Formaður félagsins Sigurður Björnsson setti fundinn, og nefndi til ritara Jóhannes Pálsson og Jón Jónsson og dyravörð Ottó Eiríks
2 Sungið: Lof og þakkir hafðu hljómi o.s.f. - -
3 Lesin upp fundargerð frá síðasta fundi og hún samþykt í einu hljóði breitingarlaus.
4 Lesin upp viðveruskrá mættir á fundi 23 Félagsmenn.
5 Gjaldkeri félagsins (Páll Jónsson) Lagði fram ársreikninga félagsins, endurskoðaða af þaar til kvöddum mönnum. Var Aðalreikningurinn lesin upp, og kom þá í ljós að tekjur félagsins yfir árið
1912 voru 1242,12 aur. en útgjöld 1287,34 og Eignir félags=
=ins eftir virðingu 672,65. Þar næst var lesið upp athugasemdir þeirra manna er endurskoðað höfðu Reikninga félagsins, og einnig svör Gjaldkera, og hljóðaði það á þessa leið.
1 athugas. janúar 1912 Fylgiskjal 2 Vantar mánaðardag og

ártal. Svar:" (Gáleisi) Fylgiskjal 3 sama athg. Svar. (Sama:) Fylgiskjal 5 sama athg (Svar.? (Sama) Febrúar. Fylgiskjal 6. Ofreiknað á Olíu 0/05 (Svar) (Alveg rétt)
Marz: Fylgiskjal 7 dagsett 12/3 1911 [svar: á að vera 1912
Mai: Fylgiskjal 8. Gísli Jónsson) dagsett 1/6 1911 svar: (Á að vera 1/5 1912) Fylgiskjal 9 Ofreiknað um 0/03 Svar: (Mælist rétt vera) júní Fylgisk. 1 vasreiknað 0/50 Svar: Mælist rétt vera:
Félaginu ofreiknað útgjöld 1,80
Voru Reikningar félagsins með athg. og svörum borin upp til atkvæða, og voru þeir samþyktir í einu=
hljóði.
6 Móðurmálsvörðurinn. Kvaðst engin málefni hafa fram að færa.
7. Lögunum tekin til meðferðar. Og endurskoðun=
=ar nefndin skýrði frá starfi sínu. Lögunum því næst lesin upp gr fyrir gr til samþykt
1 gr samþykt breitingarl.
2 — — Með svohljóðandi breitingum.
(A liður) Breitingarlaus (B liður) Í stað orðanna Nýir félagar greiði við inngöngu hálftárstillag innan eins mánaðar (Komi) Nýir félagar greiði hálft árstillag innan eins mánaðar frá inngöngu. (C liður) falli burtu

3 gr. Samþykt breitingarlaus
4 — ——— sömuleiðis ———
5 ——— sömul. ~~6 gr. athugað frá Margeiri~~
~~Jónssyni~~ 6 gr. Uppá stúnga kom frá Margeiri
Jónssyni að orðið Aukafélagi væri felt burtu, en
það urðu nokkrar umræður og var svo uppástúng=
=an borin undir atkvæði og felt 14 atk. gegn 6
Var þarnæst gr borinn upp óbreitt og var hún
samþykt með öllum greiddum atk.
7 g samþ. breitingalaus. 8 gr Samþykt með svo=
hljóðandi breitingu, frá (Jóni Björnssyni) (Á eftir
orðunum ~~komi~~ brotlegur við lög félagsins: Komi
kvörtun af sjálfum sér af Stjórnarnefnd, eða af
einhverjum öðrum félagsmanni, á lögmætum
fundi, og skal hann þá tekin í sátt við
félagið ef hann óskar þess, og meirihluti
atkvæða fundarins samþykkir það — ella skal
hann rækur.
9. gr samþykt 10 samþykt 11 gr (Orðist svo)
Utanfélagsmenn mega sitja á fundum, og hafa
málfrelsi ef 2/3 hlutir mættra félagsmanna sam=
=þykkja það. Var hún borin upp og samþykt
12 gr Samþykt með því að felt verði í burtu. (Engum
félagsmanni. er heimilt að leyfa utanfélags
manni

þátttöku í þessum skemtunum 13 gr Samþ.
14 gr sömuleiðis 15 gr sömul. 16 gr sömul. 17 gr
(Bætist við) Reglugjörð þessari má breyta á Aðal=
=fundi ár hvert, ef meirihluti mættra félags=
manna óskar þess. Var hún síðan borin upp og
samþykt. 18 gr samþykt 19 gr sömul. 20 sömul.
21 gr (orðist svo) Lög þessi öðlast gildi á
Aðalfundi félagsins 1913. Voru Lögin síðan
borin upp í heild sinni og samþykt í einu hl.
8 Lesið upp blaðfélagsins Árgeislinn
9 Kennari Margeir Jónsson hélt mjög hugnæma ræðu
til formanns félagsins Sigurðar Björnssonar, að
henni endaðri kom hann með svohl. tillögu. (Stúdínsamþ.)
Fundurinn vottar (því) formanni Sigurði
Björnssyni þakkir fyrir starfsemi sína á félags=
sviðinu, og útnefnir hann hér með sem heiðursfélaga
Ungmennafélagsins Tindastóll." Var till. borin upp
og samþykt með öllum atkvæðum
10 Kennari Jón Björnsson. Gat þess að hann
væri búinn að ljúka við það starf sem á
hefði verið falið (að gjöra á síðasta fundi) Að
(samþykt hafði verið á síðasta fundi)
finna Pál Hallgrímsson og hvað hann að úrsögn
(sín)
Páls væri komin af misskilningi. Og hann tæki
úrsögn sína aftur.

11 Formaður félagsins Sigurður Björnsson. Gat þess að það yrði gengið að því að kjósa í stjórn félagsins til næsta árs. Kom þá fram svohl. till. frá Árna Daníelssyni studdri af Lárusi Blöndal: Félagið veitir þeim félagsmönnum sem ekki eru heimilisfastir á Sauðárkrók undanþágu frá stjórnarnefndarstörfum ef þeir óska þess. Till. borin upp og felt með 11 atk gegn 7. Samhliða kom till. frá kennara Margeir Jónssyni studd af Páll Jónssyni

Fundurinn lýsir yfir því, að meðlimir þeir, sem ekki eiga heimilisfestu á Sauðárkrók eru undanþegnir kosningu í stjórn félagsins. Till. sú borin undir atk. og felt með 15 atk gegn 3.

12 Því næst var kosið í stjórn félagsins. Kosningu hlutu þessir:

Jón Björnsson kennari með 22 atk
Margeir Jónsson — 16 —
Páll Jónsson Smiður 8 atk
Varastjórn Sigurey Ólafsdóttir — 6 atk.
– Guðrún J. Heiddal — 6 —
– Jóhannes Pálsson Smiður með 6 atk

13 Kosnir endurskoðunarmenn félagsreikninganna til næsta árs, og hlutu þessa kosningu Árni Daníelsson og Jóhannes Hallgrímsson

14 Tillaga kom frá kennara Jóni Björnssyni um að formanni félagsins væri gefin heimild til að skipa þjá menn í Húsnefnd til næsta árs. Till. borin upp og samþykkt. Skipaðir voru þessir Kennari Jón Björnsson Jóhannes Pálsson og Páll Jónsson.

15 Úrsagnir komu frá þessum Þorbirni Björnssyni í Þverárdal og Þórdysi Jóhannsdóttir á Sauðárkrók

16 Málefnamenn frá síðasta fundi kváðust ekki hafa neitt málefni nú.

17 . Upplestrarmaður ekki mættur. Ástæður fyrir því engar.

18 Formaður félagsins Sigurður Björnsson talaði mjög hjartnæmum orðum til félagsmanna og þakkaði þeim fyrir þann heiður sem sér hefði verið sýndur með till. þeirri sem hefði verið samþykkt fyr á fundinum, að endingu óskaði hann öllum félagsmönnum og félaginu (sem félags) góðs gengis í framtíðinni.

19 Skipaður Fundarsetjari til næsta fundar Þormóður Sveins.

20 Málefnamenn Birna Björnsdóttir Guðm. Jónsson

21 Blaðnefnd Geirlaug Jóhannesdóttir Guðrún J.

Heiðdal. Anna Sveinsdóttir
22 Skemtinefnd Rebekka Olafsdóttir Árni Daníelsson
Ragnar Jónsson
23 Uppiesturmaður Aldís Sveinsdóttir
24. Sungið: Vormenn Íslands o.s.f. Öll versinn
25 Fundi slitið
26 Farið í ýmsa smáleiki

Fundarstjóri

Skrifarar
Jóhannes Pálsson
Jón Jónsson

# 2 Fundur

Aukafundur var settur og haldinn í U. M. F. Tindastóll á Sauðárkróki í leigusal félagsins. Sunnudaginn 19 januar 1913.

Á fundinum gjörðist þetta

1 Formaður félagsins setti fundinn. Og skírði frá ástæðum fyrir því að fundur þessi væri haldinn

2 Útnefndir ritarar fyrir fundinn Jóh. Pálsson og Þorm[?]óð Sveinsson.

3 Svohljóðandi till. kom Leiknefnd félagsins
Leiknefndin telur nauðsinlegt fyrir sig að hafa leigusal Ungmennafélagsins, til allra umráða fram yfir Sýslufund, þó svo að það komi ekki í bága við leikfimina

Tillaga þessi var allmikið rædd, einkum af Formanni félagsins, og Formanni leiknefndar Árna Daníelssyni. Einnig talaði Guðrún Þ. Heiðdal í þessu máli, Og álit það ekki rétt, að leiknefndin hefði ~~[illegible]~~ algjörlega ótakmarkað ráð á húsinu yfir þennan tíma. Tillagan síðan borinn upp til atkv og samþykt með öllum greiddum atkvæðum. Mættir á fundi 16. Fundi slitið

Farið í ýmsa leiki.

Ritarar
Jóh. Pálsson
Þormóður Sveinsson

2. fundur

Sunnudaginn 26. jan. var fundur settur og haldinn í U.M.F. Tindastól í leigusal félagsins.

Á fundinum gerðist það er nú skal greina

1. Fundarstjóri Þormóður Sveinsson setti fundinn og nefndi til ritara. Sigurlaugu Björnsdóttir og Margreti Sigtryggsdóttir og dyravörð Ragnar Jónsson.
2. Sungið: „Eitt er landið ægi gyrt"
3. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykt.
4. Lesin upp fundargerð aukafundar einnig samþykt.
5. Lesin upp viðverubók mættir 21.
6. Jón Björnsson óskaði eftir að menn vildu hætta að reykja á fundum. Í því máli töluðu Margeir Jónsson og Árni Daníelsson. Síðan kom tillaga frá Jóni Björnsyni studd af Árna Daníelsyni svo hljóðandi: Ungmennafélagið bannar algjörlega tóbaksreykingar á fundum félagsins og vill það forkast sem unt er reyna að afstýra þeim einnig á þeim almennu innisamkomum er félagið gengst fyrir. Borin upp og samþykt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.
7. Annar málefnamaðurinn Guðmundur Jónsson kom fram með þá uppástungu hvort félagið vildi ekki koma á fót bókasafni. Því svaraði Jón Björnsson og kvaðst ekki sjá það fært sökum efna-skorts að gangast fyrir fleiri fyrirtækjum. Í þessu máli töluðu svo Árni Daníelsson og Guðmundur Jónsson.

Síðan kom tillaga frá Guðmundi Jónsyni svo hljóðandi: Fundurinn samþykkir að kosin sé 5 manna nefnd er gangist fyrir því að útvega félaginu peninga til að koma á fót bókasafni. Borin upp og feld eftir nokkrar umræður með 8 atkvæðum gegn 2.

8. Hinn málefnamaðurinn Birna Björnsdóttir gerði fyrirspurn til félagsins viðvíkjandi starf söngnefndar er kosin hafði verið fyr í vetur. Jón Björnsson svaraði þeirri fyrirspurn á þá leið að nefndin hefði þegar starfað nokkuð af veikum kröftum þó, en vonaði að hún gæti starfað betur framvegis.
9. Síðan hélt hann langa tölu viðvíkjandi misskilningi er orðið hafði í félaginu fyrir skömmu og risið hafði út af ákvæði félagsins um að hafa ekki salinn opin nema til kl. 12. Í því máli töluðu svo Árni Daníelsson þrisvar Margeir Jónsson þrisvar og Jón Björnsson tvisvar. Að lokum kom tillaga frá Árna Daníelsyni[1] en breitingar tillaga frá Jóni Björnsyni svo hljóðandi. Fundurinn ákveður að lána ekki leigusal félagsins til skemtana eftir kl. 12. að kveldinu nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi svo sem þar að nætur skemtunum verði ekki afstýrt hvort sem er. Samþykt eftir miklar umræður með 10. atkvæðum gegn 8.
9. Lesin upp sagan „Svanurinn" eftir Sigurbjörn Sveinsson.
10. Starfsmenn til næsta fundar. Fundarstjóri Guðmundur Björnsson Ritnefnd: Margeir Jónsson Rebekka Olafsdóttir og Olafur Heiðdal. Skemtinefnd Málfríður Friðriksdóttir Jóhannes Hallgrímsson og Dan. Daníelsson

[1] Að húsið sé eftir ástæðum lánað utanfélagsmönnum eftir kl. 12.

Upplestrarmaður Guðmann Gíslason, Málefnamenn Árni Danielsen og Sigurlaug Björnsdóttir.

11. Sungið: a ~~Eitt er landið ægi gyrt~~ Drottinn sem veitti frægð s[illegible] [illegible]
Fundi slitið.

Leikir og dans á eftir.

Fundarstj.
Jens. Þ. Sveinsson

Ritarar
Margrét Sigtryggsdóttir
Sigurlaug Björnsdóttir

3. fundur.

8. febr. var fundur settur og haldinn í U. M. F. "Tindastóll" í fundar-sal Jens á Sauðárkróki.

Á fundinum gjörðist þetta

1 Fundarstjóri Guðmundur Þ. Björnsson setti fundinn og nefndi til skrifara Bjarna B. Björnsdóttir og Önnu Þ. Sveinsdóttir

2 Sungið "Ég vil elska mitt land."

3. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Lesið upp blaðið "Argusinn".

5. Lesin upp viðurværisbók 2° máttir

6. Lesin upp úrsögn frá Guðmundi Guðmundssyni og Garði Jónssyni engar ástæður færðar fyrir úrsögninni.

7 Lagt fyrir fundinn áskorunarskjal frá sóknarnefnd þess efnis að félagið veitti kirkjunni fjárstyrk Jón Björnsson færði ástæður fyrir málinu og mælti með því, á móti málinu talaði Sigurður Björnsson og Árni Danielsson Margeir Jónsson talaði einig og kom að síðustu með ~~samþykkjandi~~ h. [illegible]

tillögu: „Felagið samþykkir að kjósa 3. manna nefnd til að leita frjálsra samskota fyrir kirkjusjóðinn."
tillagan samþykt með öllum atkvæðum
þessir voru kosnir í nefndina: ~~[illegible]~~
Margeir Jónsson með 19 atkvæðum
Jón Björnsson — 13 —
Guðrún Heiðdal — 5 —

8. Lesið upp bref frá stjórn sambandsþingsins, og var felaginu ~~tilk~~ kynnt að þingið byrjaði kl. 12 á hádegi 2. mars og staði yfir í þrjá daga 2. 3. 4. mars
9. Málefnamenn létu ekki til sín heyra.
10. Upplestrarmaður ekki viðstaddur.
11. Kosnir starfsmenn til næsta fundar.
Fundarstjóri: Una Pétursdóttir
Málefnamenn: Árni Daníelsson, Anna Sveinsdóttir
Ritnefnd: Páll Jónsson Aldís Sveinsdóttir
Páll Hallgrímsson
Skemtinefnd: María Jóhannsdóttir, Lárus Blöndal
Sigurlaug Björnsdóttir
Upplestrarmaður: Málfríður Friðriksdóttir
Sungið
Fundi slitið. Leikir og dans á eftir

Fundarstjóri
Ritarar
Birna B. Björnsd.
Anna Sveinsdóttir

# 4. Fundur

Sunnud. 23 febr 1913 var fundur haldinn í U.M.F. „Tindastóll" í lesusal ungmannaf.
Á fundinum gjörðist þetta:

1. Formaður setti fundinn þar fundarstj. var ekki kominn, og skipaði til ritara Ottó P. Eyjólfsson og Ragnar L. Jónsson og dyravörð Páll Jónsson
2. Sungið „Drottinn sem veittir"
3. Fundargjörð síðasta fundar lesin upp og samþykt
4. Lesinn upp „Ársritinn"
5. Lesin upp viðvörunskrá og voru mættir á fundi 17.
6. Felagsmál: Jón Björnsson skýrði frá því að það þyrfti að senda fulltrúa á sambandsþingið á „Akureyri" og óskaði hann þess að Jón Daníelsson tækist það starf á hendur, af því að hann ætlaði norður á „Akureyri". Var hann mættur á fundi og sagðist gjarnan vilja gera það fyrst hann færi norður, en gat þess um leið að hann væri ókunnugur málum felagsins. Jón Björnsson sagði að þau mál sem felagið helst vildi að

hann styddi að á þinginu yrði skýrð fyrir honum, og gat þess um leið að hann yrði að gerast félagi. Það var síðan borið upp og samþykt.

7. Jón Björnsson gat þess að það væri æskilegt að hafa svo fulltrúa á sambandsþinginu og stakk upp á því að Haraldur Björnsson sem væri fyrir norðan yrði þingm. fyrir þess. Það var síðan borið undir atkvæði og samþykt.

8. Páll Jónsson sagði að það hefði verið ákveðið í reglugjörð verðl. bikarsins að um hann yrði glímt vor og haust, en hann vildi láta breyta því þannig að glímt yrði um hann sumar og miðjan vetur. Í þessu máli töluðu: Jón Björnsson og Margeir Jónsson. Því næst kom svohljóðandi tillaga frá Margeiri Jónssyni studd af Jóni Björnssyni: Í staðinn fyrir orðin: vor og haust í 2. gr reglugerðar verðl. bikarsins komi: í febrúar og júní mánuði. Tillagan var borin undir atkvæði og

samþykt.

9 Tillaga kom frá Páli Jónssyni um að hinni gömlu glímunefnd yrði falið að annast um glímurnar. Tillagan var borin upp og samþykt.

10. Jón Björnsson bauð Jón Danielsson velkominn í félagið. Hann gat og þess [illegible] félaga: Guttorms Þórðarsonar [illegible] lést hér á [illegible] 21. febr. í.l.

11. Kosnir voru formenn til næsta fundar

Fundarstj. Jón G. Gíslason
Ritnefnd: Jósey Ólafsd.
Daniel Danielsson
Otto R. Ð. Eyjólfsk.
Málefnam. Guðm. Björnsson
Guðrún Heiðdal
Upplestram. Árni Daníelsson
Skemtin. Þorm. Sveinsson
Aldís Sveinsd.
Páll Hallgrímsson

12 Fundi slitið

Ritarar
Ragnar G. Jónsson
Otto R. Ð. Eyjólfsk.

5. fundur.

Ár 1913 sunnud. 9. ~~febrúar~~ mars var fundur settur og haldinn í U. M. F. „Tindastóll“ á Sauðárkróki í leigusal félagsins.

Á fundinum gerðist þetta:

1. Fundarstjóri Jón Guðmann Gíslason setti fundinn og nefndi til skrifara Dýrleifu Árnadóttur, og ennfremur Þormóðar Levinsen, með því að annar hinn upphaflega tilnefndi skrifari skyndilega vikinn úr starfanum.
2. Sungið „Hver er mestur ytra allra“.
3. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykkt án athugasemda.
4. Lesin upp viðverubók. 14 mættir.
5. Móðurmálsvörðurinn kom með örfáar athugasemdir.
6. Jón Björnsson skýrði því næst frá, að Jón Daníelsson verzlunarm. hefði farið fyrir skemmstu norður í Eyjafjörð og mundi hann mæta sem fulltrúi Ungmennafélagsins hér á Fjórðungsþingi Ungmennafélaganna á Akureyri um einmitt nú stæði yfir. Ennfremur gat hann þess að gerðar hefðu verið ráðstafanir (af félagsins hendi) til, að Haraldur Björnsson frá Veðramóti (sem nú er heimilisfastur á Akureyri) gæti mætt á Fjórðungsþingi sem annar fulltrúi félags vors, þótt hann sé eigi í því, en eigi gæti hann sagt um hvort það hefði gengið.
7. Árni Daníelsson talaði því næst nokkur orð um fjárhag ungmennafél. og gat þess, að eigi stæði hann nú sem stæði ískyggilegur. Félagið væri í töluverðri skuld, og ekkert fé fyrir hendi til að borga hana með. Útgjöldin af hinum sjónleiknum félagsins hefði orðið mjög lítill; annars gæti hann ekki gefið nákvæma skýrslu um það ennþá. Inn hefði komið fyrir þá nálægt 200. (tvö hundruð kr.) krónur. Kom hann því næst með svohljóðandi tillögu: „Fundurinn ákveður að kjósa þriggja manna nefnd til að athuga fjárhagsástand félagsins og störf þess, að undanförnu“. Í móti þessu talaði meðal annars málshefjandi Jón Konráð Björnsson. Tillagan Árna var því næst borin undir atkvæði og samþykkt. Kosningu hlutu:

   Árni Daníelsson með 11 atkv.
   Þórey Ólafsdóttir með 8 atkv.
   Jóhannes Pálsson með 7 atkv.

8. Lesið upp bréf frá oddvita sýslunefndar þar sem hann tilkynnir að sýslufundurinn hefði ákveðið að veita kr. 50 (fimmtíu krónur) úr sýslusjóði til sundskóla félagsins á komandi vori, og mundi hann greiða féð, þá er hann hefði fengið fullnægjandi skýrslu um kensluna. Jón Björnsson talaði því næst nokkrum orðum því viðvíkjandi.
9. Jón Konráð Björnsson skýrði því næst frá því, að samskot þau sem leitað hefði verið innan félagsins (til [illegible] kirkjunni) hefðu orðið fremur lítil, og ekki eins almenn og æskilegt hefði verið. En fyrir einsöng Þorbjarnar Björnssonar frá Veðramóti, sem stofnað hefði verið til í sama skyni og að undirlagi félagsins, hefðu komið inn um kr. 20. (tuttugu krónur)

10. Lesin upp arlögn úr félaginu frá gjaldkera þeim Páli Jónssyni, engar ástæður færði hann fyrir úrsögninni og rækningum félagsins hafði hann eigi skilið af sé.

11. Jóhannes Pálsson skýrði þeim frá sem glímunefndar manni, að skoppglíma um bikar sú hafði verið auglýst af nefndinni en enginn gefið sig fram, og því ekkert orðið úr ~~honni~~ glímunni.

12. Jón Björnsson kom fram með þá tillögu, að gefin tilefni, að ritarinn fundanna skyldu hér eftir gert að skyldu, að skýra þeim mönnum er eigi sátu á fundi, en teljum þó að vera kosnir til einhvers starfs til næsta fundar frá því, og hvaða starf það væri, nógum tíma fyrir næsta fund. Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt.

13. Þá talaði Árni Daníelsson um að sér þætti velviðeigandi að kaflar úr Íslendingasögunum ~~ætti~~ væru lesnir upp og skýrðir á hverjum fundi af þar tilvöldum mönnum. Í því máli talaði sem málshefjandi Jón Kennari. Þá kom Árni fram með svo hljóðandi tillögu „Upplestrarmanni skal gert að skyldu að lesa upp kafla úr Ísl.sögunum eða tala um eitthvað þeim viðvíkjandi." Var tillagan borin upp og samþykkt.

14. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar:

Fundarstjóri: Anna Sveinsdóttir

Ritnefnd: Þorey Ólafsdóttir Daniel Danielsson Óli R. Eyrbekk

Málsfræðimenn: Guðmundur Björnsson Guðrún J. Heiðdal

Skemtinefnd Dýrleif Árnadóttir Jóhanna Helgadóttir Guðm. Björnsson

Upplestrarmaður Árni Daníelsson

14. Sungið „Eitt er landið ægi girt"

15. Fundi slitið.

Skemt sér á eftir.

Fundarstjóri: Þór G. Guðmann

Ritarar: Bjarni Þ. Sveinsson, Dýrleif Árnadóttir

6. fundur.

Árið 1913, 24. (Janúar) marz hélt ungm.fél. „Tindastóll" fund í lígusal félagsins á Sauðárkróki.

Fundarstýra var Anna Sveinsdóttir.

Gerðir fundarins voru þessar:

1. Fundurinn settur kl. 4 e.h. og var þá sungið: „Dauðinn dó, en lífið lifir".
2. Fundarstýra nefndi til skrifara, Margeir Jónsson og Lárus Þ. Blöndal.
3. Lesin fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt athugasemdalaust.
4. Samkvæmt ósk hr. Kennara Sigurðss. frá Hólum, samþykkti fundurinn að leyfa honum að sitja á fundinum.
5. Kom beiðni frá Páli Jónssyni fyrverandi gjaldkera fél. um inngöngu í félagið og var hún samþykkt.
6. Lesin upp Viðverubókin. 18 mættir.
7. Ársritum- blað félagsins- lesinn upp.
8. Náttúrumálsvörðurinn benti á að í síðustu fundargerð stóð: „Að fara héðan frá Króknum norður á Akureyri." Þetta væri ekki

ónákvæmt, þó almenn málvenja hefði það svo, því Akureyri væri sunnar en S.krókur.
Taldi og skyldu sína að nota tækifærið til að leiðrétta þetta til réttari hugsunar og mest lagt að segja „austur" á Akureyri, miðað við Sauðárkrók.

9. Þá skýrði fulltrúi félagsins Jón Daníelsson frá gerðum sambandsþings norðl. ung.m.fél. og las upp áætlun um tekjur og gjöld sambandsins á næsta ári. Að öðru leyti vísast til skýrslu fulltrúans í þessu efni.

Í tilefni af þessu talaði Kennari Jón Björnsson og lét í ljósi skoðun sína yfir sumum gerðum sambandsþingsins.

10. Jón Björnsson kennari las upp ágrip af skýrslu yfir síðasta ársstarfsemi U. M. F. „Tindastóls" frá 1. jan. til 31. des. 1912 og ennfremur skrá yfir eignir félagsins.
11. Margeir Jónsson [illegible]: skýrði frá starfsemi nefndar þeirrar er kosin

var til að leiða samverdola Bringu-
sjóðinum til ágóða. Höfðu safnast,
með sjálfum samskotunum Kr. 13/75 og
inngangseyrir við samsöng nemenda Kr. 21/75
aurum, eða alls Kr. 35/50. Þeir til svo
fé þessa afhent sóknarpresti.
Um þetta töluðu Árni Danielsson
og Jón Danielsson.

12. Árni Danielsson las upp Kafla
úr Eyrbyggju.

Að þessum lestri gat Jón
Björnsson þess, að hr. Sigurður Sigurðs-
son Kennari flytti fyrirlestur
kl. 7 og gerði því að flýta fundin-
um, þar eð salurinn yrði notaður
til fyrirlestrarhaldsins.

Var því ekki tími til
frekari starfa.

Í stöðu til næsta fundar
skipaði fundarstjóra þannig:
Að stýra fundi: Páll Hallgrímsson.
Upplestrarmann: Jón Björnsson
Í skemtinefnd:
Margeir Jónsson
Sigurlaug Björnsdóttir
Jónu Jóhannesdóttur
Í viðtakanefnd:
Jóhannes Hallgrímsson
Anna Pétursdóttir
María Jóhannsdóttir.
Að hafa á hendi framsögu:
Guðmundur Björnsson, Guðríður Heiðdal
og Jón Danielsson.

Að síðustu var sungið:
Drottinn sem veittir.

Fundi slitið kl. 7. e.h.

Skrifarar:
Margeir Jónsson
Lárus J. Blöndal

Fundarstjóri:
Anna Sveinsd.

# 7. fundur

Árið 1913 Sunnudaginn 6. april, hélt ungmennaf. „Tindastóll" fund í leigusal felagsins Sauðárkróki

Fundarstjóri var Páll Hallgrímsson

Gerðir fundarins voru þessar

1 Fundurinn settur kl. 3½ eftir hádegi og var sungið Sjá vorgyðjan svífur
2 Nefndir skrifarar, Páll Jónsson, Aldis Sveinsdóttir
3 Lesin fundargerð síðasta fundar og var hún samþykt umræðul.
4. Lesið upp blað felagsins „Árgeislinn"
5 Lesin upp viðverubók og voru mættir 24.
6. Móðurmálsvörður skýrði frá nokkrum málvillum út af því urðu nokkrar umræður og töluðu Jón kennari Margeir kennari Jón Danelsen.
7. Felagsmál. Formaður gat þess að þar sem fyrverandi gjaldkeri Páll Jóns. sem hefði sagt sig úr Ungmennafélaginu væri nú, einnig og mönnum væri kunnugt orðinn meðlimur þess á ný, og mundi viðbúinn að taka við starfinu aftur, þá mund. að sjálfsögðu liggja fyrst fyrir að felagið tæki ákvörðun um það hvort fela ætti fyrverandi gjaldkera starfið aftur, eða varastöðumanni Jóhanni kennari Pálssyni, sem gengt hafði starfi Páls í fjarveru hans.

Um þetta var mikið rætt og töluðu þessir Margeir kennari ~~Jón kennari~~ Jón kennari Árni Danelsson Þórey Ólafsdóttir Guðrún Heiðdal Máli þessu lauk svo að J. Pálssyni var falið starfið.
8. Málsfram. Guðm. Björnsson, talað um uppbundarleysi, út af því urðu fjörugar ræður.
9. Var rætt um að halda skemtun ~~á~~ sumard. fyrsta kom mönnum ekki saman um hvernig henni skyldi hagað til, kom fram svo hljóðandi tillaga frá Guðm. Björnssyni „Fundurinn samþykkir að halda útskemtun á sumardaginn fyrsta innbindis fyrir félaga" breitingartillaga frá Árna Danelssyni svohljóðandi „Fundurinn samþykkir að halda útiskemtun á sumardaginn fyrsta eða um það leyti, sem allir hafa tíma að gang að.

Tillögurnar voru síðan bornar undir atkvæði og var sú fyrri (till. G B) samþykt, með öllum greiddum atkvæðum nema tveimur. Síðan var kosin þriggja m. nefnd til að annast undirbúning skemtunarinnar, og hlutu kosningu, Guðmundur Björnsson Margeir kennari og Geirl. Jóhannesdóttir
10. ~~Skipaðir starfsmenn~~ til næsta fundar ~~fundarstjóri~~ fundarstýra Geirlaug Jóhannesdóttir
Ritnefnd, Jóna Jóhannesdóttir og Jón Danílsen Dýrleif Árnadóttir.

Málefnanemi Lárus Blöndal Margrét Sigtryggsdóttir
Skemtun: Ragnar Jónsson Ottó Reykdal Anna Sveins
11 Sungið Vormenn Íslands
12. Fundið slitið, dans á eftir.

Skrifarar
Páll Jónsson
Helga Sveinsdóttir

Fundarstjóri
Páll Hallgrímsson

---

9. fundur

Ár 1913, sunnud. 20 april var fundur settur og haldinn í ungmennafjel. „Tindastóll" á Sauðárkróki, í leigusal fjelagsins. Á fundinum gjörðist það sem hjer segir:

1. Fundarstjóri Geirlaug Jóhannesdóttir setti fundinn og nefndi til ritara þá Jón Danielsen og Þormóð Sveinsson, og dyravörð Ragnar Jónsson
2. Sungið „Ó fögur er vor fósturjörð"
3. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt breytingalaust.
4. Lesið upp þakklætisávarp til fjelagsins frá Margrétu Jónsdóttur Sauðárkróki, fyrir peningaupphæð nokkra er fjelagið hafði gefið henni.
5 Þar sem ekkert hafði verið ritað í „Ársritinu", skoraði formaður fjelagsins á ritnefndina að færa fram ástæður fyrir þeirri vanrækslu. Jón Danielsen, er var einn í ritnefndinni kvað sér hafa verið ókunnugt um það fyr en samdægurs og fund átti að halda.
6. Lesin upp viðverubók og voru 15. meðlimir mættir.
7. Margrét Sigtryggsdóttir, sem á síðasta fundi hafði verið kosin til að koma fram með málefni nú, talaði nokkur orð um bráðlyndi. Nokkrar umræður urðu um það mál, og tóku þar til máls: Jón Björnsson Margrét Jónsdóttir og Jón Danielsen Marg. Sk.
8 Formaður fjelagsins mintist á óstundvísi fjelagsmanna og urðu

síðan allheitar umræður um það mál.

9. Margeir Jónsson skýrði með fáum orðum frá árangri nefndarinnar, sem kosin hafði verið til að sjá um skemtun, innbyrðis í felaginu, á sumardaginn fyrsta.

10. Þeir Haraldur Jóhannsson og Haraldur Sigurðsson báðust inngöngu í felagið, og var það veitt.

11. Jón Björnsson las upp kvæðið „Ísland" (Fortíðarland) eftir Hedin og emf. kafla úr sögu Gunnlaugs Ormstungu. Urðu síðan nokkrar umræður, er aðallega snérust um það hversu heppilegt það væri og uppbyggjandi, að kaflar úr Íslendingasögum væru lesnir upp og skýrðir á eftir hverjum fundi. Samþ. að las upp 1 kafli úr [illegible] Sömul. var upplestrarmanni þakkað fyrir lesturinn.

12. Margeir Jónsson og Jón Björnsson bauð hina nýju felagsmenn velkomna

13. Kosnir starfsmenn til næsta fundar þannig:
Fundarstjóri Jónína Helgadóttir
Málshefjendur: Sveinn Þ. Blöndal og Guðrún J. Heiðdal
Ritnefnd sú sama og áður (sbr. síðasta fundargerð).
Upplestrarmaður Rebekka Ólafsdóttir
Skemtinefnd Árni Daníelsson Margeir Jónsson og Þórey Ólafsd.

14. Sungið „Jeg vil elska mitt land"

15. Fundi slitið — Dans á eftir.

Fundarstjóri
Geirlaug Jóhannesdóttir.

Skrifarar
Þorm. Sveinsson
Jón Daníelsson

# 10. Fundur

Árið 1913 Sunnudaginn 4. Maí var fundur haldinn í Ungmennafélaginu „Tindastóll" í leigusal felagsins á Sauðárkróki.

Á fundinum gerðist þetta:

1. Fundarstýra Jónína Helgadóttir setti fundinn og nefndi til skrifara, Þóreyju Ólafsdóttur og Ragnar Jónsson dyravörð Dyravörður Árni. Á.
2. Sungið: „Þú vorgyðjan svífur."
3. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt með nokkrum breytingum.
4. Lesinn upp ritgerðinn af formanni ritnefndar.
5. Viðvarubók lesin. Mættir á fundi 15
6. Margeir Jónsson skýrði frá störfum skemtinefndar þeirrar, sem undirbjó útiskemtun þá, er haldin var innbyrðis í felaginu á sumardaginn fyrsta, hann gaf einnig yfirlit yfir skemtanina. Samkoman var sett í leigusal felagsins kl. 1 og þá sungið; síðan gengin skrúðganga út á Eyrina með fánann í fararbroddi; þá sungið er útettir kom, og síðan farið í ýmsa leiki; að þeim loknum var gengið suður í salinn þar sem samkoman var sett. Og þar voru að endingu haldnar tölur þar, sem búið var að bja að halda úti frá, en fyrst fyrir sökum þess hve veðrið var orðið kalt.
7. Málshefjandi: Guðrún Heiðdal talaði um framför og afturför. Í því máli töluðu auk Guðrúnar Jón Björnsson og Margeir Jónsson

8. Jónína Helgadóttir kom með þá tillögu að Ungmennafélagið gæfi minningargjöf til heilsuhælisins á Vífilsstöðum, eftir Guðrúnu sálugu Þórðardóttur, sem var meðlimur félagsins. Í því máli töluðu Jón Björnsson og Margeir Jónsson.
Tillaga kom frá Margeiri um að stjórn félagsins væri falið að annast um minningargjöfina og var það samþykkt.
9. Úrsagnir komu frá Otto Davíðssyni og Ólafi Heiðdal.
10. Upplestrarmaður Rebekka Ólafsdóttir las upp kvæði úr Grettisljóðum.
11. Jón Björnsson þakkaði fyrir upplesturinn og talaði nokkur orð til félagsmanna.
12. Sungið: Vormenn Íslands, og Upp þér raddir Íslendinga

Fundi slitið.
Dansað á eftir dálitla stund.

Fundarstýra
Jónína Helgadóttir

Ritarar
Þórey Ólafsdóttir
Ragnar Jónsson

## 11. Fundr.

Sunnudaginn 26/10 1913, var fundr haldinn í U. M. F. „Tindastóll" kl. 4½ e.m. í (B) barna skólahúsinu Sauðárkrók.

1. Fundr settr af formanni félagsins og sungið Eldgamla Ísafold. Skrifari Jóh. Valdr. fyrir Gudm. Sveinss.
2. Lesin upp fundargerð frá síðasta fundi, borin upp og samþykkt.
3. Í félagið gekk Brynleifr Tobiasson.
4. Formaðr vakti máls á því at félagið þyrfti at hugsa sér fyrir húsnæði í vetr. Í því máli töluðu auk formanns: Árni Dan. Brynleifr. Tobiasson.
Tillaga kom frá Árna Dan. um at kjósa 3. manna nefnd til at tala við Gunnar Sigurðsson veitingamann hér á Sauðárkr. um lán á húsnæði í vetr. Hámark leigunnar skyldi vera 120,00 kr. væri húsið tekið allan vetrinn. En væri sýslufundarvikan undanþegin skyldi hámark vera 80,00 kr. Breytingartillaga kom frá Brynleifi Tobiassyni, at hámark leigunnar skyldi vera 100,00 kr. at undanteknum sýslufundar vikunni

Báðar tillögurnar voru studdar og síðan
bornar upp til atkvæða. Breytingartill. feld
aðaltillagan samþykt.

5. Þvínæst var kosið í nefndina og hlutu
þessir kosningu:

Brynleifur Tobiasson 6 atk.
Árni Dan. 5 —
Jóh. Pálsson 4 —

6. Þvínæst las formaður upp úrsagnir frá
þessum fjelögum: Anna Sveinsd.
Unn Pétursd., Guðrún Heiðdal, Sigurleif Arnad.
Málfríður Friðriksd.

7 Kosnir starfsmenn til næsta fundar.

Fundarstj.: Brynleifur Tobiasson
Ritnefnd: Jóhannes Pálsson
Þorey Ólafsd.
Jón Guðmann Gíslason
Upplestrarm.: María Jóhannsd.
Málefnam.: Haraldur Sigurðsson
Skemtinefnd: Árni Dan
Lára Blöndal
Jóna Jóh.

Fundarstjóri: Fundi slitið Ritarar:
Jón Þ Björnsson
Jóhannes Pálsson
Jón Guðmann Gíslason

12. fundur

Sunnudaginn 2. Nóvemb. var aukafundur settur og haldinn kl. 4½ e.m. í barnaskólanum á Sauðárkrók.

1. Formaður setti fundinn og skýrði frá því að nefndin sem kosin var til þess að útvega fjelaginu húsnæði til fundarhalda hefði nú tilboð með höndum

2. Brynleifur Tobiasson formaður nefndarinnar skýrði frá því að Gunnar Sigurðsson væri fáanlegur til þess að leigja fjelaginu sýslufundarsalinn, að undanskilinni sýslufundarvikunni til 14 maí n.k. fyrir kr. 85,oo og kvað það vera sína tillögu að taka þessu boði, litlar umræður urðu um málið, var það síðan borið undir atkvæði og samþykt með öllum atkvæðum að ganga að áðurnefndu tilboði

3. Kom fram tillaga um að fela formanni fjelagsins að ráða þessu máli til lykta og undirskrifa leigusamning fyrir fjelagsins hönd

4. Erindi kom fram frá gjaldkera fjelagsins svo látandi: Hann kvaðst ekki geta haldið áfram gjaldkerastörfum þar sem hann væri á förum hjeðan. Fleyri mál voru ekki

til meðferðar á fundinum.
Fundi slitið
Fundarstjóri
Jón Þ. Björnsson
Ritarar
Jón Daníelsson

13. fundur.

Ár 1913 Sunnud. 30 Nov. Kl. 5½ var fundur haldinn í Ungmennafél. "Tindastóll" í leigusal félagsins á Sauðárkróki

Á fundinum gerðist þetta.

1. Formaður félagsins Jón Þ. Björnsson setti fundinn sökum þess að fundarstj. Brynleifur Tobíasson var fjærverandi; og nefndi til skrifara Harald Sigurðsson og Jónu Jóhannesdóttir.

2. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykkt athugasemdalaust.

3. Viðvemdarskrá lesin upp, mættir á fundi 14.

4. Í félagið gengu
Jón Einarsson
Margrét Eyjólfsd.
Jón Jónsson
Halldór Halldórsson,

5. Þrír utanfél. menn óskuðu eftir að mega sitja á fundi og var það samþykkt

6. Skýrði þá fundarstj. frá að leigusamningar hússins væri þegar fullgjörðir fyrir kr. 85.00

7 Form. fél. lagði fram skýrslu
yfir störf sín f. fél. viðvíkjandi
Gróðrarreit og Sundpallinum
og gat hann þess að stækka þyrfti
Sundpallinn sem svaraði 10 dagsv.
og að aðeins unnið við gróðrarreit.
hefði verið unnið af meðl. fél.
Sömuleiðis að uppskeran mundi
hafa verið s.s. 22 tn. sem svaraði
kr. 150–60 (.

8. Úrsögn úr fél. kom fram á
fundinum frá þessum.

Margrjet Jóhannsdóttir

Rögnvaldur Jónsson.

9. Næst gat fundarst. þess að
gjaldkeri hafði verið í fél. og
þarafl. þyrfti nú að kjósa gjaldk.
var þá stungið upp á Páli Jónas.
og gengið til atkvæða um það
og var hann samþ. (með öllum
atkvæðum).

10 Fundarst. gat þá þess að
þar sem aðalritari félagsins
væri nú fjarverandi hefði

verið ritari sjálfkjörinn ritari sem
var Þórey Ólafsdóttir, og var hún því
skipuð aðstoðarritari í stað hins fjarverandi.

11 Tillaga kom fram frá Árna Daníels-
syni hljóðandi.

Fundurinn samþykkir að
veita þeim fél. sem ganga í fél. á tíma-
-bilinu frá 1 Des. (1913) til 15 Jan n.k.
undanþágu frá árstillagi því sem
ákveðið er í lögum félagsins.
til jafnlengdar næsta árs.
Tillaga þessi var rædd, og síðan
borin undir atkvæði, og samþ. með
6 atk. gegn 2.

12. Önnur tillaga kom frá Árna Daníels
með að leigja húsið til leikfimi
yfirstandandi vetur fyrir kr. 55,00
og var sú tillaga samþ.

13. Form. fél. gat þess hvort ekki
mundi hægt að gjöra eitthvað
til ágóða fyrir félagið í vetur.
Kom þá fram tillaga frá Árna Daníels
syni hljóðandi að kosin væri 5 manna
nefnd þessu til framkvæmdar

og hlutu kosningu þessir
Arni Danielsson með 10 atkv.
Guðm Björnsson — 9 —
Þorey Olafsd. — 9 —
Jón Danielsson — 6 —
Jóna Jóhannesd. — 4 —

14 Kom þá Arni Danielsson næst fram með tillögu um að þessi framkvæmdarnefnd hefði ótakmarkað vald yfir húsinu.
Var tillaga þessi mikið rædd. en aldrei samþykkt.
Þá næst voru kosnir starfsm. til næsta fundar og hlutu kosta. þessir

Fundarstj. Brynj. Tobíasson
Málsfrum. Haraldur Sigurðsson
Ritnefnd. Jón Danielsson
-"- Arni Danielsson
-"- Jóna Jóhannesd.
Upplestrarm. Þorey Olafsdóttir
Skemtinefnd. Guðm Björnsson
-"- Jóns Blöndal
-"- Júlíana Helgadóttir

Fundi slitið.
Dags á eftir

Fundarstjóri
Jón J. Björnsson

Ritarar
Har. Sigurðsson
Jóna Jóhannesdóttir

# 14. fundur

Ár 1913 sunnudaginn 14. Desemb. kl. 4. e.m.d. var fundur haldinn af U. M. F. Tindastóls í Teigusal þess á Sauðárkrók

1. fundarst. Brynleyfur Tobíasson setti fundinn og nefndi til dyravarðar Guðm. Björsson, og skrifara Þórey Olafsdóttir og Jón Daníelsson at því loknu var sungið „Eldgamla ísafold" og lesin fundargerð frá síðasta fundi.
2. Lesið blað fjelagsins
3. upptöku í fjelagið óskuðu þessir: Ragnar Jóhannesson, Jón P. Jónsson, Guðmundur Jósepsson, Guðrún Bjarnadóttir Kristín Þorfinnsdóttir Sigurbjörg Jónsdóttir, Tanney Jónsdóttir, Þorbjörg Kristjánsdóttir og Eiríkur Kristjánsson, var öllum þessum sálum veitt samileg viðtaka, þó verður að geta þess at form. fjelagsins Jón Björnsson hafði það að athuga við upptöku Jóns Pálma Jónssonar at hann ætti ógoldinn inngangseyri frá því at hann hefði verið fjelagi áður, jafnvel hefði hann synt fjelaginu ókurteysi og kom fram með svo hljóðandi tillögu: Fjelagið samþykkir hr. Jón Pálma Jónsson því aðeins at hann borgi inngangseyri frá því hann síðasta sinni gekk í fjelagið og biðji afsökunar á framkomu sinni þá, gagnvart fjelaginu. Útaf tillögu þessari urðu nokkrar umræður Jón P. Jónsson kvaðst ekki vilja biðja afsökunar nje greiða inngangsgjaldið, en þrátt fyrir [þetta] ~~þó Jón P. Jónsson sje af sumum talin hafa ta maður~~ þá lauk máli þessu fyrir tilstyrk vina hans innan fjelagsins þannig at tillagan var feld með öllum þorra ~~fjelagsmanna~~ atkvæða og Jón gjörðist fjelagi.
4. Lesin upp virðabók og voru mættir 18. fyrir utan nýja fjelaga.
5. Mótunmálsvörðurinn: Það embætti fylti at ~~eins~~ einu sinni maður, Jón Björnsson, þetta þótti ótilhlýðilegt at láta hann sitja einn í svo veglegri stöðu kom þá svo hljóðandi tillaga frá Árna Daníelssyni: at Jón Björnsson nefndi sjer einn mann í starfið og hann þann næsta og svo koll af kolli; tillaga þessi var samþykkt, og hans Jón. Brynleyf Tobíasson, Brynleyfur Árna Daníelsson Árni Jón P. Jónsson, Jón Sigurbjörgu

Pálsdóttir, lauk svo þessari halarófukosningu.

6. Fundarstjóri bað því næst málshefjanda Harald Sigurðsson, samkvæmt skyldu sinni framsögu á umræðuefni, en Haraldur kvaðst ekkert mál tilbúið hafa en gat þess líka um leið að einhverjir af fjelagsmeðlimunum sínum mundu hafa meira en nóg umræðuefni.

7. Kom úrsögn úr fjelaginu frá Þormóði Sveinssyni

8. Kom tillaga frá Árna Daníelssyni svo hljóðandi: Fundurinn samþykkir að veita samkomunefnd þeirri, sem kosin var á síðasta fundi, ótakmarkað umráð yfir leigusal fjelagsins, þó svo að það komi ekki í bága við leikfimi eða reglulega fundi. Viðauka tillaga frá Jóni Björnssyni Nýi komi í bága við gildandi reglur fjelagsins. Eftir nokkrar umræður var aðal tillagan samþykt með 13 atkv. gegn einu en viðauka tillagan feld.

9. Árni Daníelsson gat þess að kvennfjelagið óskaði eftir að fá húsið lánað hjá ungmennafjelögum milli jóla og nýárs. Talsverðar umræður urðu um hvort fjelagið ætti að lána utanfjelagsmönnum húsið eftir kl. 12. formaður fjelagsins taldi ósanna fyrir fjelagið að ganga á sínum eiginreglum jafnvel þó fjelagið liði peningalegan halla við það, var hann eindreginn á móti því að lána húsið til gleðifunda eftir kl. 12 á kvöldin, kom þá tillaga frá málshefjanda svohljóðandi: Fundurinn samþykkir að fylgja þeim reglum til næsta vors að lána leigusal sinn eftir kl. 12: þegar þess er beiðst af utanfjelagsmönnum. Tillagan samþykt af öllum atkv. gegn tveimur

10. Guðmundi Björnssyni falið að kaupa harmoniku og safna samskotum frá fjelagsmönnum fyrir hana, samþykt með öllum atkvæðum

11. Páll Jónsson lagði fram svohljóðandi tillögu: Fundurinn samþykkir að kjósa 3 menn í nefnd til þess að sjá um glímuverðlaun og glímur í vetur, tillagan samþykt, kosningu hlutu Jón P. Jónsson Eiríkur Kristjánsson og Páll Jónsson

12. Formaður fjelagsins talaði um að æskilegt

væri að Ungmenna fjelagar söfnuðu upphæð til þess að gjöra einhverjum glatt nú um jólin eins og að undanförnu. Tillaga kom fram: Að fela stjórninni framkvæmd á málinu og var hún samþykt með öllum atkvæðum

13\. Þórey Ólafsdóttir las upp söguþátt Brands Örfa og kvæði, sem heitir „Friðarraddir"

14\. Þar næst voru kosnir starfsmenn til næsta fundar og hlutu þessir:

Fundarst. Rebekka Ólafsdóttir
Málefnam. Jón Daníelsson
Ritnefnd Fanney Jónsdóttir
Haraldur Júlíusson
Jón Björnsson
Upplestur. Guðm. Björnsson
Skemtinefnd Jóhannes Pálsson
Þórey Ólafsdóttir
Guðm. Jósefsson

Fundi slitið

Brynleifur Tobiasson

~~Ritnefnd~~ Ritarar
Jón Daníelsson
Þórey Ólafsdóttir

## 15. Fundur.

Sunnudaginn 28 Desember 1913, var haldinn fundur í U. M. F. „Tindastóll" í leigusal fjelagsins. Fundarstjóra Rebekka Ólafsdóttir setti fundinn kl. 4½ síðdegis.

Á fundinum gjörðist þetta er nú skal greina

1\. Útnefndi til fundarskrifara Jónínu Helgadóttir og Jóhannes Pálsson Dyravörð Ragnar Jóhannesson

2\. Fundargjörð lesin upp. Jón Pálmi hafði það við fundargjörðina að athuga, að hann var þar nefndur hávaðamaður, og einnig ekki teknar fram þær ástæður er hann bar fyrir sig á síðasta fundi. Síðan lagði Jón Pálmi fram svohljóðandi tillögu fyrir fundinn:

Fundurinn álítur að ritaranum síðasta fundar hafi láðst að geta ástæða þeirra, sem Jón Pálmi bar fyrir sig í 4. lið fundargerða síðasta fundar sem voru: að hann sjálfur hefði ekki móðgað fjelagið með neinu öðru en neita að sækja fundi fjelagsins og álíta sig sem utanfjelagsmann þar sem hann hefði verið móðgaður með ~~skamma~~ grein í blaði fjelagsins. Sömuleiðis álítur fundurinn orðið hávaðamaður sje ekki viðeigandi

um áður nefndan Jón Pálma í fundargerðabók fjelagsins. Um þessa tillögu urðu allmiklar umræður, þar til Árni Daníelsson lagði fram fyrir fundinn svohljóðandi tillögu: --
Fundurinn samþykkir að draga út úr fundargerðinni setninguna: „Af sumum talinn hávaðamaður“ og bæta inn í hana í staðinn Jóns Pálma fyrir að hann ekki borgaði inngangsgjald sitt og beðið fjelagið fyrirgefningar.
Þessi tillaga var borin upp til atkvæða og var hún samþykkt. Síðan var fundargerðin borin upp í heild sinni með þessum breitingum og samþykkt
3. Guðmundur Jónsson bað um samþykki fundarins að leifa einum utanfjelagsmanni að sitja á fundinum Eggert Kristjánssyni og var það samþ.
4. Blaðið „Árgeislinn“ lesinn upp
5. Upptöku í fjelagið óskuðu þessir: Snæbjörn Sigurgeirsson Þórunn Stefánsdóttir Dýrleif Árnadóttir og voru þeir samþyktir
6. Viðveruskrá lesin upp og voru 26 mættir
7. Móðurmálsvörðurinn kom með sínar athugasemdir er voru fremur litlar
8. Samskotanefndin skýrði frá sínu starfi og lagði fram gjafalista er var að upphæð 21.46 og með viðbættu úr fjelagssjóði 25.00 og þessari upphæð hafði nefndin úthlutað fátækum. er hún einnig tilgreindi.
9. Jón Pálmi las upp frumsamið kvæði er hann nefndi Brimhljóð.
10. Málefnamaður tók til máls og gat þess að hann hefði ekki hugsað sjer neitt sjerstakt málefni til umræðu, og ljet bera það undir fundinn hvort fundurinn óskaði eftir því að hann gæti eitthvað til sín heyra. þarsem þessi fundur væri orðinn æði langur og fremur kalt í salnum eða geima það til næsta fundar og var það borið upp til atkvæða hvort heldur skyldi gjöra og var það samþykt að fresta ekki málefninu til næsta fundar.
Tók þá málefnamaður til máls og gat þess að hann hefði verið að hugsa um eitthvert það málefni, sem flestir mundu ræða og hvað það einna heppilegast að tala um saman burð á sveitalífi og kaupstaðalífi En sökum þess hve fáir voru eftir er sátu fundinn, fanst fundinum það réttar að fresta málefninu til næsta fundar, því menn álitu að flestir vildu

klusta á það og var það borið upp til atkv-
æða og var það samþykt að fresta því til
næsta fundar
11. Formaður kom með svohljóðandi tillögu:
Að gefnu tilefni frá síðasta fundi samþykkist
til að fyrirbyggja ~~allan~~ misskilning, að sjálf-
sögðu eru allir starfsmenn fjelagsins bundnir
öllum gildandi lögum og reglum þess.
Tillagan borin upp og samþykt með öllum atkvæð.
12. Kosnir 3 menn í nefnd til að endurskoða
lögin og hlutu þessir kosningu Jón Daníelsson
með 13 atkvæði Árni Daníelsson með 10
Haraldur Juliusson með 4.
13. Kosnir starfsmenn til næsta fundar
Fundarstjóri sjálfkosinn formaður
Upplestrarmaður Guðmundur Björnsson
Ritnefnd Guðmundur Jónsson Eiríkur Kristjánsson
Sigurbjörg Ósmann
Skemtinefnd Dýrleif Árnadóttir
Páll Jónsson Guðm. Jósefsson
Síðan var sungið eitt lag
og fundi slitið
Rit~~nefnd~~ arar Jóhannes Pálsson
Jónína Helgadóttir

# 1. fundr árið 1914.

Ár 1914, hinn 11. d. januarmán. var
aðalfundr Ungmennafélagsins „Tinda-
stóll“ settr og haldinn kl. 3½ síðd. í
leikssal félagsins.
Formaðr félagsins, Jón Þ. Björnsson
kennari, setti fundinn og nefndi til
skrifara fyrir fundinn þá Brynleif
Tobiasson kennara og Snæbjörn Sigur-
geirsson bakara.
Dyravörðr var tilnefndr Haraldr Sigurðsson.
Þetta gerðist á fundinum:
1. Sungið: „Í reginhafi liggur land.“
2. Lesin upp fundargerð síðasta fundar
og samþykkt.
3. Lesið upp blað félagsins „Árgeislinn.“
4. Lesin viðveruskrá. Mættir á fundi 21.
5. Lög félagsins. Nefnd sú, er kosin
var á síðasta fundi til þess að endr-
skoða lögin, kom fram með tillögur
sínar.
Voru lögin lesin upp og tillögur nefnd-
arinnar.

1. gr. sþ. án breytinga.
2. gr. sþ. með svohljóðandi viðaukatillögu frá nefndinni við staflið c: „Þó skal fundarsamþykkt frá 30. Nov. síðastl. snertandi þetta ákvæði standa óbreytt."
3. gr. sþ. óbreytt.
4. gr. sömuleiðis.
5. gr. sþ. með svohljóðandi viðaukatillögu frá nefndinni: Eftir orðunum: Í stjórn félagsins skulu vera 3 menn: formaðr, ritari og gjaldkeri, komi: „og 3 til vara, og skal formaðr kosinn fyrst og svo hver af öðrum og varastjórn sömuleiðis. Nú gengr einhver úr stjórn félagsins eða varastjórn, og skal þá kjósa nýjan mann í varastjórn á næsta fundi." Síðasta málsgrein greinarinnar: „Stjórnin ... sér", falli burt.
6. gr. sþ. með viðaukatillögu nefndarinnar er verði c liðr svohljóðandi: „Skyldr er gjaldkeri að leggja fram mánaðarreikninga fyrir vetrarmánuðina."
Brt. nefndarinnar við þessa grein, að á eftir orðunum: sem nægilega er boðaðr, komi:

„ef sjö meðlimir óska þess" var felld.
7. gr. sþ. óbreytt.
8. gr. sömuleiðis.
9. gr. sömuleiðis.
10. gr. sþ. ~~(óbreytt)~~ með svohljóðandi viðaukatillögu frá nefndinni: Eftir orðunum: sem nægilega er boðað (og settr) komi: „og haldinn."
11. gr. sþ. með svohljóðandi tillögu nefndarinnar: „Þó getr sami maðr ekki fengið leyfi til að vera á meir en tveimur fundum, án þess að gerast félagi."
12. gr. sþ. með svohljóðandi viðaukatillögu frá nefndinni: „Engum félagsmanni er heimilt að leyfa utanfélagsmönnum þátttöku í þessum skemmtunum."
13. gr. sþ. óbreytt.
14. gr. sömuleiðis.
15. gr. sömuleiðis.
16. gr. sömuleiðis.
17. gr. sömuleiðis.
18. gr. Sömuleiðis, með þri brt. Brynl. S., að í stað ~~19. gr.~~ orðanna: sömu hugsjónum, komi: „kristilegum og þjóðlegum."

19. gr. stþ. í einu hljóði óbreytt.
20. gr. Sömuleiðis.
21. gr. Sömuleiðis.
Lögin í heild sinni samþykkt með áorðnum breytingum.

6. Reikningar félagsins.

Endurskoðendr lýstu því yfir, að þeir hefði aðeins endurskoðað mánaðarreikninga, en eigi aðalreikninginn. Formaðr las upp eignareikning félagsins fyrir árið 1913.
Í tilefni af því, að aðalreikning félagsins yfir tekjur og gjöld fyrir árið 1913 vantaði, bar Brynleifr Tobiasson fram svohljóðandi rökstudda dagskrá, er samþykkt var í einu hljóði:
„Í trausti þess, að gjaldkeri félagsins semji reikning yfir tekjur og gjöld félagsins 1913 og leggi fyrir næsta félagsfund, þá tekr fundrinn fyrir næsta mál á dagskránni."

7. Kosin stjórn félagsins.[x)]
Formaðr var kosinn Brynleifr Tobiasson kennari með 12 atkv.
Næst fekk Haraldr Júlíusson 11 atkv.
Ritari var kosinn Haraldr Júlíusson verzlunarmaðr með 9 atkv.
Næst fekk Jón Daníelsson 8 atkv.
Gjaldkeri var kosinn Páll Jónsson smiðr með 13 atkv.
Næst fekk Haraldr Sigurðsson 6 atkv.
Þessu næst hélt Sigurðr Björnsson á Veðramóti ræðu, bauð hina nýju menn velkomna í stjórnina, þakkaði fráfarandi stjórn störf í félagsins þarfir og hvatti til samheldni og alvöru í félagsstarfinu.
Hinn nýkosni formaðr þakkaði það traust, er sér hefði verið sýnt með þessari kosningu. Þakkaði fráfarandi formanni hin margháttuðu og miklu störf hans um mörg ár í félagsins þarfir. Óskaði góðrar samvinnu í framtíðinni við stjórnarnefndarmenn og félaga til heilla fyrir félagsskapinn. Kvaðst hann vona, að félagar minntust hins göfuga tilgangs félagsins og hefðu fyrir augum

x) Lýsti form. fél. Jón Þ. Bj. því yfir, að hann með engu móti tæki endrkosningu í stjórn fél. —

sér hið háleita takmark hans.
Þessu ~~(stjórn)~~ næst var varastjórn kosin.
Fell sú kosning á þá leið, er hér segir:
Varaformaðr var kosinn Jón Danielsson
verzlunarmaðr með 6 atkv.
Vararitari var kosinn Haraldr Sigurðsson
verzlunarmaðr með 5 atkv.
Gjaldkeri var kosinn Jóhannes Pálsson
smiðr með 9 atkv.
Endrskoðunarmenn voru kosnir í
einu hljóði þeir Daniel Danielsson
letrgrafari og Jóhannes Hallgrímsson
verzlunarmaðr.
Þá talaði þáfarandi formaðr. Óskaði
hann hinni nýju stjórn til hamingju og blessunar. Óskaði félaginu
allra heilla í framtíðinni.

8. Lesið upp bréf frá ritara Norðlendingafjórðungs í Sambandi U.M.F.
Umræðum og úrslitum ~~(máls)~~ bréf þetta snertandi frestað til næsta fundar.

9. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar þannig:
Fundarstjóri: Haraldr Júlíusson.
Ritnefnd: Brynleifr Tobiasson,
Jóhannes Hallgrímsson,
Þorbjörg Kristjánsdóttir.
Málefnaframaðr: Sami (Jón Danielsson).
Upplestrarmaðr: Sami (Guðm. Björnsson).
Skemmtinefnd: Sigríðr Fanney Jónsdóttir,
Snæbjörn Sigurgeirsson,
Haraldr Sigurðsson.

Fundi slitið.

Ritari:
Brynleifr Tobiasson.

Sigurgeirsson

# 2. fundur.

Ár 1914. 30 jan. var fundur settur og haldinn í U.M.F. Fundastall kl. 9½ s.d. í leigusal fjelagsins.

1\. Fundarst. Haraldur Júlíusson setti fundinn og nefndi til skrifara Jón Daníelsson og Harald Sigurðsson, dyravörð Guðmund Jónsson sungið lagið Eldgamla ísaf.

2\. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt án breytinga

3\. Lesið upp blað fjelagsins „Argeisli“

4\. Lesin vitveru skrá, mættir 17 meðlimir

5 Fundarstjóri kvað ekki fleyra liggja fyrir fundinum og bað því næst málefna-mann Jón Daníelsson að taka til framsögu á málefni. Jón kvaðst lítt við þessu búinn, enda væri orðið svo álitið dags að lítill tími yrði til umræðu. Árni Daníelsson kvað Jón skildast að vísa fram málefni, svo að hann Jón kvaðst hafa hugsað sjer að tala um saman burð á sveita og kaupstaða lífi og talaði um það nokkur orð, til máls tóku og Brynleyfur Tobíasson og Rebekka Ólafsdóttir. Brynleifur skoraði á framsögumann að koma fram með tillögu og bar hann þá fram svo hljóðandi tillögu: Fundurinn lítur svo á að sveitalíf hafi yfir höfuð fleyri kosti fram að telja en kaupstaðarlíf. Tillagan samþykt í einu hljóði

6\. Lagður fram ársreikningur fjelagsins ásamt mánaðareikningum og voru þeir samþyktir

7\. Formaður las upp brjef frá fjórðungs-stjórn Norðlendinga fjórðungs, áhrærandi það hvort fjelag vort vildi ekki taka þátt í og leggja fram sem svaraði 10 aurum af hverjum meðlim fjelagsins í verðlaunasjóð Norðlendinga-fjórðungs

Formaður áleit hæpið að taka þátt í þessu þar sem maður þekti ekki skipulagsskrá þessa verðlaunasjóðs jafnvel þó vitanlegt fjórðungsins væri til hennar í gömlu Norðurlandi; en

þess að tilgreina tölublað. fundurinn
var einróma í því að sinna ekki
þessu erindi

8. Gjaldkeri fjelagsins skýrði frá því að
einn af meðlimum fjelagsins Ágúst
Hreggviðsson ætti ógreidd ~~tvö~~ eitt árstil-
lög í fjelagið og bar undir fundinn hvað
gjöra skildi.

Brynleifur Tobíasson áleit
að meðan þessi væri búinn að fyrir-
gjöra rjetti sínum gagnvart fjelaginu
en taldi rjett að stjórn fjelagsins talaði
við hann, áður honum væri vísað
burtu

9. Guðmundur Björnsson las upp kafla
úr Grettisljóðum

10 Stjórn til næsta fundar
Fundarst. Þórey Ólafsdóttir
Málefnam. Fanney Jónsdóttir
Upplestrarm Jón Einarsson
Skemtinefnd Fanney Jónsd.
Snæbjörn Sigurgeirss
Haraldur Sigurðsson
ritnefnd Árni Daníelsson
Guðm. Björnsson
Rebekka Ólafsdóttir

Fundi slitið og sungið Táp og fjör og
f.v. engin „dans"

Ritarar.

Fundarstjóri
Haraldur Guðmundsson

Jón Daníelsson
Har Sigurðsson

Ressoú

## 3 fundur

Sunnudaginn 15 Febrúar 1914 var fundur settur og haldinn í U M f „Tindastóll" kl 3 s.d. í leigusal félagsins.

1. Fundarstjóri Þórey Ólafsdóttir setti fundinn og nefndi til skrifara Harald Júlíusson og Pál Jónsson dyravörð Jón Daníelsson

<u>Dagskrá</u>

2. Sungið „Eitt er landið ægi gyrt".
3. Lesin upp fundargerð frá síðasta fundi og samþykkt með lítilsháttar athugasemd frá gjaldkera.
4. Upplestur á blaði félagsins „Árgeislinn" gat ekki farið fram þar eð ritnefnd öll hafði ekki tekið starfi sínu
5. Lesin upp viðveruskrá, mættir voru 8 meðlimir
6. Lesið upp bréf frá sambandsstjórn ungmennafélags Íslands um þátttöku í íþróttamóti sem ákveðið er á næstkomandi sumri, ennfremur annað bréf frá fjórðungsstjórn Norðlendinga-fjórðungs um að senda fulltrúa á sambandsþing sem halda á á Akureyri í marsmánuði næstkomandi; formaður félagsinsins og Jón Daníelsson töluðu báðir nokkur orð um bréf, þessi, voru heldur lettjandi sending fulltrúa á sambandsþingið; málinu frestað til næsta fundar.
7. Móðurmálsvörður kom með eina athugasemd, að sitera f að vitna til
8. <u>Málefni</u> Hver er fegursti tími ársins?

Framsögumaður Fanney Jónsdóttir hóf umræður og taldi haustið fegursta árstímann, ennfremur töluðu formaður Brynleifur Tobíasson, Jón Daníelsson Jón Pálmi Rebekka Ólafsdóttir Páll Jónsson og Árni Daníelsson, urðu umræður langar og fjörugar en ~~s~~ skiftar skoðanir; á endanum ~~v~~ varðist í gegn samþykkt á svo hljóðandi tillögu frá formanni félagsins

Fundurinn telur haustið fegursta árstíðina, samþ. með 8:7 atkv.

9. Upptöku í félagið óskaði Helga Jónsdóttir var samþykkt með öllum atkvæðum
10. Formaður félagsins stakk upp á því að tekið yrði í blað félagsins „Árgeislinn" framvegis vísu parta sem svo skildi botna í næsta blaði á eftir, (sjá neðanskráða tillögu) voru því máli fylgjandi Jón Daníelsson Jón Pálmi

Svohljóðandi tillaga var borin upp til samþykktar frá framsögumanni.

Fundurinn samþykkir að kjósa 3. manna nefnd til þess að meta til verðlauna vísubotna þá sem koma til birtingar í blaðinu „Árgeislinn".

Fyrri partur vísna komi ætíð í hverju blaði og botnar við þá í næsta blaði á eftir. Fylgi 10 aurar hverjum botni. Sá er verðlaun fær, hljóti þá aura er lagðir eru með botnunum. Atkvæðagr. hlutu

| | | | |
|---|---|---|---|
| Brynleifur Tobíasson | með | 11 | atkv. |
| Jón Daníelsson | „ | 7 | – |
| Árni Daníelsson | „ | 7 | – |

11. Árni Danielsson talaði um að breyta þyrfti tilhögun á upplestri viðverubókar, þótti heppilegra að hún yrði lesin upp síðar á fundinum.
Á móti talaði formaður Brynleifur Tobiasson og kvað það ekki í neinu betra heldur hvað þá eldri aðferð ~~til~~ frekari hvatning fyrir félagsmenn að sækja fundinn á réttum tíma. Rebekka Ólafsdóttir talaði nokkur orð, og var framsögum. að nokkru leyti sammála. Málinu frestað til næsta fundar þar ed svo margir voru gengnir af fundi

12 Upplestrarmaður ekki viðstaddur því enginn upplestur.

13 Skipaðir starfsmenn til næsta fundar
Fundarstjóri Jón Danielsson
Ritnefnd Jón Pálmi Snæbjörn Sigurgeirsson og Jónína Jóhannesdóttir
Málefnamaður Árni Danielsson
Skemtinefnd Lárus Blöndal Guðrún Bjarnadóttir og Haraldur Jóhannsson

14 Fundi slitið og sungið „Þá vorgyðjan svífur"

Fundarstjóri Þórey Ólafsdóttir

Ritarar Haraldur Jóhannsson

– –

4. fundur.

Sunnudaginn 22/2 1914, var fundur haldinn í U. M. F. „Tindastóll" kl 4 e.m. í veitingastofu gistihúss Gunnars Sigurðss. Sauðárkrók.

1. Fundinn setti og Árni Danielssyni fundarstjóri. Og sungið lagið „Ísland" Ísland [illegible] Skrifarar útnefndir [illegible] og [illegible] Helgadóttir

2. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar, og borin upp fyrir fundinn og samþykt með lítilli breyting frá formanni félagsins Brynleifi Tobíassyni kennara

3. Upplesið blaðið Árgeislinn

4 Viðverubók uppl. á fundi sem mæltu alls 17 skl.

5 [illegible] Jón Pálmi kom með litla athugasemd, skýrði frá því að hann ætlaði sér að skrifa um það í blaðið síðar og var það samþykt.

6. Fundarstjóri kom með uppástungu fyrir fundinn hvort Ungmennaf. „Tindastóll" ætti að senda fulltrúa fyrir sína hönd norður á Akureyri á sambandsþing, er haldið verður þar 6, 7 dag Marts mánaðar
Tók Brynleifur Tobiasson til máls og sagðist hann ekki vilja kjósa neinn á annan hátt.

en ef einhver vildi gjöra það fyrir fjelagið
með því að honum yrði borgaðar úr fjelagssjóði
kr. 2000 kr. Einnig stakk ræðumaður
upp á því hvort nokkur vildi fara norður og
mæla fyrir fjelagsins hönd á nefndu þingi
á Akureyri. Gaf þá fundarstjóri skýringu
viðvíkjandi máli þessu, að Páll Zóphóníasson sendur
vildi máske fara norður fyrir dálitla þóknun
líkt og Árni Daníelsson hefði gjört
Páll Z. tók til máls og gat þess að slíkt hefði
ekki uppá sig, og hann gæti ekki farið.
Kom þá Brynleifur með svolátandi tillögu
Fjelagið sjer ekki ástæðu til að kjósa fulltrúa
á fjórðungsþ. Ms. M. F. ~~Fundarstj~~ „Norður“ að
þessu sinni, og var það samþykt í einu hljóði.
7. Ólafur Pálsson spurðist fyrir hjá fundarstjóra
hvort nokkuð íþróttamót yrði haldið hjer á Sauðárkr.
á n.k. sumri; gat þá fundarstjóri þess að
slíkt yrði að líkindum ekki.
8. Einnig kom hann með till. hvort Guðm. mætti selja afurðir
var það samþykt.
9. Till. frá kennara Brynleifi Tobíassyni, hvort
ekki ætti að halda áfram leiks og að undanf.
með að reyna fá Sundstyrk hjá Sýslunefnd
Skagafjarðarsýslu. Árni Daníelsson talaði í
máli þessu og var því hlyntur, og kom með
tillögu, að formanni fél. væri málið falið á
hendur og var það samþ.
10 Fundarstj. kom, með málefni hvern og ífrarr
ætti að varveita Gróðrarstöðina sem er eign fjelags.
Hann gat þess að gæfist væri fyrir og fremst
búið að endurbæta girðinguna og gróðursettar
plöntur.
Gat þá Brynl. Tobíasson, að hernað yrði að selja
Sauðárkróks mönnum með gæsfje, og best væri að gera
það með því að skrifa hreppsnefnd Sauðárkróks
og hún gerði ákvörðun í máli þessu.
Till. frá fundarstjóra og samþykt í 1 hljóði.
11 Málefni þriðja fundar. Árni Daníelsson sagðist
ekkert málefni hafa fyrir fundinn. En
útfallið var að málefnið var um jafnaðar
ræddu þeir mikið um það framsögum og
Brynleifur, og var ekkert tekið ákveðna
stefnu í máli þessu, og var málið lagt á
skuldaborðið.
12. Úrsögn úr fjelaginu frá Guðm. G. Jónssyni
ásamt árs peninga.
13. Reikn. frá Ragnari Jóhannessyni uppá að hafa

Sam fundarboð um skautum kr. 1,50 var samþykt.

14 Tilb. frá Brynleifi Tobíassyni hvort félagið ætti að fá Guðm. Hjaltason til þess halda fyrirlestur, var samþykt að fá barnaskóla-húsið til þess.

15 Upplesturinn. Las upp kvæði eptir [illegible]

16. Skipaðir starfsm. til næsta fundar
Fundarstjóri: Eiríkur Kristjánsson
Málshefjandi: Haraldur Júlíusson
Skemtun: Sami
Ritnefnd og
Upplestur. Dýrleif Árnadóttir

17. Fundi slitið. ekkert sungið.

Fundarstjóri
Páll Daníelsson

Ritarar
Hanna Helgadóttir
Eiríkur Kristjánsson

5. fundur.

Sunnudaginn 8/3 var fundur haldinn í U. M. F. „Tindastóll" kl. 3½ í leigusal félagsins.

Fundarstjóri Eiríkur Kristjánsson setti fundinn og nefndi til skrifara Þórey Ólafsdóttir og S. Tanney Jónsd. Dyravörð Harald Júlíusson.

Gerðir fundarins voru þessar:

1. Sungið: „Vor Guð er borg á bjargi traust".
2. Valgerður Jósafatsdóttir bað leyfis að sitja á fundinum og var það veitt.
3. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.
4. Lesið upp blað félagsins: „Árgeislinn".
5. Lesin viðveruskrá, mættir á fundi 19.
6. Formaður félagsins, Brynleifur Tobíasson las upp bréf frá Sýslumanni Skagafjarðar-sýslu; þess efnis að ungmennafélaginu væri veittur 60 kr styrkur úr sýslusjóði, til sundkenslu á næsta vori:
Sömuleiðis gat hann þess að félagið hefði fengið fulla borgun fyrir fyrirlestur þann, er Guðmundur Hjaltason hélt í sambandi við leik Goodtemplara.
7. Gjaldkeri las upp (mánaðar) reikning fyrir síðastliðinn mánuð.

8. Jón Björnsson las upp skýrslu frá fyrverandi stjórn um starfsemi félagsins á árinu, sem leið.

9. Málefnamaður. Haraldur Júlíusson vakti máls á byggingu öldubrjóts hér, og sagði að æskilegt væri að ungmennafélagið Styrkti það fyrirtæki eftir mætti. Í því máli töluðu auk framsögumanns, Jón Pálmi Jónsson, Jón Björnsson, Jón Danielsson, Brynleifur Tobíasson, Páll Jónsson, og létu ýmsar skoðanir í ljós. Eftir miklar umræður kom fram svohljóðandi tillaga frá Jóni Danielssyni.

Fundurinn telur öldubrjótsmálið of stórt vaxið fyrir félagið til meðferðar. En svo framarlega sem félagið vilji nokkuð, og geti unnið að hafnarbótamáli, þá standi vér að ljá bryggjumálinu fylgi sitt. Tillagan var samþykkt.

10. Spurningabittan opnuð og voru þar tvær spurningar svohljóðandi. 1. „Hvert er sterkasta afl einstaklingsins" 2. „Hvort er arðsamara, fiskiveiðar eða landbúnaður". Spurningunum áttu að svara Brynleifur Tobíasson, Árni Danielsson, Jón P. Jónsson. Fyrri spurningunni svaraði Brynleifur Tobíasson á þá leið, að viljinn væri sterkasta afl einstaklingsins. Hinni er ósvarað.

11. Árni Danielsson gerði fyrirspurn til formans viðvíkjandi fyrirlestri þeim er Guðmundur Hjaltason hélt með leik Goodtemplara; því var svarað af formanni með sömu skýringu og hann hafði áður gefið.

12. Jón P. Jónson, vakti máls á að farið yrði að iðka tafl meðal félagsmanna, og skemtilegt væri að hafa eitthvað til að tefla um þar eð það mundi auka áhugann. Í því máli talaði Brynleifur Tobíasson og kom með tillögu að kosin yrði þriggja manna nefnd til að íhuga málið til næsta fundar. Var það samþykkt. Stakk hann þá upp á Jóni P. Jónsyni, Jóni Danielssyni, Árna Danielssyni, og var samþykkt.

13. Upplestrarmaður Dýrleif Árnadóttir. Las upp greinina „Móðurmálið", eftir Gm. Finnbogason. Fundarstjóri þakkaði upplestur.

14. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar.

Fundarstýra. Þorbjörg Kristjánsdóttir
Málefnamaður. Þórey Ólafsdóttir
Ritnefnd. Guðrún Bjarnadóttir, Dýrleif Árnadóttir
Þórunn Stefánsdóttir
Skemtinefnd. Jónína Helgadóttir, Rebekka Ólafsdóttir
Jón Danielson
Upplestrarmaður. Helga Jónsdóttir

15. Sungið „Þið þekkið fold!"
16 Fundi slitið.
Leikið á eftir.

Ritarar

S. Fanney Jónsdóttir & Þórey Ólafsdóttir

## 6. fundur árið 1914.

Sunnudaginn hinn 22 Marts. var fundur settur og haldinn í ungmennafélaginu „Tindastól" Kl. 3½ síðdegis í leigusal fjelagsins. Fundarstjóri þessa fundar, boðaði til hans kl. 3. en vegna óstundvísi fjelagsmanna varð fundurinn ekki settur fyr en áður er greint og þá með 7 félögum.

Fundarstjóri Þorbjörg Kristjánsdóttir setti fundinn og nefndi til fundarskrifara þá Brynleif Tobíasson og Snæbjörn Sigurgeirsson og dyravörð Pál Jónsson.

Á fundi þessum gerðist:
1. Sungið „Í fornöld á jörðu"
2. Fundargjörð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.
3 Lesið upp blað félagsins „Árgeisl."
4 Lesin ~~upp~~ viðvinnuskrá þá mættir 12 félagar.
5" Form. Brynleifur Tobíasson, óskaði eftir skýrslu yfir tekjur og gjörðir hennar af síðustu skemtun er hún helt Sunnudaginn hinn 15. þ.m. Gjaldkeri

Sem kommunfélag

Páll Jónsson hvað enga skýrslu liggja fyrir, en munnlega gat hann þess að inn hefði komið kr: 8.30.
Þá vakti Brynl. Tobbíasson máls á því að áðurgreind skemtun mundi hafa staðið framyfir kl. 12, sem eftir lögum félagsins væri ekki leyfilegt, litlar skýringar komu fram í þessu efni með því að hlutaðeigandi skemtinefnd var [ru] að mestu ekki mætt á fundinum. Til [lokum] lykta mæltist málshefjandi til að út í það væri ekki frekar farið að þessu sinni, en mæltist [hann] til að skemtinefnd tæki það til greina framvegis.

6. Þar næst gat Brynl. Tobíasson þess að séra Björn Stefánsson mundi vera fáanlegur til að halda fyrirlestur fyrir Ungmennafélagið ef þess væri óskað, og benti því sérstaklega til samkomunefndar, og gat þess um leið að vel mundi tilfallið að fyrirlestur þessi yrði haldinn á Pálmasunnudag. Og var því vel tekið.

7. Þá vakti Árni Daníelsson máls á því að vel ætti við að félagið stofnaði til fjölbreyttrar skemtunar á Sumardaginn fyrsta. Brynleifur Tobbíasson var því fremur andvígur, gat þess að tími væri nægur til stefnu með það o.s.frv. eftir nokkrar umræður kom tillaga frá Jóni Pálma Jónssyni: Fundurinn samþykkir að samkomunefnd sé falið að halda fjölbreytta samkomu um sumarmálin. Tillögu þessa studdi Árni Daníelsson, og var hún borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

8. Þá mintist Árni Daníelsson þess að félagsmaður Jón Daníelsson væri farinn burtu og spyrti því að kjósa í nefndir þær er hann hafði skipað. Var þá gengið til atkvæða fyrst með varaformann flest atkvæði hlutu þeir Árni Daníelsson og Snæbjörn Sigurgeirsson 4 atkv. hvor. Gat þá Árni þess að hann ekki gæti tekið kosningu, þar eð hann yrði fjarverandi í sumar, og stakk hann uppá að keppinautur sinn yrði samþyktur, og urðu þannig úrslit málsins.

næst var kosinn maður í samkomu-
nefnd í stað Jóns D. og hlaut kosningu
Jón Pálmi Jónsson, samþykktur í einu
hljóði. Síðan var kosið í taflnefnd í
stað sama manns. Í þá nefnd var sam-
þykktur Snæbjörn Sigurgeirsson. Enn
fremur var kosinn maður í vísnadóm-
nefnd og var Þórey Ólafsdóttir samþykkt
í einu hljóði.

9. Móðurmálsvörður Brynleifur Tobíasson
kom með nokkrar leiðréttingar. Urðu helst
fyrir því Eiríkur Kristjánsson og Jón P.
Jónsson. Athugasemdir þessar eru bók-
færðar annarstaðar, og gjörist því óþarft
að greina þær hér.

10. Málefnamaður Þórey Ólafsdóttir hóf
umræðu um bækur og bókalestur, kvað
hún ekki rétt vera að ungu fólki væri
bægt frá að lesa ýmsar bækur, dómar
manna um hvað holt væri og ekki,
væru ýmiskonar, og því ekki rétt að
láta slíkt aftra sér, til mundu þó
vera bækur er fólki á ýmsum aldri
væru óhollar, en ekki mundi heldur

gott að sporna við lestri þeirra. Um þetta
töluðu ennfremur Brynleifur Tobíasson
Jón Sk. Jónsson og Árni Daníelsson, og komu
ýmsar skoðanir í ljós. Tillaga kom engin
fram í þessu máli, og var því tekið fyrir
næsta mál á dagskrá.
Meðan á þessum umræðum stóð æsktu
2 utanfélagsmenn eftir að fá að sitja á
fundi, og voru þeir þessir: Jakob Jóhannes-
son að Skagaströnd og ungfreyja Ástrún
Sigfúsdóttir að Mælifelli.

11. Formaður taflnefndar Jón P. Jónsson, gat
þess að það mál væri ekki vel undir-
búið, með því líka að einn nefndarmaður
hefði fjarlægst. Ræddi hann nokkuð frekar
um þetta mál, og sömuleiðis meðnefndar-
maður hans Árni Daníelsson; til úrslita
komst það ekki, og var svo vaggað í væran
blund.

12. Næst var upplestrarmaður
Helga Jónsdóttir: las upp kvæðið
„Helður" eftir Einar Benediktsson.

13. Lykil að „Spurningabyttu" vantaði;
við högg og hristing virtist hún tóm.

Að öllu þessu loknu nefndi fundarstjóri starfsmenn til næsta fundar, og hlutu þessir valið:
Fundarstjóri: Guðmundur Björnsson
Ritnefnd: Lárus Blöndal
Guðmundur Jósepsson
Jóhannes Hallgrímsson
Skemtinefnd: Eyríkur Kristjánsson
Jón Pálmi Jónsson
Árni Daníelsson
málshefjandi: Jóhannes Dölfsson
Upplestrarm. Snæbjörn Sigurgeirsson
Síðan var sungið: „O þá náð að eiga Jesúm"
Fundi slitið.
Skemtinefnd byrti sínar fyrirhugaðu skemtanir, sem var: Sjónleikurinn „Heimkoman" og dans.
Fundarstjóri
Ritarar
S Sigurgeirsson
Brynleifur Tobiasson

7. fundr.
Sunnudaginn 5. April 1914 var fundr settr og haldinn í U. M. F. „Tindastóll" Sauðárkrók kl. 3. em. í leiguhúsi félagsins.
Fundarstjóri Guðmundur Björnsson setti fundinn og nefndi til skrifara Jón Þ. Guðmann og Helgu Jónsdóttir og dyravörð Pál Jónsson.
Á fundinum gerðist:
1. Úrsögn kom frá Sigurlaugu Björnsdóttir
2. Reikningr kom frá Guðmundi Guðmundssyni fyrir að spila á eftir leikjum í tvö kvöld, kr. 7.50 fr. kvöldið, alls kr. 15.00. Var hann samþykt. Sömuleiðis kom reikningr frá Marinó Jóhannss. fyrir að spila á tveim skemtunum kr 1.00 fyrir hvert skifti, alls 2.00. Nokkrar umræður urðu um hann og lagði form. félagsins til að hann yrði geymdr þangað til fleiri kæmu á fundinn.
3. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykt
4. Lesin upp viðvaranbók.
5. Lesið blaðið „Árgeislinn."
6. Lesnir upp reikningar félagsins
7. Brynl. Tobiasson talaði um að félagsmenn ynnu sjálfir í grjótvarsslóðinni í vor

Í því máli talaði Jón Bjórnsson og lagði[kom] það í ljósi að stúkan var ekki í góðri
tegi, að þar er gæslumaður yngri bræðra fyrst skipaður embættið.
8. Málefnamaður Joh. Pálsson hóf máls á
umræðuefninu um upplestrarskrifinn. Í því
máli töluðu Brynj. Tobiasson og Jón Bjórnsson.
~~9. Einn maður í Laganefndinni skýrði frá því að aldrei hefði verið haldinn fundur fremur og hún hefði ekkert starfað~~
9. Formaður Laganefndarinnar skýrði frá því að
nefndin hefði starfað og reynt að safna
peningum til að kaupa verðlaunagrip fyrir
10. Upplestrarmaður Snæbjörn Sigurgeirsson las
upp: „Mannskaðinn í Vikeyjarsundi"
eftir Sveinbjörn Bjórnsson.
11. Reikningur Maríu Johannsdóttur var tekinn
aftur fyrir og gerði Páll Jónsson fyrirspurn
til Árna Danielssonar form. skemtinefndar
hvort hann hefði fengið konu til að spila
á opinberum samkomum, og neitaði hann
því. Eftir nokkrar umræður kom Brynj.
með tillögu um að fela skemtinefndinni
það á hendur að grenslast eftir hvernig
á þessum reikningi stæði. Og var hún
Samþykkt.

Brynj. talaði um það að æskilegt
væri að sama (kona), spilreikningar
fyrir eigi oftar að koma inn á fund
og að þeir sem á dansinum væru á
eftir fundinum borguðu sjálfir spilaranum.
12. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar.
Fundarstjóri: Páll Jónsson.
Ritnefnd. Jón G. Gudmann
Joh. Pálsson.
Helga Jónsdóttir
Upplestrarmaður. Þórunn Stefánsdóttir
Málefnamaður. Sigurbjörg Pálsdóttir
Skemtinefnd: Þórey Hafsdóttir
Lára J. Blöndal
Haraldur Sigurðsson.
13. Sungið: „Sjáið merkið - Kristur kemur."
Mættir á fundi 19.

Fundi slitið.

Fundarstjóri:
Páll Jónsson

Ritarar:
Jón G. Gudmann

8. Fundur

Sunnudaginn 19. April 1914 var fundur settur í Ungmennafélaginu „Tindastóll", kl. 4 í leigusal félagsins. Fundarstjóri Páll Jónsson setti fundinn, og nefndi til skrifara fyrir fundinn Jón Þ. Björnsson og Þóreyju Ólafsdóttur, dyravörð Jón Einarsson.

Gerðir fundarins voru þessar:

1. Sungið: „Hærra minn Guð til þín".
2. Lesin upp fundargerð síðasta fundar, og samþykt með litlum breytingum.
3. Lesið blað félagsins: „Árgeislinn".
4. Leyfi til að sitja inni á fundi fengu þessir: Guðrún Pálsdóttir, Hólmfríður Jónsdóttir, Ingibjörg Gunnarsd. og Björn Björnsson.
5. Lesin viðverubók 15 mættir.
6. Þá hófust umræður um kvæði, sem stóð í „Árgeislanum" og nefndist „Skýjaborgarbragur", í því máli töluðu Brynleifur Tobíasson, Jón Þ. Björnsson og Jón Pálmi Jónsson. Tillaga kom frá Brynleifi um að rífa blaðið með bragnum úr „Árgeislanum" og brenna það, þegar í stað, en áður en tillagan var borin upp til samþyktar, hafði höfundur bragsins, Jón Pálmi rifið blaðið úr bókinni, og sagði að það skyldi ekki verða brent, ~~þá [illegible]~~ og að ~~tillögunni samþyktri, neitar hann að brenna það.~~

Þá hófust umræður um það, og kom fram svohljóðandi tillaga frá Brynleifi Tobíassyni: Fundurinn samþykkir að reka hr. Jón Pálma Jósmundar úr Ungmennafélaginu „Tindastóll", nú þegar, vegna þess að hann neitar að hlýðnast samþykt um það á þessum fundi, að blað það, er rifið var úr Árgeislanum sé brent. Tillagan var studd af Jóni Þ. Björnssyni borin upp og feld.
7. Úrsagnir komu frá Brynleifi Tobíassyni ~~og Haraldi Júlíussyni.~~
8. Friðrik Jónsson gekk í félagið.
9. Upplestrarmaður Þórunn Stefánsdóttir. las upp kvæðið „Frelsi", úr Friðþjófssögu.
10. Kosnir starfsmenn til næsta fundar.
    Fundarstjóri: Dýrleif Árnadóttir.
    Málefnamaður: Sigurbjörg Pálsdóttir.
    Upplestrarmaður: Jón Pálmi Jónsson.
    Ritnefnd: Þórey Ólafsdóttir, Jóhannes Pálsson, Jóna Jóhannesdóttir
    Skemtinefnd: Friðrik Jónsson, Guðmann Gíslason, Þórunn Stefánsdóttir
11. Úrsögn ~~fr.~~ kom frá Páli Jónssyni.
12. Sungið og fundi slitið.

Þórey Ólafsdóttir

9. fundur.

Sunnudaginn 26 Apríl var aukafundur haldinn í Ungmennafélaginu „Tindastóll“ Til fundarins boðaði varaformaður Snæbjörn Sigurgeirsson og einnig stýrði fundinum, og nefndi til skrifara Jóhannes Pálsson og Harald. Sigurðsson

1. Fundarstjóri skýrði frá í hvaða tilgangi þessi fundur væri haldinn; og væri hann sá að ræða um gróðrastöðina og vita hvort ekki gæti komist sætt á sjálfvitjandi óánægju þeirri er orðið hefði á síðasta fundi. og gjörði fyrirspurn til Jóns Pálma ~~með~~ hvort hann vildi ekki eyðileggja blað það er óánægjan hefði orðið útaf.

Jón Pálmi sagðist vera fús til þess að bæta úr því að svo miklu leyti sem hann gæti; en þar sem hann hefði lagt við drengskap sinn, á síðasta fundi að brenna aldrei blaðið, þá gæti hann ekki betur en biðja félagið fyrirgefningar og rífa ~~blað~~ ~~á~~ fundinum blaðið og þar með væri það eyðilagt

Jón Björnsson talaði í málinu og sagðist álíta að tillögu síðasta fundar væri framfylgt með því að eyðileggja blaðið; en hvort það væri brent eða eyðilagt á annan hátt; áleit hann að maður þyrfti ekki að fylgja því svo bókstaflega.

Jón Pálmi sótti þegar blaðið og reif það þegar niður í fundarsalnum (á miðju gólfi); og áleit fundurinn að máli þessu væri því lokið að svo miklu leiti sem hægt væri. X

Fundarstjóri tók þegar til máls og óskaði eftir að menn vildu ræða eitthvað um framkvæmdir við gróðrastöðina; því nú eins og sakir stæðu væri víst engin sem hefði umsjón yfir henni í sumar

Þeir er til máls tóku lýstu því yfir að stjórn félagsins hefði haft alla umsjón, sjálfvitjandi hennar.

Fengið Fundi slitið

Á hendur fel þú honum

(Fundarstjóri)
Snæb. Sigurgeirsson

(Skrifarar)
Har. Sigurðsson
Jóhannes Pálsson

Hinn 3 Mai 1914 var reglu-
legur fundur haldinn í U.M.
F. Tindastóll á Sauðárkrók.
Fundur settur kl. 4 e.m. af fundar-
stjóra Sigríði Arnadóttir. Fundar-
skrifarar voru útnefndir Árni Daníels.
og Jóna Jóhannesdóttir, dyravörður
Jón G. Gíslason. Á fundinum
var: Sungið; lesin upp fundar-
gjörð og samþykkt. breytingartill.
lesin upp aukafundargjörð og
samþykkt; lesinn Argeislinn;
lesin viðvarubók mættir
voru 13. Kosið í varastjórn
formaður og gjaldkeri, kosningu
hlutu Árni Daníelsson V. f. með
8 atkvæðum og Daníel Daníelsson
V. G. með 5 atkv. Málshefja-
maður hafði ekkert málefni
uppbótarmaður fjarverandi
Sungið. Fundi slitið

Fundarstj. Árni Daníelsson
Sigríður Arnadóttir

Sunnudaginn hinn 24 Oktober 1914 var auka-
fundur settur og haldinn í veitingasal Gunnars
Sigurðssonar.
Formaður félagsins Snæbjörn Sigurgeirsson setti fund-
inn og nefndi til skrifara Harald Júlíusson og Þorgeyju
Ólafsdóttur dyravörð Jóh. Pálsson.
Formaður vakti máls á því að U.M.F vantaði húsnæði til næsta
árs og áleyt réttast að kosin yrði 3. manna nefnd til
þess að leitast fyrir um samninga þar að lútandi; auk
formanns töluðu Árni Daníelsson og Jón Björnsson báðir
því fylgjandi að kosin yrði nefnd í málinu.
Tillaga frá Árna Daníelssyni þess efnis að kosin yrði 3. manna
nefnd var samþykkt
Kosningu hlutu Árni Daníelsson með 9. atkv.
Jón Björnsson " 7 "
Snæbjörn Sigurgeirss. " 6 "
Því næst kom fram tillaga frá Árna Daníelssyni
svo hljóðandi; fundurinn felur húsnefnd þeirri er kosin var
að leyta samninga um hús til fundarhalda á næsta vetri
og leggja fyrir fund eigi síðar en næstkomandi sunnudag
var samþykkt
Kosnir starfsmenn til næsta reglulegs fundar
Útnefnd Guðmundur Björnsson Jórunn Helgadóttir
Jón Guðmann Gíslason Fstj Árni Dan
Málshefjandi Jón Þ. Björnsson

upplestrarnadr Jóhannes Pálsson
Skemtinefnd Þórey Olafsdóttir
Haraldur Sigurðsson
Jyrleif Arnadóttir

Mættir á fundi 11 félagsmenn
Í fundar-lok flutti Jón Þ. Björnsson u.m.f. kveðju Jóns Danielssonar á samt gjöf til félagsins að upphæð 5.00 (fimm krónur) og kvaðst hann (Jón Dan) ekki sjá ástæðu til þess að teljast félagsmaður þar eð hann flytti burt héðan af Sauðárkrók um óákveðin tíma, en gat þess að hann myndi gerast félagsmaður aftur ef hann flytti ~~aftur~~ til Sauðárkróks. síðar
Fleira kom ekki til umræðu fundi því næst slitið

ritarar fundarstjóri
Haraldur Júlíusson [signature]

# Fundargjörð.

Árið 1914, sunnudaginn 1. nov. hélt U. M. F. Tindastóll aukafund.
Fundurinn var settur kl. 3½ e.h. af varaform. félagsins Snæbirni Sigurgeirssyni kaupm., í veitingasal Einars Sigurðssonar.
Fundarstjóri nefndi til skrifara Margeir Jónsson og Jóhannes Pálsson.
Þetta gerðist á fundinum:
1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar, og samþykt umræðulaust.
2. Nefnd sú, er kosin var á síðasta fundi til að útvega félaginu fundarsal til næsta stað[?]ss, óskaði eftir fullum rétti til að gera húsleigusamning fyrir hönd fél.
Eftir nokkrar umræður, kom svofeld tillaga frá Jóni Þ. Jónssyni:
Fundurinn samþykkir, að nefnd þeirri er kosin var á síðasta fundi U. M. F. Tindastóls, sé veitt ótakmarkað vald til að taka á leigu fundarsal fyrir

félagið, næstkomandi vetur, með þeim
kjörum er hinn ólátur bezt hentar
og ekki brjóti í bága við lög
þess og hagsmuni." Samþ. með
öllum greiddum atkvæðum.

3. Viðvörunarskrá félagsins lesin upp. 12 meðl.

4. Fundarstjóri beindi þeirri fyrir-
spurn til fundarmanna, hvort
ekki mundi verða vænlegt fyrir
hag félagsins, að efna til söng-
skemtunar seinna kvöld, og í því
skyni, reyna að útvega hr. Sæmund
Gíslason til að syngja einsöngva.
Umræður urðu nokkrar og
tillaga frá Margeiri Jónssyni svo-
hljóðandi kom fram:
„Fundurinn samþ. að fara þess
á leit, við hr. Sæmund Gíslason
söngvara, að hann syngi til ágóða
fyrir félagið, og í því skyni
kýs fundurinn 3ja manna nefnd
til framkvæmdar í þessu."
Þá upplýstist, að Templarahúsið
mundi ekki fást leigt þetta kvöld
og var því tillagan feld.

5. Úrsögn kom frá Guðmundi M. Björns-
syni.

6. Fundarstjóri gat þess, að formaður
ritnefndar hefði nú sagt sig úr
félaginu, og gerði því að kosinn-
um manni í ritnefndina. Nefndi
hann x til þess Margeir Jónsson.

Fundi slitið.

Ritarar: Fundarstjóri
Margeir Jónsson
S. Sigurgeirsson
Jóhannes Pálsson

## 12. Fundur

Sunnudaginn 15 Nóvember 1914 var fundur haldinn í Ungmennafélaginu „Tindastóll" kl. 4 síðdegis í Góðtemplarahúsinu á Sauðárkrók. Fundarstjóri Árni Daníelsson setti fundinn og nefndi til skrifara Þóreyju Ólafsdóttur og Friðrik Jónsson og dyravörð Margrétu Eyjólfsdóttur.

Gerðir fundarins voru þessar:

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykt.
2. Lesið upp blað félagsins „Árgeislinn."
3. Lesin upp viðvemskrá; mættir á fundi 15
4. Árni Daníelsson skýrði frá störfum húsnefndarinnar og sagði að hún hefði tekið Sýslufundarsalinn á leigu fyrir félagið í vetur eins og að undanförnu.
5. Þremur utanfélagsstúlkum veitt leyfi að sitja á fundi
6. Fundarstjóri kvað enga húsnefnd vera til, en nauðsynlegt að kjósa hana. Tillaga kom frá Jóni Pálma um að kosinn yrði aðeins einn maður í húsnefnd og annar til vara; það var samþykt. Kosningu hlutu Árni Daníelsson með 11 atkvæðum og Haraldur Júlíusson með 8 atkvæðum.
7. Kosinn varagjaldkeri: Jr Margeir Jónsson.
8. Fundarstjóri benti á að ófengin væri kona til að hirða hús Ungmennafélagsins í vetur, og vildi að félagar létu í ljósi álit sitt um hvað mikið ætti að borga fyrir það. Eftir nokkrar umræður var húsnefnd algerlega falið að semja um það fyrir hönd félagsins.
9. Jón Pálmi vakti máls á því að taflnefnd sú er kosin var í fyrra, hefði ekki starfað neitt þá sakir þess hve áliðið var orðið, en hún þyrfti nú að láta til sín taka. Snæbjörn Sigurgeirsson kvaðst álíta að nefnd þessi hefði ekki verið svo framkvæmdasöm sem skyldi. Var skorað á hana að taka til starfa fyrir næsta fund.
10. Formaður las upp skýrslu yfir starf félagsins í sumar einkum um ræktunarstarfið í Gróðrarstöðinni og sundkensluna starfið s.l. vor.
11. Þá kom upp sú kafinn að í „snóðurmálsverði" voru aðeins þrír menn, í stað fimm, er ættu að vera. Tillaga kom frá Margeiri Jónssyni, um að kosnir væru þeir sem vöntuðu með svonefndri „halarófukosningu," sem áður hafði tíðkast við sama tækifæri; var það samþykt. Árni Daníelsson nefndi Margeir Jónsson, og ~~Guðm~~ Margeir Þóreyju Ólafsdóttur
12. Einn maður var eftir í nefnd þeirri, er ætti að dæma ~~um~~ vísuhelmingum þeim verðlaun, er í blaðið koma. Margeir kom með þá tillögu að kosnir yrðu 2 menn í viðbót, og fundarstjóra falið að nefna þá; það var samþykt, og voru nefnd: Snæbjörn Sigurgeirsson og Þórey Ólafsdóttir

13. Formaður las upp bréf frá sambandsstjórn þess efnis að bjóða Tindastól að senda 1 mann á íþróttanámsskeið norður í vor. Óskti hann að heyra álit félagsmanna um hvað þeir vildu kosta mann norður. Undirtektir voru daufar. Og kom fram svohljóðandi tillaga frá formanni: Ungmennafélagið Tindastóll sér sér ekki fært að senda mann á íþróttanámsskeið það er halda skal á Akureyri í vetur.
Tillagan var samþykt.

14 Kosnir starfsmenn til næsta fundar.

Fundarstjóri Dýrleif Árnadóttir

Ritnefnd Jón Guðmann Gíslason, Friðrik Jónsson og Fanney S. Jónsdóttir

Upplestrarmaður, hinn sami Jóhannes Pálsson, hann las ~~upp~~ ekki upp á þessum fundi sökum þess að hann gleymdi bókinni heima.

Skemtinefnd Haraldur Júlíusson Jóhannes Hallgrímsson og Haraldur Sigurðsson

Málefnamaður, hinn sami Jón Þ. Björnsson, hann var ekki mættur á þessum fundi, sakir veikinda forfalla á heimili hans. Ekkert sungið. Fundi slitið

Leikir á eftir.

Skrifarar Þórey Ólafsdóttir.

# 13. Fundur.

Sunnudaginn 29/11 1914 var fundur haldinn í „U. M. F. Tindastóll", kl. 5 síðd. í ... félags. Fundarstjóri Dýrleif Árnadóttir setti fundinn og nefndi til skrifara Einar Kristjánsson og Jón Guðmann.

Á fundinum gerðist

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykt með lítilsháttar breytingum.
2. Lesinn upp Árgeislinn.
3. Lesin viðvera bók, mættir á fundi 15.
4. Úrsögn kom frá ... Sigurgeirssyni. Í tilefni af henni talaði Jón Þ. Björnsson nokkur orð.
5. Inn í félagið gengu: Jóhanna Þórðard. Ólafía Sigurðardóttir Magnús Árnason Ferdinand Eyjólfsson og Haraldur Björnsson. Magnús Jónsson talaði nokkur orð og bauð hina nýju félaga velkomna.
6. Málefnamaður Jón Þ. Björnsson talaði ekki.

Upplestrarmaður. Jóh. Pálsson las ekki upp.

8. Skipaðir Starfsmenn til næsta fundar.

Fundarstjóri: Haraldur Björnsson.

Upplestrarn: Árni Daníelsson

Málefnan: Margeir Jónsson.

Ritnefnd: H

Haraldur Sigfússon

Haraldur Sigurðsson

Eiríkur Kristjánsson

Skemtinefnd: Haraldur Björnsson.

Sigríður Tannery.

Lárus J. Blöndal.

Fundi slitið.

Leikir og dans á eftir

## 15. fundur.

Sunnudaginn 13. des. 1914 var fundur settur og haldinn í U. M. F. T. kl. 4 e.m. í samkomusal félagsins. Eftir að fundur var settur var sungið: „Ó blessuð vertu sumarsól“ (?) Þá nefndi fundarstjóri til Haraldur Björnsson til ritara þau Þórey Ólafsdóttir og Jón Pálma. Var þá lesin upp fundargerð frá síðasta fundi. Jón Björnsson kennari stóð þá upp og sagði fundargerðina of stutta og sagði að í hana vantaði eiginl. alt sem hefði átt að vera í henni og fram hefði komið á fundinum. Taldi hann fundargerðina svo ófullnægjandi að hann vildi helst að hún væri að öllu endurrituð og endurbætt. Um fundargerðina var svo all mikið rætt af þeim Jóni Pálma og Árna Daníelssyni. Óskaði Jón Pálmi eftir því, að fá að heyra það sem mótbyggjandi teldi ábótavant við fundargerðina

en taldi rangt að rita hana upp að nýju, því að athugasemdir við áður gerðar fundargerðir ætti að koma fram í fundargerð~~[illegible]~~ næsta fundar.
Málshefjandi J. B. taldi þá upp það er hann áleit að mætti vera eins og það var skráð í fundargerðinni og sömuleiðis það sem hann óskaði að væri upptekið sem breyting eða viðauki og voru þeir sem fylgja.

1. atriði fundargerðarinnar um að fundargerð hefði verið lesin upp frá síðasta fundi og samþykkt með lítils háttar breytingum, sagði hann að mætti vera óbreytt.
2. atriði um upplestur „Ásgeislans" sagði hann að væri ekki fullnægjandi; vildi hann láta taka fram í fundargerðinni hvaða greinar hefðu verið upplesnar.
4. atriði um úrsögn Guðbjörns Sigurgeirssonar vildi hann láta taka fram ástæður þess sem úr félaginu gekk, fyrir því að hann sendi úrsögnina.

6 atriði um hvaða málefni hefði komið fram á fundinum sagði hann að væri ekkert getið.

Eftir langar umræður um þessi atriði milli Jóns Björnssonar Árna Daníelssonar og Jóns Pálma var ákveðið sem fylgir

1. að rétt væri að láta allar breytingar koma fram í næstu fundargerð við áðurgerða fundargerð.
2. að engin þörf væri á að geta um hvaða greinar væru upplesnar úr Ásgeislanum þar sem hann bæri það með sér sjálfur.
3. að um ástæður fyrir úrsögnum manna væri óþarft að rita í fundargerðina þar sem úrsögnin bæri slíkt með sér sjálf og fylgdi skjölum félagsins.
4. að rétt væri að geta um hvaða málefni hefði komið fram á fundinum og jafnvel þó málshefjandi hefði ekki komist að neinni sérstakri

niðurstöðu í því. Sömuleiðis
var talið ótt að geta um hvað
upplestrarmaður hefði valið til
upplestrar.
Var fundargerðin svo loksins samþykkt með
þeim breytingum eða viðaukum sem fylgja:
Upplestrarmaður síðasta fundar
hefði lesið upp ~~sögu~~ grein úr „Vafurloganum"
er heitir: „Á Krossgötum"
en málefnamaður hefði talað um
ungmennafélagsskapinn og bindindismálið.
Þá kom fundarstjóri með beiðni frá
Guðm. Björnssyni og Þorbirni Björnssyni
um að fá að setja á fundi. Var það þegar
leyft. Upptöku í félagið óskuðu þeir
Sig. Pétursson Guðm. Guðmundsson
Voru þeir samþykktir með öllum atkvæðum
Var „Árgeislinn" þá lesinn upp af fundarstj.
Málefnamaður fundarins var Margeir Jónsson
Talaði hann um hvaða ráð sýnnuðu
heppilegust til þess, að fá fundarmenn
yfirleitt, til þess að tala. Gat þess að
leiðinlegt væri hvað fáir töluðu „nú og
sagðist geta „sett sig í spor" þeirra manna sem
á fundinum væru og töluðu ekki, nú því ~~sé~~
leiðinlegt ofanbyrja sjálfum ef hann þegði, nú
og væri það strax betra. ~~nú og væri það~~
~~strax betra~~ þó hver um sig segði
ekki meira en sett orð og það þó
einhver hefði verið búinn að segja þau
áður. Í þessu máli töluðu svo Jón Björnsson
Árni Daníelsson Þórey Ólafsdóttir og Jón Pálmi
Áður en fullrætt var um þetta mál gekk
málshefjandi af fundi, nú og sagðist
„því miður ekki hafa tíma til þess að
setja lengur."
Viðvörunarskrá var því næst lesin upp
Upplestrarmaður Árni Daníelsson kvaðst
ekki hafa vitað það fyr en á þessum
fundi félagsins, að hann hefði verið nefndur
til þess að „vera" upplestrar-maður á síðasta
fundi og því sem hann sagðist ekki, af
nefndri ástæðu, hafa búið sig neitt undir það,
að lesa eitthvað upp, gæti ekkert orðið af
upplestri ~~af hinni~~ hjá sér. Kom Árni
þá með tillögu um að kjósa laga-
endurskoðunarnefnd er starfa átti að því

til ~~næsta~~ aðal- fundar. Var nefnd svo
þarnæst kosin og voru þeir er
hér greinir valdir í hana.:
Árni Daníelsson með 8 atkvæðum
Margeir Jónsson með 7 atkv. og
Haraldur Júlíusson með 7 atkv.
Jón Björnsson vakti umræður um það,
að rétt mundi sem venja hefði verið
að kjósa nefnd til þess, að safna
samskotum handa fátækum
fyrir jólin sem þá ætti að útbýtast.
Þá kom fram tillaga frá Árna
Daníelss. um að samskota þessara
yrði leitað meðal félagsmanna
U.M.F.T. en ekki meðal utanfél. manna
~~og~~ voru þau Árni Daníelsson Þórey
Ólafsd. og Jón Björnsson nefnd
til starfans.
Úrsögn kom frá Geirlaugu Jóhannesd.
Í tilefni af því að botn kom við vísuna
„Líf er öðum flúið frá" frá Jóni Pálma
var þriðji maður nefndur í nefnd
þessa: ~~Jón Pálsson~~ Haraldur Júlíusson
Starfsmenn til næsta fundar voru
nefndir sem fylgir: Fundarstj. Jóh. Pálsson

Ritnefnd: Árni Daníels Þórey Ólafsd. og
Margrét ~~Jónsson~~ Sigtryggsdóttir
Upplestarm: Margeir Jónsson
Skemtinefnd: Dýrleif Árnadóttir, Haraldur
Sigmundsson og Haraldur Júlíusson
Málefnamaður: Sigríður Fanney
Þá var sungið. Á fundinum voru
mættir 17 meðlimir.
Fundi slitið
Skemtinefndin hafði útbúið kvelt uppá
á félagsm. á eftir með dansi og
harmoniku spili

R.: Þórey Ólafsd.
Jón Pálmi

# 16. Fundur

Fimmtudaginn 17 Desember 1914 var aukafundur settur og haldinn í leigusal U M F I Fundarstað fundinn setti varaformaður Árni Daníelsson og gat þess um leið að kjósa þyrfti formann fyrir félagið þar eð hann ætlaði að þeirri kosningu lokinni að ganga úr félaginu. Mættir á fundi 24 félagsmenn

__Fundarmál__

1. Beiðnir til upptöku í félagið frá Snæbjörn Sigurgeirsson og Eggert Kristjánsson báðir samþykktar í einu hljóði.
2. Kosinn formaður félagsins og hlaut kosningu Snæbjörn Sigurgeirsson með 14 atkv. að þeirri kosning lokinni nefndi Árni Daníelsson til fundarstjóra skólastjóra Jón Björnsson og afhenti honum um leið blað hvar á var ritað: annarsvegar úrsögn frá honum en hinsvegar skrá yfir nefndir þar er kjósa þyrfti í vegna burtfarar hans úr félaginu.
3. Fundarstjóri Jón Björnsson hóf því næst máls og óskaði eftir því fyrir hönd ungmennafélagsins að fundarmaður færði einhverjar lítilsháttar ástæður fyrir úrsögn sinni þar eð félagsmenn flestir að minsta kosti vissu einga ástæðu til úrsagnarinnar
Árni Daníelsson svaraði; og færðist undan að færa nokkrar ástæður fyrir úrsögn sinni, nema ~~að~~ að einhver lítilsháttar missætti hefði orðið á milli hans og leiknefndarinnar.
Þá tók til máls Jón Pálmi og þakkaði hinum fráfarandi félagsmanni fyrir starf hans í þarfir félagsins.
Þá tók til máls Margeir Jónsson og skoraði á Árna Daníelsson að taka úrsögn sína aftur ef það sýndi sig að vera eindreginn vilji mættra félagsmanna og í tilefni af því óskaði hann eftir að þeir félagsmenn væru því fylgjandi stæðu upp og og var það gert að einum undanskildum.
Þessu svaraði Árni Daníelsson ~~með lítilsháttar hnífilyrðum~~ og gekk því næst ~~snúðugt~~ af fundi
4. Því næst var byrjað á nefndarkosningum og féllu kosningar þannig.

Leiknefnd Þórey Ólafsdóttir
Samskotanefnd Snæbjörn Sigurgeirsson
Laganendurskoðun Jón Björnsson
Útinefnd Jóh Hallgrímsson skipaður af fundarstjóra

Fleiri nefndarkosningar voru ekki teknar fyrir á fundinum þar eð ekki álitist brýn nauðsin

á því fyr en á næstu reglulegum fundi.
Nefndirnar þeim sem frestað var, eru sem hér greinir
vísna, tafl, og hús nefnd.
– Fleira kom ekki til umræðu á þessum fundi
en í fundarlok bauð fundarstjóri hina nýju félagsmenn
velkomna með fáum en velvöldum orðum.
Var fundi því næst slitið.

Ritari
Haraldur Jóhannsson

Fundarstjóri Jóhannes Pálsson

# 17 Fundur

Sunnudaginn 4/1 '15, var fundur haldinn
í ungmennafélaginu Tindastóll,
settur af fundarstjóra Jóhannesi Pálssyni.
1. Fundargerðir frá 13 og 17 desember lesnar upp,
og samþykktar með litlum breytingum.
2. Lesin útgeislun af Þóreyju Ólafsdóttir.
3. Lesin vetrarbók, mættir á fundinum 19.
4. Borin til upptöku í félagið Ragnar Jónsson,
var upptaka hans samþykt í einu hljóði
5. Beiðni frá utanfélagsmanni, um að fá að
sitja á fundi; samþykt. Tekin til íhug-
unar, móðurmálsvarðarnefndin, og upp-
lýstist að í henni voru. Jón Björnsson.
Margeir Jónsson. Jón Pálmi Jónsson, og
Þórey Ólafsdóttir, og bað hún til halarófu-
kosningar, og nefndi Harald Björnsson
fimta mann nefndarinnar. Jón Björnsson
lýsti því yfir, að nefndin ætti, á hverjum
fundi, ætti að hafa eftirlit með réttum
máli, en ekki einn og einn í senn.
6. Kosin í reikninga endurskoðunar nefnd
Haraldur Sigurðsson, með greiddum atkvæðum

Formaður félagsins lýsti því yfir, að samskota-
nefndin, hefði lokið starfi sínu, og bað annað-
hvort nefndarsystkina sinna, að skíra nánar
frá því, Jón Björnsson æskti þess að Þorey
Ólafsdóttir skírði frá því, vegna þess að henni
mundi það kunnugast, og skírði hún frá því
hverjum hefði verið úthlutað gjöfum fél-
agsins, og bað félaginu kveðju með þakklæti
fyrir gjöfina, fyrir hönd þiggenda. Jón Björnsson
fór nokkrum fögrum orðum um blessunar
óskir fátæklinganna. Formaður félagsins lýsti
yfir að sökum þess, að allir meðlimir félagsins
hefðu ekki verið skráðir á meðlimaskrá,
hefði hann ekki leitað samskota hjá öllum,
og bað þá velvirðingar á því. Samskotin
urðu alls (Kr. 25,00) Tuttugu og fimm krónur

7. Kosin húsráðamaður, form. Snæbjörn Sigur-
geirsson, með 9 atkvæðum. Tillaga frá form
um að kjósa einn mann, til að útvega gar-
dínur fyrir glugga fundarhússins, og var sam-
þykt að fela honum útvegun þeirra

8 Lesin upp úrsögn frá Árna Daníelssyni.
Kosin í Vísnadómnefnd Eggert Kristjánsson.
Þá var minnst á tillögu á Taflnefndarstarfið,
og upplýstist að í henni var aðeins einn
maður, eptir nokkurar umræður kom tillaga
frá form fél. Að kosin skuli ný nefnd, þar
sem hin gamla hefði vanrækt starf sitt
um langan tíma. Í þessu Taflmáli talaði
Haraldur Björnsson, og var þess mjög hvetjandi
að það næði fram að ganga. Tillaga formanns
var samþykt, (~~þá var gengið til atkvæða~~) og
kostningu hlutu, að halarófunni. Haraldur
Björnsson. Snæbjörn. Sigurgeirsson. Guðmann Sigtryggsson
Að loknum umræðum félagsmála, las
upplestrarmaður Margeir Jónsson, söguna
Stóri Jón úr Eymdeibúnni. Málfræðamaður
ekki mættur. Fleiri mál voru ekki rædd
á fundinum. Í ritnefnd voru skipuð
Eggert Kristjánsson. Dýrleif Árnadóttir, og
Haraldur Björnsson. Fundi slitið.
Sungið. Í fornöld á jörðu var frækorni sáð.

Fundarstjóri

Ritari
Fr. Jónsson

# 18 Fundur

Sunnudaginn 10 Janúar 1915 var aukafundur settur og haldinn í Samkomusal U.M.F. Tindastóls kl 3 e.m.

Efni þessa fundar var að ræða bréf frá hinu Skagfirska kvennfélagi þar sem það fer fram á við U.M.F. að lána því hús 2 kvöld í vetur fyrir sýslufund og eitt kvöld í sama sýslufundinum til sjónleika.

Formaður ungmennafélagsins setti fundinn og las upp áður nefnt bréf og var því fremur fylgjandi að kvennfélaginu væri lánað húsið; hann las einnig upp húsaleigusamning U.M.F. við Gunnar Sigurðsson og einnig samning U.M.F. við Goodtemplarafél.

Eggert Kristjánsson gat þess að bæði félögin þyrftu að vera saman til þess að gera út um þetta og sér fyndist ókleyft að lána húsið kvöldin fyrir sýslufund.

Einnig talaði Fr. Jónsson og var fremur mótfallinn því að lána kvennfélaginu húsið. Hal. Júlíusson tók það fram að sér fyndist rétt að lána húsið en þannig að félögin fengju 1/3 part af óskertum tekjum kvennfélagsins. Formaður var því mótfallinn og kvaðst álíta réttast að lána húsið fyrir ákveðna upphæð. Hal. Júlíusson hvað húsaleigu þá er áður hefði verið of lága og vildi að því yrði breytt og taldi ekki of hátt að leigan yrði 15 kr fyrir kvöldið í sýslufundarvikunni eða þá 1/3 af áður nefndum tekjum gegn því að U.M.F. legði til ljós og hita.

Svo hljóðandi tillaga kom frá formanni:
Að kvennfélaginu yrði lánað húsið U.M.F. félagsins 1 kvöld í sýslufundarvikunni fyrir 10 kr með ljósi og hita einnig föstudags og laugardagskvöld fyrir sýslufund með sömu skilyrðum og áður hefði verið því aðeins þó að þetta verði að samkomulagi hjá báðum félögunum. Tillaga þessi samþykkt með 8:4 atkv. Einnig komu fram 2 aðrar tillögur sem fóru fram á hærri leigu fyrir húsið; báðar felldar.

Fleira kom ekki til umræðu á fundinum. Mættir á fundi 14 meðlimir.

Fundi því næst slitið.

Ritari Fundarstjóri

H. Júlíusson

# Aðalfundargerð.

Árið 1915 sunnud. þann 31. jan. var aðalfundur Ungmennafél. „Tindastóll" haldinn í leigusal félagsins.

Formaður fél. Snæbjörn Sigurgeirsson setti fundinn kl. 3½ og nefndi til ritara Þórey Ólafsdóttur og Margeir Jónsson.

Dyravörður skipaður Sigurður Pétursson.

Á fundinum gerðist þetta:

Áður en tekið var til starfa, var sungið: „Vormenn Íslands" og „Hærra minn Guð til þín."

1. Fundargerð síðasta reglulegs fundar lesin upp og samþykkt athugasemdalaust.
2. Aukafundargerð var lesin upp og samþykkt óbreytt.
3. Fundurinn leyfði tveimur utanfélagsmönnum að sitja á fundi
4. Lesinn Árgeislinn.
5. Viðveruskráin lesin upp. Á fundinum voru 22 félagar mættir.

6. Rædd lög félagsins. Framsögumaður nefndarinnar, sem kosin var til að endurskoða lög félagsins, las upp lögin ásamt breytingatillögum nefndarinnar. Að því loknu las fundarstjóri upp hverja greinina til umræðu og samþykktar.

Og fellu samþykktir þannig:

1. gr. Óbreytt.
2. gr. Við a-lið bætist: Og hafi náð 12 ára aldri.
   b liður óbreyttur
   c) liður orðist þannig: Hver félagsmaður greiði hálft árstillag á næsta lögákveðna gjalddaga félagsins auk inngöngu-gjaldsins.
3. gr. Óbreytt.
4. gr. Sömuleiðis
5. gr. Sömuleiðis.
6. gr. a-liður. Á eftir orðunum: „Og brýn málefni liggja fyrir", „komi: Að áliti stjórnar" Hinir liðir óbreyttir.
7. gr. Óbreytt.

8. gr. Óbreytt.
9. gr. Falli burt. Sjá viðbót við aðal 2. gr.

Svohljóðandi tillaga nefndarinnar: „Verði einhver félagsmaður brotlegur við hegningarlög landsins, skoðast ekki félagsmaður eftir að fullnaðardómur (h)er fallinn í máli hans, og sé hann fundinn sannur að sök, enda hafi hann ekki sagt sig úr fél. áður." var allmikið rædd og síðan borin upp til atkvæðagreiðslu. Með tillögunni voru 5 atkvæði, móti voru 4 og hlaut því tillagan að teljast fallin samkvæmt 20. gr. laganna.

10. gr. Óbreytt
11. gr. Sömuleiðis
12. gr. —"—
13. gr. Á eftir orðunum ([illegible]) honum eru falin af félaginu" í þarfir þess", bætist: nema hann tilkynni þau forföll" sem stjórnarnefnd tekur gild".
14. gr. Orðin: á tímabilinu frá 1.–15. jan." falli burt, og á stað þeirra komi

„í janúarmánuði ár hvert“.
15. gr. Óbreytt
16. — Sömuleiðis
17. — — " —
18. — — " —
19. — — " —
20. gr. Orðin: á aðalfundi“ falli burt.
21. gr. Í stað “1914 komi 1915.
Að þessu búnu voru öll lögin borin upp með greindum breytingum og samþykkt í einu hljóði.

7. Fundarreglur félagsins ræddar.
1. gr. samþykkt óbreytt.
2. gr. orðist þannig:
Skyldur fundarskrifara eru: Þeir skulu bóka dagskrá fundarins, nöfn ræðumanna, tillögur og samþykktir þeirra, tilgreini atkvæðafjölda með og móti, þeir skulu og bóka fyrirsögn þess hvers sem upplestrarmaður les, og auk þess ritaðar gerðir fundarins“.
3. gr. Óbreytt
4. gr. Sömuleiðis.
5. gr. Bætist við: til umræðu og atkvæðagreiðslu.
6. gr. og 7. gr. óbreyttar.

8. Gjaldkeri félagsins las upp endurskoðaðan aðalreikning félagsins og var hann samþykktur. Samkvæmt reikningnum á fél. í sjóði frá fyrra ári Kr. 45/72 og eftirstöðvar hjá húsnefnd Kr. 18/85 —

9. Kosin stjórn félagsins þannig:
Snæbjörn Sigurgeirsson endurkosinn formaður félagsins
Jóhannes Pálsson endurkosinn gjaldkeri
Haraldur Júlíusson endurkosinn ritari.
Kosin varastjórn. Þessir hlutu kosningu:
Varaformaður Ólafgeir Jónsson
varagjaldkeri Eggert Kristjánsson
vararitari Þórey Ólafsdóttir.

10. Formaður las upp skýrslu yfir störf félagsins á síðastliðnu ári ásamt eignaskrá þess, og var skuldlaus eign félagsins talin Kr. 828/83 au.

11. Taflnefndin lagði fram tillögu um stofnun taflfélags ásamt reglugerð fyrir félagið.

Lesin (upp) reglugjörð taflfélagsins og
borin upp til samþykktar:
1. gr. samþykt óbreytt
2. " samþykt —"—
3. " Það við bætist: Skorist einhver
annar þeirra undan, greiðir hann
30 aura í taflsjóð.
4. til 10. gr. – allar samþykktar án
breytinga.
Þá var Friðrik Jónsson kosinn
formaður taflfélagsins.
12. Samþykkt að fela leiknefndinni að
annast útvegun fyrirlesara. Ennfremur
sá fundurinn sér ekki fært að
ganga að tilboði því sem hr. Johann
Möller gerði félaginu viðvíkjandi flutn-
ing tveggja fyrirlestra.
13. Formaður vakti máls á því, að nauð-
syn bæri til, að þakka viðurkenning
þann sem oddi hefði útaf tekjum
þeim, ~~sem~~ er orgelsnefnd templarafélag-
sins hafði tekið við, fyrir leiksýningu
í templarahúsinu, og las upp svo-
hljóðandi tillögu: „Fundurinn álítur

að tekjum þeim er templarar hlutu
kvöldi því er leikið var, ætti að skifta
þá, bæði að skifta jafnt milli
félaganna. Þessi ungmennafélagið
kostur á, að halda sínu fyrir skemtun
til ágóða fyrir sig, skuli tekjum
því einnig skift jafnt milli
félaganna." Eftir nokkrar um-
ræður kom Friðrik Jónsson
með svofelda breytingartillögu:
„Að ungmennafélagið taki tilboði
templara að fá húsið til afnota eitt
kvöld, og feli leiknefnd félagsins
að halda uppi skemtun er gefi
félaginu svo miklar tekjur sem
unt er", og komu þá að jöfnu
fyrir kvöld það er leikið var
fyrir templara". Að nokkrum um-
ræðum loknum var tillagan borin
upp og feld með jöfnum atkvæð-
um (4:4). Þá bar Magnús Jónsson
fram tillögu svofelda: „Fundurinn
samþykkir að fresta umræðum í
þessu máli til næsta fundar." Tillagan

var samþykkt með öllum greiddum
atkvæðum gegn 2ur.
Að þessu loknu skipaði
fundarstjóri í störf til næsta fundar
þannig:
Fundarstj. Guðmann Ísleifsson
Ritnefnd: Jón Björnsson Kennari
Margrét Eyjólfsdóttir
Ólafía Sigurðardóttir
Málefnamaður: Sigríður Fanney
Upplestrarmaður: Eggert Kristjánsson
Skemtinefnd:
Ragnar Jónsson
Dýrleif Árnadóttir
Haraldur Júlíusson
Sungið: Vor Guð er borg á bjargi traust

Fundi slitið.

Ritarar:
Margeir Jónsson
Þórey Ólafsdóttir

Fundarstjóri
Sigurgeirsson

# 2 Fundur 1915

Föstudaginn 5 Febr 1915 var aukafundur settur og haldinn af formanni [illegible] í leigusal ungmenna-félagsins kl 9 e.m.
Tilefni fundarins var að ræða tillögu frá leiknefnd-ar Goodtemplara og ungmennafélagsins svo hljóðandi
Sjónleikanefnd Goodtemplarafélagsins og ungmenna-félagsins á Sauðárkrók annaðist um að gera eitthvað það er afli ungmennafélaginu samanskildu fjár og það er komin inn fyrir [illegible] það, er leikið var fyrir orgelsjóð templara
Takist eigi að ná sama upphæð fyrir 25 April næst komandi, skal sjóður gerast á því sem fast og því sem fékkst fyrir orgelleikinn
Um tillögu þessa urðu all langar umræður og eyddist á sinn veg hvorum; til máls tóku Eggert Kristjánsson Jón Björnsson Snæbjörn Sigurgeirsson Friðrik Jónsson Haraldur Sigurðsson Margeir Jónsson Jón Pálmi ennfremur einn utanfélagsmaður sem fékk leyfi til að sitja á fundi
Því næst var áðurgreind tillaga borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu
Ennfremur var borin upp svo hljóðandi tillaga
Að best sé bætt við einum manni í leiknefndinn og skilyrt að það væri formaður ungmennafélagsins

var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn tveim.

Að þessu loknu skipaði fundarstjóri í stöðu til næsta fundar þannig:

Fundarstj. Guðmann Tóbíasson
Ritnefnd: Jón Björnsson Bernes
Margrét Tryggvadóttir
Ólafía Sigurðardóttir
Málefnamaður: Sigríður Sæmundsd.
Upplestrarmaður: Eggert Kristjánsson
Skemtinefnd:
Ragnar Jónsson
Dýrleif Árnadóttir
Hafaldur Júlíusson
Sungið: Vor sál er borg á bjargi traust.

Fundi slitið.

Fundarstjóri
[illegible]

Ritarar:
Margeir Jónsson
Jóna Ólafsdóttir

## 2 Fundur 1915

Föstudaginn 5 Febr 1915 var aukafundur settur og haldinn af formanni Arnóri Sigurðssyni(?) í leigusal ungmennafélagsins kl 9. e. m.

Tilefni fundarins var að ræða tillögu frá leiknefndar Goodtemplara og ungmennafélagsins svo hljóðandi

Sjónleikanefnd Goodtemplarafélagsins og ungmennafélagsins á Sauðárkrók annaðist um að gera eitthvað það er afli ungmennafélaginu jafnmikils fjár og það er kom inn fyrir Kvöld það, er leikið var fyrir ágóða templara. Takist eigi að ná jafn hári upphæð fyrir 25 April næst komandi, skal sjóðurinn gerast á því sem fast og því sem fékkst fyrir sjónleikinn

Um tillögu þessa urðu all langar umræður og snérist á sinn veg hvorum; til máls tóku Eggert Kristjánsson Jón Björnsson Sveinbjörn Sigurgeirsson Friðrik Jónsson Haraldur Sigurðsson Magnús Jónsson, Jón Pálmi ennfremur einn utanfélagsmaður sem fékk leyfi til að sitja á fundi

Því næst var áðurgreind tillaga borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu

Ennfremur var borin upp svo hljóðandi tillaga
Að heldur sé bætt við fimmta manni í leiknefndina og er kosið að það verði formaður ungmennafélagsins

var samþykkt
Fleira kom ekki til umræðu á fundinum; mættir á fundi 16 meðlimir
Fundi þannig slitið
Ritarar                                        Fundarstjóri
Haraldur Sigurðsson
Haraldur Hjálmar

3. fundur. 1915

Sunnudaginn 14. febrúar var fundur settur og haldinn í ungmennafélaginu „Tindastóll" í fundarsal fél.
1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykt óbreytt
2. Lesin upp siðvörðskrá; meðlimir fél. mættir 13.
3. Lesinn upp „Ársgeislinn". Í honum voru fylgjandi greinar: „Notaðu tímann vel" höfundur Matthildur. „Hversvegna? þessvegna." höfundurinn „Jeg". Þessvar, eða hvað? Skilagrein til lagaendurskoðunarnefndarinnar frá Jóni Pálma „2." höf. Eggert Kristjánsson. Út af þeirri grein urðu svo all langar umræður. Í málinu töluðu Eggert Kristjánsson, Snæbjörn Sigurgeirsson, Jón Pálmi, Lárus Hinriksson og Friðrik Jónsson. Loks kom fram svohljóðandi tillaga frá Snæbirni er var samþykt eftir nokkrar umræður: Fundurinn

ákveðin að umf. Tindastóll komi
sér upp heyforðabúri fyrir Sauðárkróks
og Skarðshrepp og að kosin sé
þriggja manna nefnd til að
beitast fyrir því máli og fyrst
og fremst semja reglugjörð í þessu
augnamiði. Þessi tillaga var samþykt
Þá voru þeir Snæbjörn Sigurgeirsson,
Margeir Jónsson og Friðrik Jónsson
kosnir í nefnd til þess að hrynda
þessu máli áleiðis.
Þá óskaði Guðni Jónsson eftir
því, að verða tekinn í félagið og
var samþykt í einu hljóði.
Þá kom fram tillaga frá Snæbirni
Sigurgeirssyni svohljóðandi: Fundurinn
samþykkir að Jóni Björnssyni sé falin
umsjón með gróðrarstöðinni og enn
fremur, að öllum ungmennafél.
sé skylt að reka drengi og aðra
þaðan út sem á einhvern hátt leika
sér þar, svo að hætta sé á trjáplöntunum
búin. Að sjálfsögðu skulu ungmennafél.
ekki gefa vont dæmi í þeirri grein.
Tillagan var. samþykt.

Þá voru ~~kosnir~~ nefndir starfsmenn til næsta
fundar þeir er hér greinir
Fundarstjóra: Sig. Fanny. Ritnefnd:
Snæbjörn Sigurgeirsson, Guðni
Jónsson og Jóh. Þórðardóttir
Málefni: Þyrleif Árnadóttir
Skemtinefnd Jóh. Pálsson, Ragnar Jónss.
og Haraldur Sigurðsson
Fundi slitið
(Fundarstj.) R. Jón Jónsson
Pálmi
Jón Guðmann Gíslason Fr. Jónsson.

# 4 Fundur 1915

Sunnud. 28 feb. var fundur haldinn í U.M.F. Tindastóll í fundarsal félagsins kl. 4 e.m. Fundarstýra Sigríður Fanny Jónsd. las upp fundargerð síðasta fundar, og var hún samþykt með öllum greiddum atkvæðum. Því næst var lesin upp viðvörunbók. 2 [illegible] utanfélagsmenn fengu að sitja á fundi, og voru þeir Jón Einarss. Gunnar Guðmundss. Sveinbjörn Sigurjónsson formaður ritnefndar, kvað blaðið ekki vera tilbúið sökum forfalla en sagði að það mundi koma tvöfalt á næsta fundi. Form. kom fram með félagsmál, sem var viðvíkjandi styrk til sundkenslu, og kom öllum saman um að hann mundi fást. Jón Björnsson talaði um styrk til tilraunastöðvar, og skýrði frá því að form. Ræktunarfélagsins vildi helst ekki láta styrk nema til tilraunastöðvar eða gróðrarreits, hann taldi það heppilegt að félagið tæki vel leiðbeiningum frá Ræktunarfélaginu. Form. U.M.F. vildi láta fela Jóni Björnssyni að sækja um styrkinn til Ræktunarfélagsins. Og gerði hann það að tillögu sinni að hann yrði kosinn til þess, og var sú tillaga samþykt með öllum greiddum atkvæðum.

Úrsögn kom frá Margréti Eyjólfsdóttur. Jón Pálmi Jónsson gerði fyrirspurn um, hvort glíma ætti um verðlaunabikarinn í ár. Form. vildi láta kjósa nefnd í málið, til að sjá um glímuæfingar, og kappglímu um bikarinn, fanst æskilegt að glímumönnum í ungmennafélaginu hér í firðinum væri gert aðvart áður en kappglíman væri háð, til þess að þeir gætu einnig tekið þátt í henni. Jón Pálmi taldi það sjálfsagt að nefnd þessi gerði alt sem í hennar valdi stæði til að íþróttir efldust, og hvetti menn til áhuga í því efni. Hann kvað það líka nauðsynlegt, að keyptur yrði verðlaunagripur fyrir yngri pilta. Jón Björnsson talaði því næst, á þá leið, að nefnd þessi yrði sérstaklega að sjá um glímufundi og æfingar hér á staðnum, og áleit það heppilegt, að glímuæfingar yrðu á vissum dögum í hverri viku. Jón Pálmi tók það fram, að hann vildi ekki starfa í nefndinni, en bauðst til að leiðbeina mönnum í undirbúningi undir kappglímuna. Borin upp tillaga frá form. að kjósa nefnd til að sjá um framkvæmdir í þessu glímumáli, og til að auka áhuga fyrir málefninu. Tillaga þessi var samþykt með öllum greiddum atkvæðum. Í nefnd þessa voru kosnir

Guðni Jónsson. Margeir Jónsson og Haraldur Júlíuss. Eggert Kristjánss. las upp kafla úr: „Einfalt líf“, Jón Pálmi þakkaði upplestrarmanni. Í þessari síðastliðinni viku, hafa haldið fyrirlestra fyrir U.M.F. „Tindastóll“: Pétur Sighvatsson um: Fragkvæm nemendaskifti. Dr Halfdán Guðjónsson um: Bækur og Jónas Sveinsson um: Hagsýni.
Kosnir starfsmenn til næsta fundar þessir:
Fundarstjóri Haraldur Júlíusson
Ritnefnd: Jóhannes Pálsson. Haraldur Sigurðsson. Jóhannes Hallgrímsson.
Málshefjandi: Guðni Jónsson.
Upplestrarm.: Jón Pálmi Jónsson.
Skemtinefnd: Ragnar Jónsson. Þyrleif Árnadóttir. Sigurey Ólafsdóttir.

Sungið. Fundi slitið

Fundarstýra
Sigríður Fanney Jónsd.

Ritarar
Hall. Björnsson
Þyrleif Árnadóttir

## 5. fundur

Sunnud. 14 Marz 1915 var fundur haldinn í U.M.F. „Tindastóll“ í fundarsal fel. 4½ e.m.
Fundarstjóri Haraldur Júlíusson setti fundinn og nefndi til skrifara Haraldi Sigurðsson og Jóhannes Pálsson.
Sungið Sigurhátíð sæl og blíð.
Lesin upp fundargerð síðasta fundar af Þyrleifu Árnadóttir; og var hún samþykt með öllum greiddum atkv.
Lesinn upp „Árgeislinn“ fyrra blaðið af Snæbirni Sigurgeirssyni, en síðara af Jóni J. Pálma og Haraldi Sigurðssyni
Lesin upp vottorðaskrá mættir á fundi 16. medl.
Lagðir fram reikn. fel. yfir febr. m. s.l. og lesinn upp af gjaldkera; og var hann samþ. með öllum greiddum atkv.
Formaður heyforðabúrsnefndarinnar lagði fram reglugjörð er nefndin hafði samið fyrir heyforðabúrið. Reglugjörð þessi hefir inni að halda 10 - tíu greinar, og voru

Þar allar lesnar upp og samþyktar
án breytingar
Tillaga kom frá formanni um
að kjósa ~~nefnd~~ stjórn mínfegar fyrir
heyfjarðabúnið, og varð tillaga samþ.
og hlutu kosningu þessir:

1. Snæbj. Sigurgeirss með 11 atkv.
2. Friðr. Jónsson með 11 atkv.
3. Magnús Jónsson með 5 —

Vara stjórn Harald Júlíuss með 9 atkv.
Haraldr Sigurðsson með 9 atkv.
Jóh. Pálsson með 5 —

Formaður skýrði frá frá að félagið
væri mjög húsnæðislaust fyrir n.k.
ár og lagði því fyrir að kjósa
nefnd til að sjá um að útvega
húsnæði handa því.
Í nefnd þessa voru kosnir

1. Snæbj. Sigurgeirsson
2. Jóh. Pálsson.
3. Friðr. Jónsson
4. Haraldr. Júlíusson
5. Haraldr. Sigurðsson

Tillaga kom fram frá

formanni svo hljóðandi:
Fundurinn felur sérstaklega
að laganefndinni að sjá um góða
skemtun fyrir heyfjarða búið
innan skams. Samkvæmt sam-
þykt auka fundar sem haldin var
í U.m.f. 5 febr. sl.
Formaður las upp til kynningar frá
sýslum. um fundskýrslu til félagsins
og var hann hafn kær og í fyrra kr. 60.00
Fundarstjóri lýsti því yfir að á hverju
væri að hafa hlutavelta fyrir sjúkrasamlag
Sauðárkróks í sumardaginn fyrsta n.k.
og óskaði eftir að félagið lánaði hús
án endurgjalds. Samþykt frá hálfu
ungm. félagsins.
(Var þá nefndin starfs)
Úrsagnir komu frá tveim félagsmönnum
Einari Kristjánssyni og Jóh. Hallgrímss.
Var því næst kosin starfsmenn
til næsta fundar
Fundarstj. Guðm. Guðmundss.
Ritnefnd Magnús Jónss. Jón Pálmi
Rebekka Ólafsdóttir

Málefnanefnd: Guðm. Jónss. Eggert Kristjánss
Skemtinefnd: Guðm. Guðmundss. Margrét Sigtryggsd. Jóhanna Þórðardóttir
Aths: Kom þá fram frá Fríð. Jónssyni yfirlýsing um að félagar þeir er sögðu sig úr félaginu hefðu þá tekið úrsögn sína til baka, og teldust áfram meðlimir félagsins
Sungið
Fundi slitið
Fundarstj. Haraldur Júlíusson
Ritari Hlör. Sigurðss. Jón Pálsson

## 6 fundur

Sunnudaginn 27 mars var fundur haldinn í Eignsal U.M.F. Tindastóls kl 4 e.m.

Fundarstjóri setti fundinn og nefndi til skrifara Friðrik Jónsson og Harald Júlíusson dyravörð Ragnar Jónsson

1. Því næst var sungið. Hærra minn Guð til þín
2. Lesin upp fundargerð frá síðasta fundi og samþykkt án breytinga
3. Formaður skýrði frá gerðum húsaleigunefndarinnar en þareð samkomulag gat ekki orðið milli nefndanna og því ekki hægt að gefa neina fullnaðar skýring í því efni; en ágreiningsatriðið lítið og því allar líkur til góðs samkomulags.

Eftir allangar umræður var svofeld Tillaga samþykkt með öllum greiddum atkv.

Fundurinn gefur húsleigunefndinni fullt umboð til þess að semja um húsleigu fyrir félagið til næsta starfs árs.

4. Lesin upp viðveruskrá
5. Lesinn „Árgeislinn" mættir á fundi 14 meðlimir

Nokkrar umræður urðu út af greinum í blaðinu milli Margeirs Jónssonar og greinahöfundar Jóns Pálma

6. Lagdir fram reikningur frá Ragnari Jóhannessyni fyrir að fara með fundarboð til félagsmanna kr 1.50 og var samþykktur

7. Málfrumandir talaði upp þau félög sem til væru og stofnuð hefðu verið hér á Skaga og hvert þeirra var gagnlegast, auk framsögumanns. Töluðu Snæbjörn Sigurgeirsson og Jón Pálmi

8. Formaður talaði um að æskilegt væri að fundum væri haldið uppi að sumrinu auk formanns talaði Jón Pálmi

9. Ástæður frá Sigurði Péturssyni

10. Útnefndir starfsmenn til næsta fundar fundarstjóri Fr. Jónsson Ritnefnd Eggert Kristjánsson Jóhannes Pálsson Margeir Jónsson Málfrumendur Haraldur Sigurðsson Jóh. Pálsson Upplestrarmaður Jón Pálmi Skemtinefnd Sigurlaug Árnadóttir Fr. Jónsson Snæbjörn Sigurgeirsson

11. Sungið: Starfa því nóttin nálgast

Fundi slitið

Ritarar Fundarstjóri

Fr. Jónsson

[signature] Guðm Guðmundsson

# Ungmennafélagið „Tindastóll"

Sauðárkróki, sunnud. 10. apr. 1915

7. fundur.

Fundur settur kl 4 e.m. af fundarstj. Friðrik Jónssyni, í leigusal félagsins

Ritarar: Guðmann Gíslason og Þórey Ólafsd.

Dyravörður: Ferdinant Eyjólfsson.

Sungið: Hver er mesta yndi allra o.s.frv.

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþ.

„Ársælum" lesinn upp af Margeir Jónssyni

Hennar.

Umræður hófust út af grein einni í „Ársælanum" með fyrirsögninni „Söngur". Þar töluðu Jón Pálmi Jónsson og Margeir Jónsson hennar.

Í félagið gekk Ágústa Eyjólfsdóttir

Nafnaskrá félagsins lesin upp. Mættir 15 fél.

Spurningabytta Ungmennafélagsins var þar næst opnuð. Voru í henni allmargar spurningar. Geymt var að svara þeim til næsta fundar.

Þorvaldur Einarsdóttir bað um leyfi til að sitja á fundi, og var það leyft.

Upplestrarm. Jón J. Pálmi Jónsson las kafla

úr sögu eftir Jón Trausta er nefndist
Séra Keli.

Skipaðir starfsmenn til næsta fundar.

Fundarstýra: Þórey Ólafsdóttir
Ritnefnd: Eggert Kristjánsson söðlasm.
Jóhannes Pálsson. trésmiðr.
Guðmundur Guðmundsson
Skemtinefnd: Ólafía Sigurðardóttir
Agnes Eyjólfsdóttir
Margrét Sigtryggsdóttir.
Málefnamenn: Gísli Jónsson
Haraldur Sigurðsson.
Upplestrarm. Sigríður Fanney Jónsd.
Sungið: Þú sem ert svo lítill o.s.fr.

Fundi slitið.

Ritarar: Fundarstýra
Guðmundur Gíslason

# Fundargjörð.

Sunnudaginn 25 April var fundur settur og haldinn í Ungmennafjelaginu „Tindastóll" í Goodtemplarahúsinu hjer á staðnum. Á fundinum gjörðist þetta er nú skal greina:

1. Fundarstýra Þórey Ólafsdóttir setti fundinn og nefndi til skrifara Ólafíu Sigurðardóttir og Jóhannes Pálsson og dyravörð Dýrleifu Árnadóttir síðan var sungið. Fjalladrotning móðir mín o.s.fr.
2. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt
3. Árgeislinn lesinn upp af Eggert Kristjánssyni
4. Lesið upp brjef frá Friðrik Jónssyni er hann ~~ákærði~~ með nokkrum velvöldum orðum kærir sjálfan sig fyrir að hafa brotið eina lagagrein fjelagsins. neytt áfengra drykkja og óskaði hann eftir að mega teljast fjelagi framvegis. og var það samþykt með öllum atkvæðum
5. Eggert Kristjánsson svaraði spurningu úr spurningakistunni. og sjera Pálmi einnig. Snorri Sigurgeirsson svaraði einnig ~~svaraði~~ spurningu fyrir fjelagsheildina er var svohljóðandi: Hvenær ætlar Ungmennafjelagið að taka sjer skemtigöngu upp í fjallið Tindastól

Í tilefni af spurningunni lagði formaður fram fyrir fundinn svohljóðandi ~~spurningu~~ tillögu:
Fundurinn samþykkir að ungmennafjelagið taki sjer ferð á hendur fótgangandi upp á fjallið Tindastól, einhvern góðviðris sunnudag fyrripart sumars. Óskast að allir fjelagar taki þátt í för þessari Einnig skorar fundurinn á templara að vera með í förinni og sjálmenna.
Stakk hann einnig upp á, að kosin yrði þriggja manna nefnd til að sjá um að þetta gæti orðið Síðan fór fram atkvæða greiðsla um þetta og var það samþykt. Þessir hlutu kosningu
6. Snæbjörn Sigurgeirsson Jóhannes Pálsson Eggert Kristjánsson
Formaður fjelagsins skyrði frá starfi líknarsjóðsnefndarinnar og hverjar tekjur hefðu verið af skemtuninni á sumardaginn fyrsta. Einnig mintist hann á væntanlegt starf fjelagsins í vor við gróðrarstöðina þar þykti að kjósa einn mann til þess að safna gjafa dagsverkum. og var Guðmann Gíslason kosinn til þess starfa
7. Eggert Kristjánsson fór þess á leit að fjelagið vildi ekki gefa eftir sinn hluta af húsaleigu er því bar fyrir fyrirlestur er læknir Jónas Kristjánsson

flutti, því ágóði af nefndum fyrirlestri skyldi mynda sjúkrahússjóð. Voru þau tilmæli Eggerts Kristjánssonar samþykt
8. Úrsögn kom frá Ragnari Jóhannessyni

9. Kosnir starfsmenn til næsta fundar
Fundarstjóri Ragnar Jónsson
Ritarar – Ritnefnd Friðrik Jónsson Jóhanna Þórðardóttir
Snæbjörn Sigurgeirsson
Málefnamenn Haraldur Sigurðsson Haraldur Björnsson
Upplestrarm: Dyrleif Árnadóttir
Skemtinefnd Jón Pálmi Guðm. Guðmundsson Guðmann Gíslason
Lungið: Gjáið merkið o.s.fr.
Fundi slitið

Ritarar Jóhannes Pálsson Fundarstjóri
Ólafía Sigurðardóttir

9. Fundur

Sumardaginn 9. Mai var fundur settur og haldinn í Goodtemplarhúsinu á Sauðárkróki. Fundarstjóri nefndi til ritara Ferdinant Eyjolfsson og Har. Júlíusson dyravörð Jón Pálsson

1. Sungið hærra minn Guð til þín
2. Lesin upp fundargerð síðustu fundar og samþykkt án breytinga
3. Lesin upp viðverubók mættir á fundi 14 meðlimir
4. Lesin Árgeislinn.
5. Formaður talaði um að styrkja þyrfti heyforðabúrið með fjárframlagi frá ungmennafélaginu til viðbótar við það sem fékkst fyrir skemtisamkomu er haldin var sumardaginn fyrsta; eftir nokkrar umræður var svo-hljóðandi tillaga samþykkt
   Fundurinn samþ. að veita af félagssjóði 55 kr. til heyforðabúrsins
6. Jón Pálmi talaði um að hugsa þyrfti fyrir kappglímu bæði um bikarinn og peningana, var glímunefndinni falið að annast framkvæmdir í því máli
   Ennfremur var því hreift á fundinum að ungmennafélagið gengi í samband hinna Skagfirsku ungmennafélaga til þess að geta tekið þátt í íþróttamóti sem venja er að halda einusinni á sumri og að fótboltafélagið þá yrði talið sem einn liður ungmennafélagsins á því íþróttamóti; einn samþykkt að glímunefndin leitaði upplýsinga sambandinu viðvíkjandi

Fleira kom ekki til umræðu á fundinum

Skipaðir starfsmenn til næsta fundar

fundarstjóri Jón Pálmi

Blaðnefnd Jón G. Gíslason Þorg. Olafsd. Dýrleif Árnadóttir

Málshefjandi Haraldur Sigurðsson Haraldur Björnsson

upplestrarmaður Friðrik Jónsson

Skemtinefnd Ferdinant Eyjólfsson Jón Pálsson Ólafía Sigurðar.

Sunginn sálm. nr. 173

fundi þvínæst slitið.

Ritarar  Fundarstjóri

Haraldur Júlíusson  Ragnar G. Jónsson

Ferdinand R. Eyjólfsson

11. fund…

Sunnudaginn 7. nov. 1915 hélt ungm.fél. „Tindastóll" fund í Goodtemplarahúsinu á Sauðárkróki.

Formaður félagsins, Snæbjörn Sigurgeirsson, setti fundinn og skipaði til ritara Margeir Jónsson og Ragnar Jónsson. Dyravörður var settur Magnús Árnason.

Þar næst var sungið: „Upp þér raddir Ísl."

Þetta gerðist á fundinum:

1. Formaður skýrði frá því, (að fundargerð síðasta fundar væri ekki lögð fram að viðkomandi ritaranum, og yrði því að láta fyrir annað mál dagskrárinnar.
2. Formaður lýsti því yfir, að starfstími húsnefndarmanns væri útrunninn, bæri því að kjósa mann (að nýju. Var til þess starfa kosinn Friðrik Jónsson með 7 atkv.
3. Lesin Viðveruskrá félagsins. Á fundi mættir 16.
4. Margeir Jónsson benti á, að rétt væri að kjósa að nýju í „Móðurmálsvörð" félagsins.

Voru þessir þarnæst kosnir:

Jón Björnsson (13 atkvæði)

Þorgeir Jónsson (12 atkvæði)
Haraldur Júlíusson ( 9 atkv.)
Þóra Ólafsdóttir ( 8 — " — )
og Friðrik Jónsson ( 8 — " — ,

5. Jón Björnsson skólastj. vakti máls á því, að nauðsynlegt væri, að endurskoða „Reglugerð Ærgeislans", urðu nokkrar umræður um það mál, og síðan borin fram svohljóðandi tillaga frá Jóni Björnssyni:
„Fundurinn samþykkir, að kjósa 3ja manna nefnd, til að íhuga og endurskoða „Reglugerð Ærgeislans", og leggja breytingatillögur fyrir næsta fund".
Samþykkt í einu hljóði.
Í nefndina voru kosnir:
Jón Björnsson
Þorgeir Jónsson og
Haraldur Júlíusson.

6. Ályktað að fresta kosningu „vísnabókanefndar" til næsta fundar.

7. Samþykkt (Skipuð fundarvalsnefnd) að fela fundarstjóra, að skipa 3 menn í „fundarvalsnefnd", skyldu þeir ávalt gæta þess, að hafa fundarefnin vel undirbúin fyrir hvern fund fél. Í

sem kosinn er af félaginu til eins árs í senn. Hann skal sjá um að blaðið komi út á réttum tíma samkv. ákvæðum 5. gr. Hann skal og gæta þess, að ritsmíðar þær, sem í blaðinu birtast, séu skrifaðar á hreinni og skipulegri íslenzku. Skulu því allir þeir, er í blaðið rita, senda greinar sínar til ritstjóra, og jafnframt tilkynna honum sitt rétta nafn.
Heimilt er ritstjóra að setja nafn greinarh. undir ritsmíðar hans, ef hann finnur ástæðu til. Ennfremur getur hann neitað að, birta þær greinar í blaðinu, sem eru til þess óhæfar að hans áliti.
Ritstjóri hefir heimild til að birta í blaðinu vel samdar og fróðlegar greinar, sem kunna að berast frá utanfélagsmönnum.
Hann skal og leitast við, að hafa efni blaðsins svo fjölbreytt og skemtilegt, sem kostur er á.
Fyrir þennan starfa sinn fær ritstjóri 10 krónur úr sjóði félagsins.

4. gr. Á hverjum reglulegum fundi skal skipuð 3ja manna ritnefnd, ritstjóra til aðstoðar.

Gildir sú skipun til 2ra vikna í senn
Ritnefndinni er skylt að safna
nægu efni til blaðsins, og afhenda það
ritstjóra eigi síðar en einum sólarhring
fyrir útkomudag blaðsins.
Þegar ritstjóri hefir yfirfarið greinarnar,
skal sá ritnefndarmaður, er ritstjóri
þar til skipar, færa þær, sem teknar
verða, inn í blaðið, með þeim leiðrétting
sem hann hefir gert. Þó má ritstjóri
aldrei breyta efni greinanna

5. gr. Hin svonefnda Blaðamannaréttritun
skal leggjast til grundvallar fyrir
rithætti blaðsins, og ber ritstjóri ábyrgð
á samkvæmni í rithættinum.
Stærð blaðsins sé, að minsta kosti,
ein stór örk skrifuð með venjulegri
skrifleturstærð. Kemur það út á
hálfsmánaðar fresti, og skal það lesið
upp á fundum félagsins, annaðhvort
af ritstjóra, eða þeim er hann nefnir
til þess.

6. gr. Blaðið skal geymast hjá ritstjóra,
og ber hann ábyrgð á að það glatist
ekki.

7. gr. Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað
Því næst var kosinn ritstjóri blaðsins, og hlaut
Margeir Jónsson kennari þann starfa.
Vísnadómnefnd endurkosin
Þá var talað um að kjósa þyrfti leiknefnd
að hálfu á móti Goodtemplurum.
og hlutu kosningu Snæbjörn Sigurgeirsson form.
og Friðrik Jónsson.
Rætt um hvar taka skyldi oddamann, ef
sundurþykki kæmi upp í nefndinni
Tillaga: Oddamaður sé kosinn af nefndinni,
og skal hann vera í báðum félögunum.
Samþykt.
Því næst var rætt um glímur. Í því töluðu
Margeir Jónsson kennari Jón Björnsson kennari
og Snæbjörn Sigurgeirsson formaður.
Tillaga: að einn maður gangi úr glímunefndinni
er kosin var síðastliðinn vetur, og í stað
hans sé kosinn nýr. Samþykt.
Kosinn var: Haraldur Sigurðsson, verzlunarm.
Málefnamaður: Margeir Jónsson kom með málefni.
Hvernig getum við haft fundina skemtilega
í vetur. Í því töluðu utan framsögum

Snæbjörn Sigurgeirsson, form. Eggert Kristjánsson
Haraldur Sigurðsson, Þórey Ólafsdóttir
og Jens Þ. Björnsson kennari
Skipaðir starfsmenn til næsta fundar:
Fundarstjóri: Dýrleif Árnadóttir.
Ritnefnd: Jón Guðmann Gíslason.
Ragnar Jónsson.
Grímur Jónsson
Upplestrarmaður: Haraldur Júlíusson.
Málefnamaður: Ditrik Jónsson.
Otto R. Davíðsson.
Skemtinefnd: Margeir Jónsson.
Guðrún Bjarnadóttir
Jóhannes Pálsson.
Sungið: Í fornöld á jörðu.
Mættir á fundi 21 meðlimur
Fundi slitið kl 6.35 e.m.

Jón Guðmann Gíslason
(ritr.)

# 13. fundur

Sunnudaginn hinn 5. desember þ.á. var fundur haldinn í U.M.F. „Tindastól" í fundarsal félagsins settur kl. 3.15 e.m.

1 Fundarstýra Dýrleif Árnadóttir setti fundinn og stjórnaði honum, til ritara nefndi hún þá Ferdinand Eyjólfsson og Snæbjörn Sigurgeirsson en dyravörð Ney Þór Stefánsson.

2. Sönghlé: [illegible] af R. Jónssyni

3. Lesin fundargjörð síðasta fundar, og samþykkt.

4. Lesið blað félagsins „Árgeislinn" af ritstjóra Margeiri Jónssyni

5. Samþykkt að fyrverandi félagsbróðir okkar Jón Daníelsson sæti fundi félagsins meðan hann dvelur hér á staðnum. Formaður lýsti ánægju sinni og félaganna, yfir því að mega hafa hann sem gest um þetta skeið og helst sem lengst.

6 Leyfi til að sitja á fundi fengu: Aðalsteinn og Helgi trésmiðir frá Akureyri, Guðný Jónasdóttir, Bjarnfríður Þorsteinsdóttir og Lára P. Eyríksson

7 Þá gengu í félagið þessir: Marinó Stefánsson, Gunnar Guðvarðsson, Oddný S. Sigurðardóttir, Þórdís Jóhannsdóttir, Magnús Halldórsson og Helga Hallgrímsdóttir.

8. Lesin upp viðveruskrá félaga, mættir á fundi 18

9. Lesinn upp reikningur fjelagsins til 1 Nov. skuld kr 11.79., gat gjaldkeri þess að útistandandi væri mest af árstillögum fjelaga sem hann ætti eptir að ná inn.

10 Kennari Jón Þ. Björnsson mæltist til að leikfimisáhöld fjelagsins væru endurbætt eptir þörfum. Gat þá formaður þess að hann hefði fengið þar til þá Lúð Jónsson smið og Jón Pálsson, en þar sem þeir ekki en hefðu komið því í verk, skildi hann sjá um að það yrði gert hið fyrsta. Samþykkt var að kostnaður við uppsetningu leikfimisáhalda, yrði greiddur úr fjelagssjóði

11. Þá óskaði Sveinbjörn [?] Sigurgeirsson að fá leigða lampa og tjald fjelagsins sem það á í Sýslufundarsalnum; og að það [yfirleitt mætti] mættist hreingerningu á áðurnefndum sal síðastliðið vor er hann hefði látið gjöra á sinn kostnað. um það kom fram tillaga frá Har. Júlíussyni og var hún samþykkt.

12 Móðurmálsvörður, kom með [athugasemdir] er í vorum[illegible] hefðu orðið hjá ræðumönnum síðasta fundar.

13 Málefnanefnd ekki viðlátin

14. Upplestrarmaður Haraldur Júlíusson, las upp kvæðin „Drangey" og „Á Hornströndum"

15. Jón Daníelsson tók til máls, um fjelagsskapinn, og hvatti hann fjelaga til að starfa ötullega.

16 Formaður þakkaði ræðumanni með nokkrum orðum.

17. Síðan voru nefndir starfsmenn til næsta fundar

Fundarstjóri (formaður): Friðrik Jónsson
Ritnefnd: Haraldur Sigurðsson
Haraldur Júlíusson
Ferdinand Eyjólfsson
Málefnanefnd: Ottó Davíðsson
Jóhannes Pálsson
Upplestrarm.: Ólavía Sigurðardóttir
Skemtinefnd: Haraldur Júlíusson
Otto Davíðsson,
Agusta Eyjólfsdóttir

18 Sungið.

Fundi slitið

á eptir var leikið, og síðan dansað

Ritari
Sigurgeirsson

Fundarstjóri
Fr. Jónsson

## 14. Fundur

Sunnudaginn þ. 19. Desember [struck] 1915 var fundur settur og haldinn í leigusal ungmennafjelagsins kl. 4½.

1. Fundarstjóri Fridrik Jónsson setti fundinn og útnefndi til ritara þá Harald Sigurðsson og H. Júlíusson dyravörð Kristján Egilsson.
2. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykkt
3. Lesið upp blað fjelagsins Árgeislinn
4. Beiðnar til upptöku í fjelagið þær Lára og Margrét Eiríksen.
5. Lestur viðverustkrá mættir á fundi 31. meðlimir auk 3. utanfjelagsmanna er fengu leifi til að sitja á fundi þeir Helgi Kristinn Pétur Hannesson og
6. Aðalumsjónarmaður gerði nokkrar athugasemdir við ræðumanna á síðasta fundi sjerstaklega um upplestur kvæði og var sú athugasemd þakklátlega meðtekin af viðkomandi manni
7. Fundarmál. Jón Þ. Björnsson talaði um að æskilegt væri að safnað yrði gjöfum meðal fjelagsmanna til gladningar fátækum um Jólin eins og undanfarin ár hefir verið gert, tillaga frá flutningsmanni um að kjósa 3. manna nefnd var samþykkt og hlutu kosningu þeir Fridrik Jónsson Haraldur Sigurðsson og Haraldur Júlíusson
8. Tillaga frá Grodtemplarreglunni svo hljóðandi: Á síðasta fundi stúkunnar Geymir nr. 35 var samþykkt: Að leita samkomulags við ungmennafjelagið um skemtanir fyrir fjelögin milli funda, en dans sé helst ekki á fundunum eða í sambandi við þá. Að kosin sé fjögra manna nefnd, tveir úr hvorju felagi en sá fimmti, oddamaður sé meðlimur beggja fjelaganna. flutningsmenn Pétur Hannesson Eggert Kristjánsson Jón Þ. Björnsson.
   Eftir langar umræður var tillaga frá Fr. Jónssyni borin upp og samþykkt. Tillagan hljóðar þannig: Fundurinn samþykkir að halda óbreyttri skemtanaskrá sinni á eftir fundum, og sér sér ekki fært að efna til fleiri skemtana að svo stöddu
9. Upplestrarmaður las upp dálitla sögu. „Fallegur drengur“
10. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar fundarstj. Guðni Jónsson ritnefnd Eggert Kristjánsson Jón Björnsson bú.fr. og Guðrún J. Bjarnadóttir

Málshefjendur Jón Pálsson Otto Davíðsson
Upplestrarm. Jón B. Pálsson
Skemtinefnd Ragnar Jónsson Magnús Halldórsson Fríða Jóhannsdóttir

11. Sungið Sálmur
12 Fundi slitið
Á eftir fundi var skemt með ~~litlum~~ stuttum sjónleik og svo dansað dálitla stund

ritari H. Jóhannsson [illegible]

fundarstjóri

# 15. fundur.

(í) U.M.F. „Tindastóll" var settur og haldinn kl. 4 síðdegis á 2an í Nýjári 1916 af formanni Guðna Jónssyni og nefndi hann til fundarritara þá Snæbjörn Sigurðsson og Otto R. Davíðsson en dyravörð Gunnar Laxdal.

Á fundinum gjörðist þetta:

1. Sungið: „Hærra minn guð til þín"
2. Fremur utanfélagamönnum, Marteini Steindórs[syni], Helga Kristinssyni og Óskari Stefánssyni, var leift að sitja á fundi.
3. Lesin fundargjörð síðasta fundar. Tillaga kom frá Margeiri Jónssyni um, að skemtanir þeirra er fram færu eftir fundi yrði ekki getið í fundargjörðinni sjálfri, heldur væru þær skráðar neðan við nöfn fundarstjóra og fundarritara, og þar væri þeirra nokkuð nákvæmlega minnst. Samþykkt í einu hljóði.
4. Lesið blað félagsins Árgeislinn af ritstjóra; og mæltist hann til að félagar sýndu meiri áhuga á að senda greinar til blaðsins.
5. Viðveruskrá lesin upp. mættir á fundi 25 félagar.
6. Upptökubeiðni kom frá Guðmundi Jónssyni söðlasmið, samþykkt með öllum greiddum atkv.

7. Úrsagnir komu frá þeim: Söðlasmið Eggert Kristjánssyni og Skósmið Halldóri Halldórssyni. Stuttu síðar tók Halldór Halldórsson úrsögn sína aftur með samþykki fundarins.

8. Formaður gat þess að kjósa þyrfti 3 menn í laga endurskoðunarnefnd, og 2 reikningaendurskoðendur, þar eð þeir ekki fundust nefndir í ~~gjörðabók~~ fundargjörð síðasta aðalfundar.

Kosið var í Laga endurskoðunarnefnd: Þórey Ólafsd. 12 atkv.
Friðrik Jónsson 11 —
Haraldur Sigurðsson 10 —

Og reikninga endurskoðendur: Jón G. Gíslason 12 atkv.
Haraldur Sigurðsson 11 —

9 Kæra frá Ragnari Jónssyni svo hljóðandi:
„Ég undirritaður kæri hér með 4 úr ungmennafél. „Einstakt" fyrir brot á alið 2. greinar laga þess.
Formaður fór nokkrum orðum um kæru þessa og hve viðsjárvert væri nú að hreifa þessu máli þar eð landslögin væru orðin svo ströng í þá átt, ef átt væri við bindindisbrot hjá kærenda, og upplýstist það að svo væri. Þá gat Magnús Jónsson þess að kæran væri ekki formleg, og bæri því ei að taka hana til greina, þar sem ákærðu væru alls eigi nefndir

Þá stóð skósmiður Halldór Halldórsson upp og kvaðst mundi vera einn af þessum fjórum sakborningum, og sagðist hann kannast fúslega við brot sitt og óskaði eftir inntöku sinni, og var hún samþykkt.
Stóð þá kærandi upp og sagði að Halldór væri ekki einn á sínum báti, en úr því fundurinn óskaði eftir að heyra nöfn þeirra kærðu þá væru þeir: 1 form. Snæbjörn Sigurðsson Friðrik Jónsson Eggert Kristjánsson og Magnús Halldórsson. — Formaður gat þess að kæra þessi kæmi nokkuð óvænt á sig; og þó hún þætti ekki formleg, þá kvaðst hann vilja ræða það mál til hlítar hvað sig snerti, og skoraði á kæranda að tilnefna stað og vitni, Kærandi tilnefndi sem vitni þá ~~Ragnar~~ Ferdinand Eyjólfsson og Eggert Kristjánsson, og bar hann það að hann og þeir hefðu fundið vínlykt af ákærða á annan í jólum að kvöldi; annað vitnið var fjarverandi, hafði sagt sig úr félaginu þegar hér var komið, en hitt Ferdinand, bar það og að ákærði ~~kærandi~~ hefði verið ölvaður. Ákærði neitaði þessu mjög alvarlega, og kvað hér mundi einhver misskilningur, ~~eða~~ og kvað hann standa

svo seint á að þetta kvöld hefði hann verið
á danzskemtun með mörgum þeim ungmennafél.
er nú væru á fundi, og óskaði hann eptir
að þeir segðu álit sitt á fundinum hver og einn.
Stóðu þá upp þessir Gunnar Laxdal, Haraldur
Júlíusson, Haraldur Sigurðsson og Friðrik Jónsson,
og kváðust þeir hver um sig, ekki hafa fundið
vínlykt af ákærða né séð þess nokkur merki
að hann hefði neytt þess. Ennfremur stóðu
upp þessar stúlkur: Þórey Ólafsdóttir, Ágústa
Eyjólfsdóttir, Guðrún Jakobsdóttir, (Guðrún Björns-
dóttir) og Þórdís Jóhannsdóttir og Dýrleif Árnadóttir. Kváð-
ust þær hafa dansað við ákærða þetta kvöld
og ekki fundið vínlykt af honum, eða getað séð
þess nokkur merki að hann hefði bragðað vín.
Kom þá svohljóðandi tillaga frá: Margeir Jónssyni
Fundurinn lýsir því yfir að nægileg rök vanti fyrir
þessari kæru gagnvart Snælyni Sigurgeirssyni, og telur
það mál útrætt. Samþykkt með 13 atkv
gegn 3.
Þá tók Friðrik Jónsson til máls og kvaðst
heimta sannanir fyrir sinni kæru. Kvaddi
nefndi sem vitni þá Eggert Kristjánsson og
Otto R. Eyrbekk, og kvað hann ákærða hafa verið

ölvaðann á Nýársdagskvöld. Vitnin Otto R. Eyrbekk
kvað áðurgreindann sakborning hafa að sínu áliti verið
ölvaðann, en Ákærði kvaðst alls ekki sinna kæru
þessari og áliti hana ekki svaravert, léti
af því að annað vitnið væri ekki félagsmaður,
og svo væru á kærunni ýmsir gallar. Um þetta
urðu nokkrar frekari umræður, og töluðu Har.
Júlíusson Margeir Jónsson o. fl. Kom þá fram
svo hljóðandi tillaga frá Har. Júlíussyni:
Þar eð kæra á Friðrik Jónsson er ekki álitin
á neinum rökum byggð tekur fundurinn fyrir
annað mál á dagskrá. Breytingartillaga kom
frá Ragnari Jónssyni: Fundurinn samþykkir
að spyrja hvern einstakann um hvort Friðr.
Jónsson hafi ekki verið ölvaður í gærkveldi.
Var hún fyrst borin upp og feld með 10 atkv.
gegn 6. Var þá hin fyrri tillaga borin upp og
samþykkt með 12 atkv gegn 5.
Þá var samþykkt að fresta kærumáli á þá
2 fjarverandi meðlimi, Magnús Halldórsson
og Eyrik Kristjánsson
10. Formaður samskotanefndar Haraldur Júlíus-
son skýrði frá starfi nefndarinnar, hafði safnast
kr. 25.; og þeim verið deilt niður á 9 fátæklinga

sem þula gladning.

11. Málefnamenn kváðust ekki vera viðbúnir með málefni fyrir fundinn.

12. Upplestrarmaður ekki heldur viðbúinn

13. Þor. Júlíusson vakti máls á því að lítill áhugi væri með glímur, og gat þess hvort ekki mundi ráðlegt að breyta bikarnum til verðlauna í einhverja aðra, svo sem: Líkfimi Tafli m.m. Formaður gat þess að ekki væri viðeigandi að breyta til með bikarinn, og mæltist til að nefndin legði sig betur fram með að koma æfingum á, t.d. að auglýsa þær á fjölförnum stað; dálitlar fleiri umræður, en engin tillaga ~~[illegible]~~ var lögð fram.

14. Þá vakti Jón Guðmann máls á því að æskilegt væri að heyra eitthvað frá taflnefndinni. Form. taflnefndar Fr. Jónsson gat þess að hann hefði hugsað sér að koma á fundi í taflfélaginu eptir ungmennafélagsfundi.

15. Snæbjörn Sigurjónsson gat þess að einn mann þyrfti að kjósa í skemmtinefnd í stað Eggerts Kristjánssonar, og kvaðst hann leyfa sér að stinga upp á Ragnari Jónssyni, og var það samþykkt

16. Í skemmtinefnd til næsta fundar voru skipaðir þeir Jóhannes Pálsson Friðrik Jónsson og Haraldur Júlíusson. Aðrir starfsmenn ekki skipaðir því að næsti fundur verður aðalfundur félagsins

Sungið: „Ó faðir gjör mig lítið ljós o.s.frv."

Fundi slitið

Ritari: Formaður

Sigurjónsson

Á eptir voru sungin nokkur lög undir stjórn Ragnars Jónssonar. Síðan var komið í ~~minta~~ hattaleiki og fleiri, sögð fundarsaga. og að lokum taflfélagsfundur.

# Aðalfundargerð.

Árið 1916. 16 jan. helt „U. M. F. „Tindastóll" aðalfund sinn í Goodt.-húsinu á Sauðárkróki.

Form. fél. Sveinbjörn Sigurgeirsson setti fundinn kl. 4½ e.m. og skipaði ritara fundarins Margeir Jónsson og Harald Sigurðsson; og áhorvörð Jón G. Gíslason

Sungið Vor guð er borg á bjargi traust.

Því næst hófust störf fundarins.

1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar. Samþykt í einu hljóði.
   Þá bar form. þessar inntökubeiðni í fél. frá Jóni Einarssyni Maríu Jóhannsdóttir Sigurfljóði Jakobsdóttir Steingr. Benediktssyni ~~Samþ.~~ Samþ. fundurinn upptöku þeirra í einu hljóði.
2. Lesin Ársreikningur af Margeiri Jónss.
3. Viðvera á fél. lesinn upp. 30 medl. mættu.
4. Kom úrsögn frá Eiríki Kristjánssyni.
5. Form. bar fram þá tillögu, að fél. kysi sér einn af medl. sínum til að bera fundarboð milli fél. manna og sé hann árgjaldsfrí; Samþykt. Steingr. Benediktsson bauðst til að gegna þessum starfa, og var honum veitt það í einu hljóði.
6. Endurskoðendur laganna lögðu fram breytingartillögur sínar.
   Voru lögin tekin til umræðu þannig, ásamt breytingartillögum

1 gr. s.þ. óbreytt.
2 " br.t. sv. hl. leyfilegt er þá fél.m. að neyta þeirra drykkja sem ekki hafa meira áfengi í sér fólgið en 2¼ %
Samþykt umræðulaust.
3 gr. s.þ. óbreytt
4 " " sömuleiðis
5 " " sömuleiðis
6 gr. Form. bar fram þessa breytingartillögu; Í stað ...tamur ef meiri hluti óskar þess; komi ef 7 menn óska þess; Móti breytingartillögunni töluðu

Margeir Jónss. fór Þ. Björnsson
Tillagan var borin upp, feld með
9 atkv. mót 3 atkv.
7 gr. s.þ. óbreytt
8 gr. br. t.l. á eftir orðunum einhverjum fél.m. komi
þá skal hann leggja fyrir fél. stj. og eiga að mæta
fyrir henni kærandi ákærður og vitni; og skal hún hafa
dómsvald í því máli; og leggja síðan dóms úrskurð
fyrir næsta fund, sem kveður upp fullnaðar dóm í málinu
með samþ. í einu hljóði.
9 Gr. s.þ. óbreytt.
10 " " Sömuleiðis
11 gr. br. t.l. þessi orð falli burt. Engum fél.m. er heimilt
að leyfa utanfel.m. þátttöku í þessum skemtunum og í stað
þess komi skemtan. má leyfa utanfel.m. þátttöku í þessum
skemtunum; en ábyrgð ber hver á því að ekki séu svo margir
að fél. geti ekki skemt sér
samþykt.
12 gr. s.þ. óbreytt
13 " " Sömuleiðis
14 " " Sömuleiðis
15 " " Sömuleiðis
16 " " Sömuleiðis
17 " " Sömuleiðis
18 " " Sömuleiðis
19 " " Sömuleiðis
20 " " Sömuleiðis

Þá voru öll lögin ásamt breytingum
borin upp og samþykt.
7. Gjaldkeri fél. Jóh. Pálsson, lagði fram
reikninga félagsins, ásamt athugasemdum
endurskoðenda; og gat þess um leið
að endurskoðendur mundi skýra frá ásig-
komulagi reikninganna.
Annar endurskoðandinn Haraldur Sigurðsson
reifaði athugas. nokkrum orðum
og gat þess, að gjaldkeri hefði ekki
haft tök á að leggja fram aðalreikn.
félagsins, en við mánaðar reikninga
hefðu endurskoðendur fundið þetta
athugavert; vöntuðu fylgiskj. fr. Kr. 10,00
Kr. 6.00 og Kr. 40.00 er gjaldk. hafði
greitt til Guðnýjar Jónasdóttur.
Ath. semdum þessum svaraði gjaldg.
þannig.
1. Að hefði ekki verið föst regla, að
leggja fram aðalreikning á aðal-
fundi félagsins, og þess vegna
hefði hann álitið þess ekki
brýna þörf.
2. Vantandi fylgi skjöl skyldu

lagð fram á næsta fundi.
Í sambandi við reikningana gat form. þess að æskilegt væri að Guðnýju Jónasdóttir væru greiddar Kr. 10,00 úr sjóði fél. fyrir hreinsun á Templarahúsinu síðastliðið ár; í þágu Ungm. fél. Samþ. umræðulaust.
Munnleg tillaga kom frá Jóni Þ. Björnss. þess efnis, að gjaldk. fél. sé skildur að leggja fram aðalreikning fél. á næsta fundi; ásamt vottandi fylgiskjölum og var það samþykkt.
8. Kosið í stjórn félagsins
Form. fél. baðst undan endurkosningu og taldi vaxandi störf sín á öðrum sviðum ástæðu til þess; og benti á ýmsa Ungm. fél. hæfa til þess starfs. Har. Júlíusson Margeir Jónsson (...) og ýmsa aðr. og lýstu þeir því yfir eindregið að þeir tækju ekki kosningu í stjórn fél.
Margeir Jónss. skoraði í nafni fundarmanna, á Snæbjörn Sigurgeirss að neita ekki formensku störfum

næsta ár; Meðan á þessum umræðum stóð höfðu fél. m. greitt af hendi atkv. seðla sína og hlaut Snæbjörn Sigurgeirs flest atkv. við formanskosningu.
Lýsti hann því þá yfir, að hann mundi ekki hrekkja kosningunni.
Og var hann því réttkjörinn form. félagsins með 8 atkv.
Skrifari Har. Júlíusson 11. "
Gjaldkeri Har. Sigurðsson 11 "
Í Varastjórn.
Form. Friðr. Jónsson 16 atkv.
Ritari Þorg. Ólafsd. 15 "
Gjaldkeri Jóh. Pálsson 12 "
9. Formaður fordabúrsins Snæb. Sigurg. lýsti stuttlega starfi forðabúrsstjórnar. Samkv. lögum forðab. átti einn af stjórnendum að ganga úr eftir hlutk. og eftir hlutkesti hlaut Margeir Jónsson að ganga úr stjórn forðabúrsins. Var hann endurkosinn í einu hljóði.
10 Taflfél. form. Friðr. Jónsson gaf skýrslu um starfsemi fél. og var hann

endurkosinn formaður þess.

11. Að þessu lokinu skipaði fundarstj. starfsmenn næsta funda þannig.

Fundarstj. Jón G. Gíslason

Ritnefnd Kristján Egilsson

" Fridr. Jónsson

" Oddný Sigmundard.

Málefnam. Þórey Ólafsdóttir

" Ragnar Jónsson

Upplestram Þórdís Jóhansd.

Skemtm. Otto Davíðsson

María Jóhansd.

Sunni Landal

Formaður þakkaði síðan fyrir góða fundarsiði og bað menn að syngja

Fundi slitið kl. 9.

Ritarar Fundarstj.

Hallgrímur

Margeirsson

A eftir fund skemti fél. m. með ýmsum leikjum til kl. 11

# 2. Fundur 1916.

Sunnudaginn 30 jan var fundur haldinn í U. M. F. „Tindastóll" kl 4½ em í leguesal þess.

Á fundinum gerðist þettað.

1. Fundarstjóri Jón G Gíslason setti fundinn og nefndi til skrifara Dýrleifu Árnadóttur og Jósefínu Maríusdóttir og dyravörð Eyþór Stefánsson.

2. Sungið: „Til þín ó Jesu" ~~mor~~

3. Lesin fundargerð síðasta fundar af Snæbirni S. og var hún samþykt.

4. Lesið upp blað felagsins „Árgeislinn" af ritstjóra Margeiri Jónssyni. Og mæltist hann til að felagar syndu meiri áhuga fyrir að rita í blaðið.

5. Lesin viðveruskrá mættir á fundi 19

6. Formaður Snæbjörn Sigurgeirsson, las upp aðalreikning felagsins. Í sjóði hja gjaldkera 8, kr. 74 au. einnig las hann upp jafnaðarreikning, skuldlaus eign 974 kr 65 au.

Hann gat þess að líka, að hann væri ekki búin að ljúka við starfskyrslu.

7. Formaður gat þess að það hefði komið fáir vísubotnar til sín, og að þeir kæmu í næsta bladi.

8. Tillaga kom frá Snæbirni, að engin verdlaun yrðu veitt fyrir vísubotna.

9. Málefram. Þórey Ólafsdóttir, kom með það málefni
Hver væri mannsins dýrmætasta eign.
Í því máli töluðu Formaður og álitu viljann
vera það dýrmætasta. Steingrímur Benediktsson
sagði það vera trúna og María Jóhannsd. heilsuna
Framsögum stóð því næst upp og ~~var~~ hélt því
fram að það væri vonin. Þá talaði Margeir
Jónsson, og sagði að málið væri yfirgripsmikið
og maður þyrfti að líta á meira en það er væri á fundi
Hann tók t.d. viljann, vonina, trúna og heilsuna
og liðaði hvað ætlaf fyrir sig, og hélt langar umræður
Og hann komst að þeirri niðurstöðu að rettlætið
væri það besta.
10. Snæbjörn Sigurgeirsso, sagðist hafa ætlað að koma
fram með málefni á þessum fundi, en af því að
hann væri svo fámennur þá ætlaði hann að geyma
það til næsta fundar. Málefnið var Hafnarmál
Sauðárkróks.
11. Upplestrarm. Þórdís Jóhannsd. las sögu er heitir
Feimni og líka hvaði Ég stend og stari út í bláinn
12. Fundarstjóri las upp umsögn frá Kristjáni Egilssyni
13. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar.
Fundarstjóri Ragnar Jónsson
Málefram. Ragnar Jónsson og María Jóhannsd.

Ritnefnd. Þórey Ólafsdóttir Sigurfljóð Jakobsdóttir
og Magnús Halldórsson.
Upplestrarm. Steingrímur Benediktsson.
Skemtinefnd. hin sama. Otto Davíðsson María Jóhannsd.
og Gunnar Laxdal.
15. Sungið: „Ég horfi yfir hafið".
16. Formaður þakkaði fyrir hvað starfsmenn, hefðu
leist vel störf sín af hendi.
17. Fundi slitið.
Engin skemtun á eftir.

Fundarstjóri. Jón Guðmann Gíslason.

Ritarara.
Dýrleif Árnadóttir
Jósefína Maríusd.

Ungmennafélagið „Tindastóll"
Sauðárkróki. Sunnudaginn 13. febr. 1916

Fundur settur kl. 4,20' e.m.
Skipaðir starfsmenn til fundarins: Ritarar:
Þórey Olafsdóttir og Jón Guðmann Gíslason.
Dyravörður: Ferdinand Eyjólfsson.
Sungið: „Fjalladrottning móðir mín."
Lesin fundargerð síðasta fundar og samþykt.
Lesinn Árgeislinn.
Lesin viðveruskrá. Mættir 20 meðlimir
Móðurmálsvörðurinn kom með athugasemdir síðan frá síðasta fundi.
Formaður bar fram til umræðu: „Hafnarmál Sauðárkróks". Í því töluðu auk framsögumanns: Haraldur Júlíusson, Jón Þ. Björnsson.
Svohljóðandi tillaga kom fram, frá formanni Snæbirni Sigurgeirssyni.
„Fundurinn samþykkir að safna til hlutaveltu, sem haldin skal í Febrúar 1917, og allir félagar leggi sitt til að safna til hennar. Ennfremur að kosinn sé nefnd, sem útbreiði áhuga fyrir þessu máli út meðal Ungmennafélaga

í sýslunni, og í starfandi félögum hér á staðnum.
Tillagan samþykt.
Tillaga kom fram að skipa nefndina 5 mönnum. Samþykt. —
Tillaga Guðm. G. Jónssonar, að viðhafa hina svokölluðu „halarófukosningu", og að formaður félagsins sé formaður í þessari nefnd. Samþykt.
Í nefndinni lentu:
Snæbjörn Sigurgeirsson
Haraldur Júlíusson
Haraldur Sigurðsson
Jón Guðmann Gíslason
Jón Þ. Björnsson.
Málefnamaður: María Jóhannsdóttir lagði fyrir fundinn þessa spurningu: „Hvernig eigum við að fara að því, að hafa skemtilegt á fundunum hjá okkur?" Benti hún á að gott væri að mynda söngflokk innan félags.
Í því töluðu: Snæbjörn Sigurgeirsson og Guðm. G. Jónsson.
Tillaga Guðmundar að kosin sé 3ja manna nefnd til að mynda söngflokk.
Breytingartillaga frá Maríu Jóhannsdóttir: að skipuð sé 5 manna nefnd til þessa sama

Breytingartillagan samþykt
Hlutarðsfikkaning var óúthóft, og fór hún þannig fram; að þessi um kom:
María Jóhannsdóttir
Ragnar Jónsson.
Guðrún Bjarnadóttir
Þórdís Jóhannsdóttir
Þýrleif Árnadóttir.
Upplestrarmaður: Steingrímur Benediktsson las 2 sögur og nokkrar skrítlur
Skipaðir starfsmenn til næsta fundar:
Fundarstýra: Sigurfljóð Jakobsdóttir
Ritnefnd: Haraldur Sigurðsson.
Ólafía Sigurðardóttir
Otto R. Davíðsson.
Málefnamenn: Þýrleif Árnadóttir
Jón Guðmann Gíslason.
Upplestrarmaður: Snæbjörn Sigurgeirsson.
Skemtinefnd: Þóreg Ólafsdóttir
Friðrik Jónsson.
Eypór Stefánsson.
Sungið: „Eim herra best eg átti"
Fundi slitið kl. 6,30 e.m.
Ritarar: Jón Guðmann Gíslason

## 4. fundur.

Sunnudaginn þann 12 Marts 1916 var fundur haldinn, í U.m.f. „Tindastól" í fundarsal félagsins; settur kl. 5. e.m.

1. Fundarstjóri Haraldur Júlíusson setti fundinn og nefndi til ritara Harald Sigurðsson
2. Sungið
3. Lesin fundargerð síðasta fundar, og samþykkt.
4. Lesið blað félagsins „Árgeislinn" af ritst. [Þorgr. Ólafsd.]
5. Lesin upp þátttökuskrá félaga, mættir á fundi 18
6. Margeir Jónsson lagði fyrir fundinn svohljóðandi málefni: að félagið reyni að stofa skemtun, annað: næstkomandi vori með líku fyrirkomulagi og hefir verið hér áður fyr, og benti hann á ýms atriði því viðvíkjandi.
Málefnið fékk góðar undirtektir, í því töluðu Þóreg Ólafsd. Har. Júlíusson Guðmundur Jónsson.
Kom tillaga frá Margeir Jónssyni, svohljóð.
Fundurinn ákveður, að efna til skemtunamóts næstkomandi vor ef föng leyfa.
Í því skyni samþykkir fundurinn

að kjósa 7 manna nefnd, til að undirbúa þetta mál, og leggja fram álit sitt hið fyrsta.

Tillagan samþykkt.

Hlutu þessir kostningu

| | |
|---|---|
| Snæbjörn Sigurgeirsson | 18 atkv. |
| Jón Þ. Björnsson | 17. " |
| Haraldur Júlíusson | 17. " |
| Margeir Jónsson | 16 " |
| Guðni Jónsson | 15 " |
| Haraldur Sigurðsson | 14 " |
| Friðrik Jónsson | 10 " |

7. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar.

Fundarstýra Oddný Sigurðardóttir
Ritnefnd Guðni Jónsson
María Jóhannsdóttir
Guðmundur Jónsson
Málshefjandi Dýrleif Árnadóttir
Guðmann Gíslason
Upplestrar. Snæbjörn Sigurgeirsson
Skemtinefnd María Jóhannsdóttir
Ólafía Sigurðardóttir
Haraldur Júlíusson

Sungið Ísegirnhafi liggur land. Fundi slitið.

Ritari Fundarstjóri
H. Sigurðsson

## 5. Fundur

Sunnudaginn 9. April var fundur haldinn í ungmenna félaginu „Tindastóll“, í fundarsal félagsins. Fundarstýra Oddný Sigurðardóttir setti fundinn og nefndi til skrifara Þórey Ólafsdóttur og Eyþór Stefánsson, dyravörð Dýrleifu Árnadóttur.

1. Sungið: „Hver er mestur guð allra“?
2. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykt.
3. Skeggjaldur var ekki kominn, var því lesin viðverunskrá; mættir á fundi 19
4. Formaður skýrði frá störfum þeirra nefnda er hann hafði verið kosinn í. Nefnd sú er kosin var til að velja á ný í hafnarmálinu hafði skrifað bréf því viðvíkjandi og sent út um sýsluna. Nefndin, sem kosin var að íhuga hvort hægt væri að halda vorskemtunina er að leitast fyrir um samvinnu í því máli við félög þau hér í firðinum, er hafa haldið líkar samkomur undanfarandi sumur.
5. Lesinn Skeggjaldur.
6. Formaður las upp skýrslu þá, sem ungmennafélagið sendi til sambandsins.
7. Leyfi til að sitja á fundi fengu 4 stúlkur.
8. Formaður ~~er~~ vakti máls á því hvort Jón Þ. Björnsson mundi ekki vilja verða sundkennari fyrir okkur

í vor eins og að undanförnu. Því hvaðst ekki mundi skorast undan því ef til kæmi, en skoraði á félagana að sýna meiri áhuga fyrir sundinu en þeir hefðu gert hingaðtil. Um þetta töluðu auk þessara tveggja Margeir Jónsson, Sigurður Björnsson og Haraldur Júlínusson. Tillaga kom frá Margeiri, svohljóðandi: „Fundurinn samþykkir að halda uppi sundkenslu næstkomandi vor, og felur stjórn félagsins að sjá um frekari framkvæmdir í þessu máli."
Um tillöguna töluðu: Margeir Jónsson, Snæbjörn Sigurgeirsson Sigurður Björnsson, Margeir bætti í tillöguna þessum orðum „ef nógu margir þátttakendur fást."
Tillagan samþykt í einu hljóði.

9. Formaður las upp auglýsingu frá sambandsstjórn um fjórðungsþing ungmennafélaga, er á að halda 16 - 17 april en bæði kom auglýsingin seint, og hvaðst ekki sjá að félagið gæti sent neinn þangað. Hann vakti einnig máls á því að senda menn norður á íþróttamótið hvaðst vita af tveim mönnum, sem myndu fást til að fara en annar væri utanfélagsmaður. Í þessu máli töluðu auk framsögumanns: Haraldur Júlínusson, Margeir Jónsson og Sigurður Björnsson. Tillaga kom frá Haraldi Júlínussyni: „Fundurinn samþykkir að fela stjórn félagsins að leyta upplýsinga viðvíkjandi þátttöku í íþróttamóti Norðlendingafjórðungs, og leggja fyrir næsta fund." Tillagan var samþykt

10 Dýrleif kom með það málefni, hvort betra væri að lifa í sveit eða kaupstað? Um það töluðu auk framsögumanns: Margeir Jónsson, Haraldur Júlínusson, og Snæbjörn Sigurgeirsson.

11 Guðmann Gíslason vakti máls á því að fara svipaða skemtiför í vor, og farin var í fyrravor. Ákveðið var að fresta því máli til næsta fundar vegna þess að þessi fundur var orðinn svo langur.

12 Upplestrarmaður las upp kvæði, er heita „Syndflóðið" og „Lóan svanga," eftir Jakob Thorarensen.

13 Skipaðir starfsmenn til næsta fundar.
Fundarstjóri Haraldur Sigurðsson
Ritnefnd: Jón J. Björnsson, Helga Hallgrímsdóttir, Jón Einarsson
Málefnamenn: Snæbjörn Sigurgeirsson, Friðrik Jónsson
Upplestrarmaður: Þórey Ólafsdóttir
Skemtinefnd: Dýrleif Árnadóttir, Þórdís Jóhannsdóttir Sigurbjörg Jakobsdóttir

14. Sungið:

Fundi slitið.

Fundarstjóri: Ritarar:

Þórey Ólafsdóttir
G. Hansson

# Ungmennafélagið „Tindastóll“

Sauðárkróki, sunnudaginn 7. Maí 1916.

Fundur settur kl. 3.40 e. m.
Ritarar: Har. Júlíusson og Jón Guðmann Gíslason.
Dyravörður: Eyþór Stefánsson
Sungið: Þín miskunn ó Guð.
Fundargerð síðasta fundar, lesin upp og samþ.
Ársgjöldum lesinn
Viðvaranir? Armeðlima lesin, 15 meðl. mættir
Lesinn mánaðarreikningur félagsins.
Í sjóði 92,67
Úrsagnir komu frá Maríu Stefánsdóttur og Jóhönnu Þórðardóttur og Maríu Jóhannsd.
Tilkynning kom frá Ungm.fél. Gleymmérei um að samningurinn milli félaganna gengi úr gildi þ. 15. Maí þ. á.
Form. skýrði frá starfi nefndar þeirrar er kosin var til að fjalla um íþróttasamkomu í vor. Kvað hún enga ástæðu til að ákveða neitt um hana, fyr en tíðin batnaði.
Form. vakti máls á Grjótvarðt.?
Till. að kjósa mann til að safna gjafadagsverkum til hennar. Samþykt.
Kosinn var Har. Sigurðsson.

Jón Þ. Björnsson talaði nokkur orð um stöðina. — Till. að kjósa 2 menn til að safna saman kröftum til vinnu í stöðinni. Kosnar: Þórey Ólafsdóttir & Dýrleif Árnadóttir
Ritari félagsins las upp bréf frá fjórðungsf. Jakob H. Líndal og annað frá Ræktunarfél. Norðurlands. — Jón Þ. Björnsson talaði nokkur orð um það.
Tekið til meðferðar málefni frá síðasta fundi, um skemtiferð Ungmennafél. í sumar. Um það talaði Jón Þ. Björnsson.
Tillaga að kjósa 3ja manna nefnd til að sjá um alt framkvæmd á skemtiferðinni og ákveða hvert farið skyldi. — Samþykt.
Kosnir voru: Þórey Ólafsdóttir, Guðmann Gíslason og Haraldur Júlíusson.
Málshefjandi Grafar? Sigurgeirsson, tók til máls um heitstrengingar, og lagði hann það fyrir fundinn. Í því talaði auk framsögum.
Jón Þ. Björnsson: —
Form. gat þess að stjórnin hefði talað við Guðna Jónsson um ferðina á Í. þr. m. N. l. þ. á Akureyri, sagði hann myndi verða mjög sanngjarn með ferðakostnaðinn

Formaður bauð félaginu að það gæti haldið fundi í húsi sínu í sumar, ef það vildi.

Jón S. Björnsson talaði nokkur orð til félagsins.

Upplestrarm: Þórey Ólafsdóttir las sögu og kvæði.

Fundi slitið. —

Fundi slitið

Jón Guðmann Gíslason

## 7 Fundur

Sunnudaginn 5 November 1916 var fundur settur og haldinn í húsi Guðbjarnar Sigurgeirssonar kl 4 e.m.

Formaður setti fundinn og nefndi til ritara fundarins Harald Júlíusson og Dýrleifu Árnadóttir

1. Lesin fundargerð síðasta fundar og samþykkt

2. Formaður skýrði frá að félagið vantaði húsnæði til fundarhalda í vetur og að ráða fyrsti fram úr því á þessum fundi ef hægt væri en gat þess um leið að félagið mundi varla vera fært um að það væri ekki fært um að taka dýrt húsnæði og bauð að lána stofu til fundarhalda fyrir 50 aura fyrir hvern fund en félagið legði til ljós og hita var málið töluvert rætt og voru menn ekki á eitt sáttir, að lokum umræðum var borin upp til atkvæða eftirfylgjandi tillaga: Fundurinn samþ. að kjósa 3ja manna nefnd til leita fyrir sér um fundarhús fyrir félagið í vetur, tillagan samþykkt og kosningu hlutu Jón S. Björnsson Jón Guðmann Gíslason Magnús Jónsson

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum og voru því útnefndir skemmtun til næsta fundar

Fundarstj. Jón Björnsson útnefnd Haraldur Sigurðsson Fr. Jónsson Oddný Sigurðardóttir

Málshamenn Jón S. Björnsson Haraldur Júlíusson

Upplestrarmaður Sigurleif Arndóttir. Mættir á fundi 11 félagsmenn
Sungið sálmur og
fundi því næst slitið

Haraldur Júlíusson

# Ungmennafélagið „Tindastóll“

Sauðárkróki. Fimmtudaginn 16. Nóv. 1916

Aukafundur í Templarasalnum,
Fundurinn byrjaði kl. 9. e. m.
Tilgangur fundarins var, að útkljá um
leigu á fundar húsi f. félagið í vetur
Form. húsaleigunefndar skýrði frá
starfi hennar. Sagði hann þau
kjör er Templarar buðu og einnig
þau er frú Heiðdal bauð.
Heiðdal kvaðst skyldi lána húsið
endurgjaldslaust til aðalfundar
og ef til vill lengur —, en félagið
þyrfti að láta gjöra salinn hreinan
eftir hvern fund. Ennfremur sagði
form. nefndarinnar, félagið mundi
geta fengið barnaskólahúsið móti
dálitlu endurgjaldi. Sömuleiðis
bauð form. fél. ~~að~~ fram húsnæði
til fundarhalda. Um þetta töluðu
auk form. nefndarinnar form.
félagsins. Tillaga frá Marg. Jónss.
svohljóðandi: Fundurinn samþ.
að taka tilboði Heiðdals um

húsláu fyrir félagið í vetur.
Samþ. í einu hljóði.
Þorgeir Jónsson vakti máls á
að, félagið ætti að halda uppi
glímum í vetur. ~~Um~~ það talaði
fom. Ákveðið að geyma
þetta mál til næsta fundar
er ákveðinn er annan sunnudag
hér frá.
Margeir Jónsson ritstjóri minntist
á Árgeislann. Skoraði hann
á félagsmenn að nota nú
tækifærið og rita í þetta
stór~~blað~~-blað, kvað hann óhæft
að hafa blaðið svo dauft sem
það var síðastl. vetur.

Fundi slitið
Jón Guðmann Gíslason

## 8. Fundur.

Sunnudaginn þann 26. nov. 1916. var
fundur haldinn í "U.M.F. Tindastóll" í
sýslufundarsalnum kl. 4½ e.m.
Fundarstjóri Jón Björnsson setti fundinn
og nefndi til skrifara Guðrúnu Björnsdóttur
og Harald Sigurðsson; Dyravörð Ragnar
Jónsson
1. Lesnar upp tvær síðustu fundargerðir
og samþyktar
2 Lesinn Árgeislinn af Margeir Jónssyni
3. Lesin upp viðveruskrá fél. mættu 12
4. Lesinn reikningur félagsins frá
1 Maí til 31 okt. Í sjóði 18.77
5 Í félagið gengu þau Vigfús Jónsson
Guðm. Björnsson og Helga Árnadóttir
6 Margeir Jónsson tók því næst til
máls um glímur hvort ekki mundi
verða hægt að hafa þær í vetur
og sem gætu undirtektir með þær
af ~~félags~~fundarm. og eftir all
langar umræður var kosin 3 m

manna nefnd.
Kosnir Margeir Jónsson 11 atkv.
" Vigfús Jónsson 8 " "
" Haraldur Júlíusson 7 "

Tillaga frá Margeiri Jónssyni svohljóðandi: Fundurinn veitir glímunefnd heimild til að kaupa alt að 4 glímubönd fyrir greiðslu frá félaginu þegar glímumenn eru komnir á fót.

Breytingatill. frá Snæbirni Sigurgeirssyni: Fundurinn veitir glímunefnd heimild til að kaupa glímubönd fyrir greiðslu frá félaginu ~~[illegible]~~ þegar glímumenn eru komnir á fót.

Breytingartill. borin upp, til atkv. og samþ. með 3 atkv. móti 2.
Aðaltill. " " 5 " " 1.

7. Málefnamaður Haraldur Júlíusson vakti máls á hvort ekki mundi vera hægt fyrir félagið að fá menn til að halda fyrir lestra í vetur ~~fyrir~~ og væri ágóðanum skift á milli U.m.f. og sjúkrasamlagsins; í því tilfelli

Margeir Jónsson, Snæbjörn Sigurgeirsson og fundarstjóri Jón Björnsson ~~og var~~

Tillaga kom frá Haraldi Júlíussyni: Fundurinn samþ. að reyna að koma á fót fyrirlestrastarfsemi í vetur, og kýs í tilefni af því 3ja manna nefnd til að annast framkvæmd málsins.

Tillagan samþykkt.
Kosnir Margeir Jónsson 8 atkv.
" Haraldur Júlíusson 7 —
" Snæbjörn Sigurgeirsson 7

8 Upplesturmaður las kvæði.
Skipaðir starfsmenn til næsta fundar
Fundarstjóri Guðmann Gíslason
Ritnefnd Jón J. Björnsson
" Ragnar Jónsson
" Guðlaug Björnsdóttir
Málefnam. Snæbjörn Sigurgeirsson
Upplesari Guðrún Bjarnadóttir
Skemtendur Vigfús Jónsson
Oddný Sigurðardóttir
Ragnar Jónsson

Sungið. Fundi slitið.

Fundarstj. Guðmann Gíslason Ritari ~~[illegible]~~

# 9 Fundur.

Sunnudaginn 10 Deskr. 1916. var fundur haldin
í U M F Tindastóll í sýslufundarsalnum
kl. 4 e.d. Fundarstjóri Jón Þ. Gíslason setti
fundinn, og nefndi til skrifara Friðrik Jónsson
og Dýrleifu Árnadóttir, og dyravörð Eggert Stefánsson
Sungið (Hvað er svo glatt) Lesin fundargerð
síðasta fundar, og samþ án breytinga.
Lesin Ásgeirslíma af Jóni Þ. Björnssyni
Lesin Viðvaranir félagsins mættir 17 meðlimir.
Haraldur Júlíusson vakti máls á því að safnað
yrði samskotum til fátækra fyrir Jólin meðal félags-
manna, í því talaði auk framsögumanns Jón Þ.
Björnsson. Tillaga frá H. Júlíuss. að kjósa 3ja m
nefnd, samþ. Kosning fór fram og hlutu
Dýrleif Árnad með 11 atkv. H. Júlíuss m 7 og Guðrún
Bjarnad m 5. Úrsagnir komu frá Margrétu Eiríksd
og Rebekku Ólafsdóttir. Málshefjandi Jón Þ Björnsson
kvaðst ekki hafa vitað að hann hefði þann starfa.
Hann talaði um hversvegna á því stæði, að félagar
ekki bytu hugsanir sínar, í ræðu eða riti á fundum
félagsins, um það töluðu H Júlíuss og Guðr. Þ. Björnss

Upplesturmaður. Guðrún Bjarnadóttir las söguna
„Hatleg málagjöld“
Skipaðir starfsm til næsta fundar
Fundarst. Dýrleif Árnadóttir
Málshefjm. Ragnar Jónsson Snæbjörn Sigurgeirsson
Upplestrarm. Friðrik Jónsson
Ritnefnd Guðm Þ Björnss. Haraldur Júlíuss. Magnús Árnason
Skemtinefnd. Jón Pálsson Jón Þ Björnsson Guðrún Bjarnad
Sungið. Blessuð sértu sveitin mín.
Fundi slitið.

(Fundarstjóri,
Dýrleif Árnad.

(Skrifarar,
Friðrik Jónsson
Dýrleif Árnadóttir

# 10 Fundur

Sunnudaginn hinn 31 Desember var fundur haldinn í U. M. F. „Tindastól", í leigusal fjelagsins. Fundurinn hófst kl. 2 e. m.

Fundarstýra Dýrleif Árnadóttir setti fundinn og nefndi til ritara þá Jón Guðmann Gíslason og Snæbjörn Sigurgeirsson. Dyravörð Harald Sigurðsson.

Á fundinum gjörðist þetta:

1. Sungið: Nú árdegi líður í aldanna skaut.
2. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar. Samþykkt.
3. Lesið upp blað fjelagsins Árgeislinn. Í því stóð aðeins ein grein. Frá einum ritnefndarmanni kom afsökun, og hafði hann ekki sakir ~~veit~~ lasleika forfalla ~~getað~~ fullnægt starfi sínu sem ritnefndarmaður. Nokkur hvatningarorð til fjelagsmanna í þá átt að rita í blaðið, talaði Jón Þ. Björnsson. Og var því gerður góður rómur.
4. Lesinn viðvaningsskrá fjelagsins meðlir 8. sem bættust fleyri.
5. Vakið athygli á því að í nýdornmálsvind þyrfti að kjósa. Var því gengið til atkvæða með seðlakosningu, og hlutu þessir: Jón Þ. Björnsson 8 atkv., Margeir Jónsson 8., Snæbjörn Sigurgeirsson 6., Friðrik Jónsson Guðm. Björnsson og Jón Guðm. Gíslason hlutu allir 5 atkv., var um þá dregið og gengið Guðm. Björnsson úr. nefndinni.
6. Leifi til að sitja fundinn fékk Björn Frímannsson
7. Form. gat þess, að þar að næsti fundur yrði aðalfundur, þá þyrfti að kjósa í endurskoðunarnefndir, laga og reikninga.
8. Í lagaendurskoðunarnefnd voru kosin þau: Dýrleif Árnadóttir 5 atkv. Jóhanna Pálsson 5. 4 Atkv. fengu þeir Guðmundur Björnsson Guðm. Gíslason og Snæbjörn Sigurgeirsson. Af þessum var dreginn inní nefndina Guðm. Björnsson.
9. Reikningaendurskoðendur: Jón Pálsson 4. 3 Atkv. fengu þeir Har. Júlíusson, Jón Þ. Björnsson og Friðrik Jónsson. Dreginn var Har. Júlíusson
10. Úrsögn kom frá Þórunni Ólafsdóttir, sökum fjarveru, fylgdi því hlýjar óskir og þakkir fyrir samveruna frá hlutaðeiganda.
11. Formaður Glóðubjöllunefndar innar Snæb. Sigurgeirsson, gat þess að nefnd sú hefði lítið starfað, og ~~þ~~ fyndi til þess þær ástæður: Dýrtíð og alvarlegt ástand yfirstandandi tíma, hart árferði, og síðast en ekki síst

vandandi áhuga fjelagsmanna fyrir þessu stórmáli. Hafði nefndin samið nokkur bréf er senda átti til allra ungmenna-fjelaga í sýslunni, en af framangreindum ástæðum hætt við að senda þau. Í þessu máli töluðu auk málshefjanda, þeir Jón Þ. Björnsson og Guðm. Björnsson. Svohljóðandi tillaga kom frá þeim:

Þrátt fyrir það þó nefnd Ölduhjótsmálsins sjái sér ekki fært að gjöra neinar framkvæmdir í þessu máli, sökum dýrtíðar og annara kringumstæða, þá álíttur fundurinn að halda því máli vakandi.

Var hún samþykkt í einu hljóði.

12. Þá upplýstist það að vinnudeildanefnd þyrfti að kjósa, þar eð sú eldri var búin að útenda sinn starfstíma.

Kosning hlutu þau: Haraldur Sigurðsson Jóhannes Pálsson og Þyrlíf Árnadóttir.

13 Jólagjafanefnd skýrði frá starfi sínu: hafði safnast kr 67. og var því eftir sömu reglum og fyr úthlutað meðal fátækra.

14 Málefnamaður: Snæbj. Sigurgeirsson þurfti að fara af fundi vegna skyldustarfa og bað því um frest.

14 Upplestrarmaður Friðr. Jónsson las söguna Bardagi.

17. Nefndir starfsmenn til næsta fundar:

Ritnefnd: Haraldur Sigurðsson
Helga Árnadóttir
Jóhannes Pálsson

Málefnamenn: Snæbjörn Sigurgeirsson
Ragnar Jónsson

Upplestrarm.: Haraldur Júlíusson

Skemtinefnd: Guðmundur Björnsson
Guðmann Gíslason
Ólafía Sigurðardóttir

Jón Þ. Björnsson talaði nokkrum vel völdum orðum í garð Þórunnar Ólafsdóttur í sambandi við úrsögn hennar sungið: Hvað þú mín guð ert góður.

Fundi slitið

Fundarst. Ritari
Sigurgeirsson
Guðmann Gíslason

# Aðalfundur

Árið 1917 hinn 14. jan, hélt U.M.F. Tindastóll Aðalfund sinn í leigusal þess á Sauðárkrók.

Formaður Snæbjörn Sigurgeirsson setti fundinn kl 3 e.m. og nefndi fyrir ritara Eyþór Stefánsson og Jón Björnsson; og dyravörð Helgu Árnadóttir.

Þetta gjörðist á fundinum:

1. Sungið: „Hátt Hósanna föður sé lofgjörðin hjá.“
2. Inntökubeiðni í félagið kom frá Páli Jónssyni og Þórarni Hallgrímssyni. Samþykt í einu hljóði.
3. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar. Samþykt.
4. Úrsögn úr félaginu kom frá Oddnýju Sigurðardóttir.
5. Lesið upp blað félagsins „Árgeislinn“
6. Lesin upp viðvistskrá félagsins. Mættir á fundi 18.
7. Lagðir fram reikningar félagsins. Fundarstjóri las upp aðal- og eignareikning félagsins. Samkvæmt þeim á félagið eignir fyrir kr. 1305,76.
   Endurskoðendur reikninganna kváðust ekki hafa fundið neinar athugasemdir við þá.
8. Lög félagsins. Nefnd sú er kosin var á síðasta fundi til þess að endurskoða lög félagsins kom fram með breytingatillögur sínar.
   Lögin voru lesin upp og tillögur nefndarinnar.

1. gr. Samþykt óbreytt
2. — sömuleiðis
3. — sömuleiðis
4. — sömul.
5. — sömul.
6. — sömul.
7. — sömul.

8. gr. samþykt með svohljóðandi viðauka til lögu frá nefndinni.
„En ef einhver í iradalstjórn fél. verður sekur við lög félagsins, þá verður varamaður hans að vera dómari í hans stað."
9. gr. samþykt óbreytt.
10 „ Sþ. með svohljóðandi viðauka til lögu: Eftir orðunum: þó getur sami maður ekki fengið leyfi til að vera á meira en tveimur fundum, komi: „í vetri"
11 gr. Samþykt óbreytt
12 " sömul.
13 " sömul.
14 " sömul.
15 " sömul.
16 " sömul.
17 " sömul.
18 " sömul.
19 " sömul.
20 " sömul.
Þá voru öll lögin ásamt breytingar til lögunum, borin upp og samþykt.
9. Lesnar upp fundarreglur

félagsins og samþyktar.
Frestað var að lesa upp reglur Árgeislans.
10. Formaður forðabúrsins skýrði frá starfi forðabúrsstjórnarinnar. Kvað félagið eiga um 100.00 kr. virði í heyi.
11. Kosið í stjórn félagsins.
Formaður lýsti því yfir að hann myndi taka við endurkosningu. ef félagar óskuðu þess."
Í stjórninni ~~til~~ hlutu kosningu:
Formaður: Snæbjörn Sigurgeirss.
Ritari Haraldur Jóhannsson
Gjaldkeri Haraldur Sigurðsson.
Í varastjórn:
Formaður Friðrik Jónsson
Ritari Guðmundur Björnsson
Gjaldkeri Dýrleif Árnadóttir
12. Lesin upp fundargjörð
~~taflfélagsins~~
Haraldur Jóhannsson talaði um að kjósa þán Guðm. Gíslason fyrir formann í taflnefndina

Var það samþykt og hlaut hann
kosningu með 8 atkvæðum
13. Til þess að endurskoða reikn-
inga fjelagsins voru kosnir Jón Guðm.
Gíslason með 4 atk. og Jóhannes
Pálsson með 5 atk.
14. Upplestrarmaður Haraldur Jóhannsson
las upp: „Hersöngur Þegnskyldu-
liðsins“. (eftir Vígaglúm.)
15. Að þessu loknu skipaði
fundarstjóri í störf til næsta fundar
þannig:

| | |
|---|---|
| Fundarstjóra | Þórdísu Jóhannsdóttir |
| Ritnefnd | Þórarinn Hallgrímsson |
| " | Dýrleifu Árnadóttir |
| " | Sigfús Jónsson |
| Málshefj. | Snæbjörn Sigurgeirsson |
| " | Ragnar Jónsson |
| " | Guðmund Björnsson |
| Upplestram. | Jóhannes Pálsson |
| Skemtinefnd | Páll Jónsson |
| " | Friðrik Jónsson |
| " | Guðrúnu Björnsdóttir |

Sungið: „Blíði þeir best er sagðir.“

Fundi slitið.

Fundarstj. Ritarar
Jón Björnsson
" Ó. Hjaltason

Dansað á eftir í gryfj[illegible]!

## 2 Fundur

Ungmennafél. „Tindastóll" hélt aukafund þ. 30. jan. 1917. að kveldi í veitingahúsi Snæbjörns Sigurgeirssonar.

Snæbjörn formaður setti fundinn og skipaði ritara Margeir Jónsson.

Formaður skýrði frá og las upp erindi frá Stúdentafél. í Reykjavík og U. M. F. Í. snertandi heimboðsferð Stefáns. G. Stefánssonar

Var þar óskað að ungmennafélögin Íslensku tækju rausnarlegan þátt í þessu fyrirtæki. Vísað svo til bréfanna frekara. Samskota listi fylgdi.

Fundurinn samþykti að fela stjórn fél. að leita samskota til stuðnings þessa máls.

Enn fremur skýrði formaður frá tilkynningu um aðalfund hins Skagfirska málfundasambands er halda skyldi á Hóli í Sæmundarhlíð 3 febr.

Var rætt um að senda mann á fundinn og leita hófanna við sambandsfulltrúana um að félagið „Tindastóll" hefði rétt til þátttöku í stefnumótum félagsins. Var Snæbjörn Sigurgeirsson kosinn til þess að mæta og Páll Jónsson til vara.

Ákveðið að stjórnin leitaði eftir fundarhúsi fyrir félagið.

Fundi slitið.

Ritari Fundarstjóri

## 3. Fundur

Sunnudaginn 4 Februar 1917 var fundur settur og haldinn í U. M. F. „Tindastóll“ kl. 4½ e.m. í Good-Templar húsinu.

Fundarstýra Þórdís Jóhannesdóttir setti fundinn og nefndi til ritara Pál Jónsson Hjaltalín dyravörð Jóh. Pálsson

1. Beiðni frá Jóhönnu Þorsteinsd. um að fá að sitja á fundi var samþykkt
2. Sungið (lag) „Norður við heimskaut“
3. lesin fundargerð síðasta fundar (aðalfundar) og samþ.
4. lesin aukafundargerð frá 30 Janúar og samþykkt
5. lesin „Árgeislinn“
6. lesin nafnaskrá mættir á fundi 16 meðlimir
7. Formaður skýrði frá ferð sinni á fund sambandsstjórnar málfundafélags Skagfirðinga og gat þess meðal annars að ungmennafélagið „Tindastóll“ gæti ekki tekið þátt í íþróttamóti sambandsfélaganna nema það gengi í sambandið fullkomlega; ályktun var engin tekin í málinu
8. Málshefjandi S. Sigurgeirsson talaði um hver væri næstur ávinningur ungmennafélagsins, urðu töluverðar umræður um málið og skoðanir manna sundurleitar og að loknum umræðum komu fram tillögur frá þremur félagsmönnum sem hér greinir frá S. Sigurgeirssyni till. svo hljóðandi

Fundurinn ályktar að leti einstaklingsins sé mesti óvinur fundanna í ungmennafélaginu okkar

frá Dýrleifu Árnadóttur og Hallgeir Jónssyni tillaga svohljóðandi

. Fundurinn viðurkennir að áhuginn sé öflugasti vinur ungmennafélagsins og þar af leiðandi áhugaleysið mesti óvinur þess.

Fleiri mál komu ekki til umræðu á ~~félagin~~ fundinum

Í fundarbyrjun las formaður tillögu frá sambandsþingi ~~stjórn~~ hins Skagfirska málfundafélags, sem hér greinir

. Fundurinn telur S. M. F. S. ekki þarft að leyfa neinu félagi þátttöku í kappraunamóti sínu nema það hlýði öllum ~~nema það~~ lögum þess og reglum

Fundarstýra útnefndi þá næst starfsmenn til næsta fundar: fundarstj. Jóh. Pálsson ritnefnd Harald Sigurðsson Pál Jónsson Egg. Stef. málshefjandi Guðmund Björnsson Pál Jónsson upplestrarmann Ragnar Jónsson Skemtinefnd Hallgeir Jónsson Guðbjörn Sigurj. Dýrleifu Árnadóttur

Var svo fundi slitið

Ritarar
Hjaltalín

Fundarstýra
Þórdís Jóhannesdóttir

Ungmennafélagið „Tindastóll“

Sauðárkróki, sunnudaginn 16. Marz 1919

Fundur settur kl. 17.15

Ritarar: Jón Guðmann Gíslason & Páll Jónsson.

Fjarverandi: Jón Björnsson, bókfr.

Sungið: „Ó faðir gjör mig lítið ljós“

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþ.

Afgreiðslum lesinn.

Viðveruskrá meðlima lesin

Móðurmálsvörðurinn kom með aths. sína

Formaður minntist á gróðrarstöðina.

Um hana ræddu: Jón Þ. Björnsson, sem las upp útdrátt úr skýrslu til Ræktunarfélags Norðurlands. Jak. Júlíusson, Ásgeir Jónsson og Jón Guðmann. Tillaga Jóns Þ. Björnssonar að skipa 3ja manna nefnd til að athuga Gróðrarstöðvarmálið. Samþykkt. Skipaðir: Jón Þ. Björnsson, Snæbj. Sigurg. og Páll Jónsson.

Form. kom fram með tillögu um að afsala sér blettinum uppá mýrinni. Um hana ræddi Jón Þ. Björns. Tillagan samþykkt.

Form. vakti máls á sundmálinu. Í því töluðu Jón Þ. Björnsson. Tillaga að ungm.fél. starfi að sundkenslu í vor. – Samþykkt.

Jón Þ. Björnsson gat þess að félagið skuldaði hreingerningargjald á fundarhúsi frá í fyrra. Form. talaði nokkur orð því viðvíkjandi. Svohlj. tillaga kom frá Jóni Guðmanni:

Fundurinn samþ. að greiða kröfu þá, er Templarar gera á hendur félaginu að upphæð kr: 11.25, sem eftirstöðvar af hreingerningargjaldi á fundarhúsi síðastl. ár.

Till. samþykkt.

Óskað var að lesa upp nokkur bréf frá Sel. náttúrufræðisfélagsins. Málefnamenn ekki viðstaddir. Upplesturinn hafði ekkert fram að fara.

Jón Guðmann vakti máls á að ungm.fél. héldi ~~fund~~ útiskemtun í vor til ágóða fyrir Hafnarbótasjóð Sauðárkróks. Samþykkt að fresta málinu til næsta fundar.

Skipaðir starfsmenn til næsta fundar
Fundarstjóri: Ólafur Sigurðsson
Ritnefnd: Steingr. Davíðsson.
Jón Þ. Björnsson.
Helga Arnadóttir
Málefnamenn: Guðmundur Björnsson
Páll Jónsson.
Upplestrarm. Ragnar Jónsson.
Skemtinefnd. Jón Guðmann
Guðm. Björnsson.
Þórdís Kristjánsdóttir

Engin
Fundi slitið kl. 19,55 ...

Jóh. Pálsson

Jón Guðmann Pálsson
ritari.

Ár 1917 Sunnudaginn 4 Nóvember var haldinn fundur í U. M. F. „Tindastóll“ samkvæmt fundarboði sama dag. Var fundurinn haldinn í veitingahúsi Snæbjarnar Sigurgeirssonar og settur kl. 4 af formanni fjelagsins og nefndi hann til skrifa Harald Júlíusson.

1 Formaður skýrði frá að aðal starf fundarins væri að hugsa fyrir húsnæði til fundarhalda á næstkomandi starfstímabili og var það mál lítillega rætt, en tillaga um að kosin yrði þriggja manna nefnd til þess að leytast fyrir um húsnæði og að sú nefnd legði fyrir næsta fund ákveðin tilboð þar að lútandi; var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum; kosningu hlutu Jóh. Pálsson Jón Þ. Björnsson Páll Jónsson.

2. Áskorun.

Sylvía Árnadóttir skorar á alla fjelagsmenn, að koma með minst tvo nýja meðlimi á næsta fund; áskoruninni vel tekið af fundarmönnum.

Þar eð fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum útnefndi formaður starfsmenn til næsta fundar:

Fundarstjóra Jón Þ. Björnsson

Útnefnd Jón G. Pálsson Þórdísi Jóhannsdóttir

Sylvíu Árnadóttir

Málshefjendur Jón Björnsson Harald Júlíusson

Upplestrarmann Páll Jónsson

Skemtinefnd Jóhannes Pálsson Jósefínu Maríusdóttir

Guðrúnu Bjarnadóttur

Mættir á fundi 10 fjelagsmenn

Fundi slitið

Snæbjörn Sigurgeirsson.    Haraldur Júlíus

U. M. F. „Tindastóll“

Sauðárkróki Sunnud. 11. Nov 1917.

Fundur settur kl. 4.20 e. m. í efstu stofu barnaskólans, af fundarstj. Jóni Þ. Björnssyni. Nefndi hann til ritara Ole Kr. Davíðsson og Jósefínu Maríusdóttir.

1. Sungið: „Í fornöld á jörðu var frækorni sáð.“

2. Fundargjörð síðasta fundar lesin upp og samþ.

3. Ársreikninar lesnir upp.

4. Lesin viðverubók; mættir á fundi 18.

5. Inntökubeiðnir komu frá Þóreyju Ólafsdóttir, Kristínu Gísladóttir, Vigdísi Gunnarsdóttir og Magneu Baldvinsdóttir. Voru þær allar samþyktar.

6. Nefnd sú er kosin var á síðasta fundi til að, leitast fyrir um húsnæði í vetur skýrði frá árangri af þeirra starfi. Stóðu henni til boða húsnæði í

þremur stöðum, sem sé: Austurstofa skólans, Templarahúsið og Stofa í Fundaskóli.
Um leigu á Skólastofunni var óvíst, en Templarasalurinn, og salurinn í Fundaskóli, áttu að kosta 3 krónur hvorum sig fyrir fund. Um þetta ræddu: Jón St. Björnsson Jóh. Pálsson Har. Júlíusson Snæbj. Sigurgeirsson og Fr. Jónsson.
Að umræðunum loknum komu fram 3 tillögur: Frá: Fr. Jónssyni, svohljóðandi: Fundurinn samþykkir að fela nefnd þeirri er kosin var á síðasta fundi til fundarhússleitunar að reyna að útvega austurstofu barnaskólans til fundarhalda, annars sé tilboði Templara tekið.
Frá: Haraldi Júlíuss. Shlj: Fundurinn samþykkir að taka barnaskólastofuna á leigu, ef þess er kostur. En annars fundarsal Gísla Guðmundssonar.
Og frá: Jóni G. Gíslas. Shlj: Fundurinn samþykkir að taka á leigu hús Goodtemplara hér á Stöðum til fundarhalda, með starfsumsemmatsfél. utan fyrir augum, sem er: Fyrirlestrar og sömuleiðis félagsskemtanir.
Um þessar tillögur urðu nokkrar umræður, og töluðu auk flytjenda Jón G. Gíslason og Har. Sig.

hvers var till. Fr. Jónssonar samþ. með öllum greiddum atkv. gegn 2.

7. Málefnam. Har. Júlíusson bar fram uppástungu um hesthúsbygging fyrir ferðamanna hesta hér á Stöðum. Gat þess að málið hefði verið tekið til meðferðar í verzlunarm. félaginu. Sagðist samt ekki vilja sleppa því alveg framhjá fundinum, og óskaði eftir að menn létu álit sitt í ljósi. Um þetta ræddu auk málshefjanda Jón G. Gíslason og Jón St. Björnsson.
Tillaga frá Snæbj. Sigurgeirssyni, svohlj.: Fundurinn er hesthúsbyggingunni hlyntur, og mun styðja ~~að~~ hana eftir sínum litlu kröftum á sínum tíma, samþ. í einu hljóði.
8. Upplestrarm. Páll Jónsson, kvaðst ekki hafa náð til að lesa upp.
9. Har. Júlíusson bauð hina nýju félaga velkomna.
10. Skipaði starfsmenn til næsta fundar þessa:
Fundarstj.: Haraldur Sigurðsson.
Ritnefnd: Jóhannes Pálsson
Þórey Ólafsdóttir
Jósefína Marinósdóttir
Málefnam. Jón Björnsson (verzlunarm.)
Ólaf. Davíðsson.
Upplestrarm. Guðm. Björnsson

Skemtinefnd: Friðrik Jónsson,
Þórdís Jóhannsdóttir
Guðrún Bjarnadóttir.

11. Sungið: Vor guð er borg á bjargi traust.

Fundi slitið.

Fundarstj.: Guðmann.

Ritarar:
Otto Hansen.
Jófinna Hannesdóttir

# 3 Fundur.

Sunnudaginn þ. 26. Nóv. var fundur haldinn í U. M. F. „Tindastóll" í eystri stofu barnaskólans, kl. 4.50 e. m.

Fundarstjóri Guðbjörn Sigurgeirsson setti fundinn og nefndi fyrir skrifara Jón Björnsson og Guðþór Stefánsson
en [illegible] ~~[illegible]~~

Þetta gjörðist á fundinum.

1. Sungið: Nú blundar fold með blíðri ró.
2. Fundargjörð síðasta fundar lesin upp og samþykt.
3. Lesin upp Árgeislinn.
4. Lesin viðverurskrá; mættir á fundi 12
5. Nefnd sú sem hafði húsnæðismálið til meðferðar lagði fram gjörðir sínar. Samkvæmt umboði sínu frá síðasta fundi hafði hún tekið eystri stofu barnaskólans til fundarhalda fyrir félagið í vetur, með því að félagið legði til kol, til upphitunar á meðan það gæti.

Formaður ~~nefndar~~ félagsins þakkaði nefndinni fyrir áhuga og dugnað í þessu máli.

6. Úrsögn úr félaginu kom frá Ólafi Sigmund[s.]
7. Málefna-maður Jón Björnsson
kom með þá uppástungu að
félagsmenn reyndu að koma upp
sjóði, sem varið yrði til þess að
koma upp húsi fyrir félagið, þá
ástæður leyfðu. Í málinu töluðu
auk málshefjanda Jón Þ. Björnsson
og Snæbjörn Sigurgeirsson.
Tillaga kom frá framsögumanni
að kosin yrði þriggja manna nefnd
í málið, sem athugaði hvort ekki væru
einhverjar leiðir til þess, að safna
fé, er varið yrði til að stofna sjóð
til styrktar við húsabygginguna fyrir
félagið, og ef hún sæi engar leiðir til
þess nú, héldi þá málinu vakandi,
uns eitthvað rættist fram úr.
Tillagan ekki studd.
Fundarályktun kom frá Jóni Þ. Björnss.
svohljóðandi: Félagsmenn hafi þetta
mál fast í huga og komi fram með
það, undir eins og ástæður leyfa og
hægt er að starfa eitthvað í því

8. Annar málefnamaður Ottó B. Davíðss.
talaði um stofnun dýraverndunarfélags
hér í sýslu. Kvað hann Dýraverndunar-
félag Íslands óska eftir deildum
út um landið, en slíkur félagsskap-
ur væri enn eigi kominn hér á fót, bráða
fyrir mikla þörf.
Auk málshefjanda töluðu í málinu
Snæbjörn Sigurgeirsson, Jón Þ. Björnsson
Friðrik Jónsson, og Jón Guðm. Gíslason
Tillaga kom frá Jóni Guðm. Gíslasyni
svohl.: Fundurinn samþykkir að kjósa
5 manna nefnd, til að stofna dýraverndunarfélag hér, ef mögulegt er.
Skal nefndin leita sér upplýsinga
hjá „Dýraverndunarfélagi Íslands“
og starfa svo með tilstyrk þess.
Nefnd þessi skal að öllu leyti óháð ungmennafélagi þessu, er veitir henni þó [illegible]
sína ef þörf krefur. Skylt skal
nefndinni að leggja fram gögn sín á
ungmennafélagsfundi, áður en [illegible]
til ~~starfa~~ frekari framkvæmda í máli þessu.
Eftir allmiklar umræður var tillagan

sem fylti með öllum greiddum atkvæðum.
Kosningu hlutu: Jón G. Gíslason, ~~með 7 at~~
Ottó R. Davíðsson, Jón Jó. Björnsson, Snæbj.
Sigurgeirsson og Þórey Ólafsdóttir
Næstir: Haraldur Júlíusson og Ragnar Jónsson

9. Móðurmálsvörður gat einhverra orsaka vegna ekki látið til sín heyra á þessum fundi, en kvaðst þó hafa töluvert safn í fórum sínum, sem hann myndi koma fram með á næsta fundi.

10. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar
Fundarst. Þórey Ólafsdóttir
Ritnefnd: Ottó R. Davíðsson
Jón Björnsson
Vigdís Gunnarsdóttir
Málefnam: Friðrik Jónsson
Ragnar Jónsson
Upplestrarm: Guðm. Björnsson
Jóhannes Pálsson
Skemtinefnd: Jón Guðmann ~~Gíslason~~
Magnea Baldursdóttir
Karólína Gísladóttir

11. Sungið: ~~Starfið því nóttin nálgast~~
~~Fundi slitið~~

Fundarstjóri:

Ritarar: Jón Björnsson
Eyþór Stefánsson

# 4. Fundur - 1917

Sunnudaginn 16 Des. var fundur haldinn í U.M.F. „Tindastóll" í eystri stofu barnaskólans, kl 4.30 e.m.
Fundarstýra Þórey Ólafsdóttir setti fundinn og nefndi til ritara Jóhannes Pálsson og Dýrleif Árnadóttir.

Gjörðir fundarins voru þessar.

1. Sunginn sálmurinn „Hver er mestur ydal allra"
2. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar. Samþykt
3. Viðveruskráin lesin upp. mættir á fundinum 12.
4. Kosnir starfsmenn í móðurmálsvörðinn og þessir hlutu kosningu: Jón Jó. Björnsson með 9 atk. Jón Guðmann með 10 atk. Dýrleif Árnadóttir með 8 atk. Þórey Ólafsdóttir með 5 atk. Friðrik Jónsson með 5 atk. Því næst voru lesin upp nokkur mállýti
5. Lesinn upp Árgeislinn
6. Páll Jónsson talaði um hvort fjelagið segi sjer ekki fært eins og það hefði gjört að undanförnu fyrir jólin að leita samskota hjá fjelagsmönnum til glaðninga fá-

sæklingum. Nefnd var kosin í það mál
og hlutu þessar kosningu
Þórey Ólafsdóttir Dýrleif Árnadóttir
Vigdýs Gunnarsdóttir

7. Jón Þ. Björnsson skýrði frá, fyrir hönd dýraverndunarnefndarinnar er kosin var á síðasta fundi, að nefndin hefði skrifað dýraverndunarfjelagi Íslands, og las hann upp eftirrit af bréfinu.

8. Haraldur Júlíusson lagði þá spurning fyrir fjelagsmenn hvort þeir vildu hafa fund næsta sunnudag, þar sem væri komin ruglingur á og fundir bæru ekki uppá rjetta sunnudaga.
Var það borið undir fundinn og felt

9. Jón E. Gíslason vakti máls á því að ungmennafjelagið væri 10 ára gamalt og lagði þá spurninga fyrir fjelagsmenn hvort þeim fyndist ekki sjálfsagt að halda afmæli þess. Um þetta mál urðu all miklar umræður og lauk þeim þann að málshefjandi lagði fram svohljóðandi tillögu: Fundurinn samþykkir að fjelagið haldi afmæli sitt nú í kringum

aðalfund ef tök eru á. Kosin skal 6 m nefnd er hafi framkvæmd á því ef til kemur, og athugi möguleika fyrir því, og leggi fyrir næsta fund.
Sú tillaga borin upp og samþykt
Þessir hlutu kosningu
Dýrleif Árnadóttir Þórey Ólafsdóttir
Jón Guðmundsson Haraldur Júlíusson
Jóhannes Pálsson
Málefnanefnd ekki mættir á fundinum

10. Upplestrarmaður ekki mættur en fyrir hans hönd, las Þórey Ólafsdóttir upp söguna Þjernuði drengurinn og var gjörður að henni góður rómur. Jón Þ. Björnsson las einnig upp ~~söguna~~ „Bókin eplið og hagindastóllinn" og talaði nokkuð um efni sögunnar. einnig mælti hann með nýút komin~~ni~~ bók er heitir „Í fótspor hans"

11. (Kosið) Skipaðir starfsmenn til næsta fundar
Fundarstjóri Dýrleif Árnadóttir
Ritnefnd Páll Jónsson Har. Júl. Guðrún Bjd.
Málefnanm. Friðrik Jónsson Eyþór Stefánsson
Upplestrarm. Jóh. Pálsson

12. Sungið „Ó faðir gjör mig lítið ljós". fundi slitið
Jóh. Pálsson

# 5c Fundur

Sunnudaginn 13 janúar 1918
var fundur haldinn í U. M. F. Tindastóll
í Barnaskólahúsinu á Sauðárkrók
Gjörðir fundarins voru þessar

1 Sungið sálmurinn Í fornöld á jörðu op-
2 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar
og samþykt án breitinga
3 Viðveruskrá lesin upp, ~~mættir á fundi~~
mættir á fundi 10 félagsmenn
4 Upptökubeiðni frá Sigríði Kristjánsdóttir og
Guðrúnu Finns~~dóttir~~ dóttir samþykt
5 Kosin lagaendurskoðunarnefnd og hlutu
kosningu Jón Þ. Gíslason með 8 atkv. Sigríður
Arnad. með 5 atkv. Páll Jónsson með 8 atkv.
6 Tillaga um að fresta umræðum um afmælisdaginn
til næsta fundar var samþ.
7 Málefnamaður hafði ekkert málefni og kvaðst
~~..~~ ekki hafa fengið tilkynningu um það
8 Upplesarinn las úr „Vafurlogar“ um skáldskap
Jónasar Hallgrímssonar

8 Páll Jónsson vakti máls á að skákform.
vekti ekki starf sú sem skildi vera
töluverðar hreppingar milli málshefjanda og
formanns skákfélagsins sem þó ekki fyrir samlaga
9 Haraldur Júlíus talaði um að laga endurskoðunar
nefndin athugaði skákbögin var samþ.
10 Skipaðir starfsmenn til næsta fundar
umræðunefnd Jóh Pálsson Guðrún Finnsdóttir og
Vigdís Gunnarsd. Málefnamenn Eggert Stefánss
Haraldur Sigurðsson
Upplesarinn Ragna Jónsins
11 Sungið síðari hluti af sálm 107
12 Fundi slitið

Haraldur Júlíus

# Aðalfundur 1918

Sunnudaginn 27 Janúar hélt
U. M. F. Tindastóll Aðalfund sinn í
eystristofu Barnaskólans á Sauðárkrók
Formaður Snæbjörn Sigurgeirsson setti fundinn
kl 4 eftirmiddag og nefndi til ritara Ragnar Jónsson
Vigdísi Gunnarsdóttir og dyravörð Jóhannes Pálsson
Gjörðir fundarins voru þessar
1 Sungið Hvað er svo glatt,
2 Lesinn upp fundargjörð síðasta fundar Samþykkt
3 Viðveruskrá lesinn ~~mættir~~ á fundinum 19
4 Móðurmálsvörðurinn hafði ekkert
5 Árgeislinn kom ekki út sökum þess að ekki var búið að færa inn í blaðið greinar þær er blaðinu höfðu borist
6 Endurskoðunarmenn reikninganna höfðu ekkert að athuga við reikningana nema ferðasjóðs munaði 12 kr. á gjaldkerareikningi. Formaður gat þess að mismunur kæmi af því að ferðabúið átti hey sem svaraði þessu
7 Í sjóði 20 Janúar 70 kr 74 aur
Skuldlaus eign félagsins 1325 kr 75 aur

Í sjóði ferðabúsins 108 kr 76 aur
8 Lögin [illegible]
1 gr Samþykt óbr
2 gr br Í staðin fyrir 2/4 greiði komi 2/4 ?/0 Samþykt
3 gr Samþykt óbr
4 gr —"—
5 gr —"—
6 gr breytt Eftir orðunum lögmætur fundur hefur samþykt komi eða formaður álítur réttmæta Samþykt
7 gr Samþykt óbr
8 gr —"—
9 gr —"—
10 gr —"—
11 gr —"—
12 gr —"—
13 gr —"—
14 gr —"—
15 gr { óbreytt / Falli burt — Í stað komi: Félagið gefur út blað er kemur út og er lesið upp á hverjum reglul. fundi þess. Reglugerð blaðs þessa skal endurskoðast [illegible] samt lögum félagsins og [illegible] breyta henni á aðal fundi með 2/3 atkv. greiddra atkvæða.
16 gr { —"— Samþykt.
17 gr br Endi greinarinnar falli í burtu á eftir orðunum í Sauðárkrókshreppi Samþykt
18 gr Samþykt óbreytt
19 gr —"— —"—

20 gr Samþykt óbreytt. nema í stað 1917. kæmi 1918.
9 Reikningar Taflfélagsins lesnir í sjóði 4 kr. 80 aur
10 Í stjórn hlutu kosningu
Formaður Jón G Björnsson
Ritari Jóhannes Pálsson
Gjaldkeri Páll Jónsson
11 Varastjórn Formaður Dynleif Árnadóttir
Ritari Guðmann Gíslason
Gjaldkeri Þórey Ólafsdóttir
12 Reikninga endurskoðendur Haraldur Júlíusson
Haraldur Sigurðsson Vara
Snæbjörn Sigurgeirsson Friðrik Jónsson
13 Í heyrfendaburstjórn Páll Jónsson
Guðmann Gíslason
14 Formaður Taflfélagsins Páll Jónsson
15 Ritstjóri Argeislans Margeir Jónsson
Vara Guðmann Gíslason
16 Málefnamenn höfðu ekkert mál á dagskrá
17 Upplestrarmaður las ekki upp sökum þess
að fundurinn var orðinn svo langur
og var það samþykt
18 Að þessu loknu skipaði fundarstjóri í
starf til næsta fundar
Fundarstjóra Jón G Björnsson

Upplestrarmann Ragnar Jónsson
Í ritnefnd Guðmund Björnsson
Þóreyju Ólafsdóttir og Magneu Baldvinsdóttir
19. Eassifreanna voru fetkirar til allmenna tillögur, laga endurskoðunarnefndar um breytingar á fundarsköpum; og fór um þær á þessa leið:
1. gr. Á eftir orðunum: 2 menn til skrifara komi, og dreravörð. Sömuleiðis eftir orðunum 2 menn til að flytja málefni komi 2 menn til upplestra og 3 menn í nefnd til að rita í blaðið eftir ákvæðum reglugerðar þess að því loknu slítur hann fundi. Samþykt.
2 gr óbreytt Samþykt
3 gr — " — "
4 gr falli burtu en í staðinn komi. Frjálsar skulu umræður í hverju máli að því leyti sem fundarstj. og fundarmenn ekki finna sérstaka ástæðu til að takmarka þær. Samþykt
5 gr óbreytt Samþykt
6 gr Á eftir orðunum: til ákvæða um umræðulaust, komi. Tillögu um að slíta fundi má ekki bera upp þegar verið er að útkljá málefni eða þegar einhver

fundarmaður hefur orðið. Slíka tillögu má eigi veita. Samþykt
7 gr óbreytt. Samþykt
20 Þá voru tillögur lagaendurskoðunarnefndar um reglugerð Íþrottafélagsins lagðar fram og samþyktar óbreyttar af fundinum
21 Sömuleiðis voru lagðar fram tillögur sömu nefndar um breytingu á Reglugerð Taflfélagsins og fór um þær sem hér segir
1 gr. Félagið skal nefnt „Taflfélag U. M. F. Tindastóll. Samþykt
2 gr. Áður 1. Gr óbreytt Samþykt
3 — " 2. — Falli burt setningin: „Hvetja menn til að mæta á réttum tíma. Samþykt
4 gr Áður 3. gr óbreytt, Samþykt
5 — " 4. — Eftir orðunum „séu þeir" komi, meðlimir í taflfélaginu" Samþykt
6 gr Áður 5 gr óbreytt. Samþykt
7 gr — 6 — — —
8 — " 7 — — —
8 — Falli burtu
9 Gr óbreytt
10 — —
11 — Reglugerð þessi öðlast gildi á

aðalfundi Ungmennafélagsins, Tindastól Árið 1918. Samþykt
Sauðárkrók 20 Jan. 1918.
22 Að þessu loknu var ungið.
Eldgamla Ísafold.
23 . Fundi slitið kl 7½

Ritarar
Vigdís Gunnarsdóttir

Fundur í U.M.F. „Tindastoll“ var haldinn í eystri stofu Barnaskólans Sunnudaginn 24. febrúar.
Fundarstjóri Jón Þ. Björnsson setti fundinn og nefndi til skrifara Eyþór Stefánsson, Dýrleif Árnadóttir og Dýravörð Jón Guðm. Gíslason

Þetta fór fram á fundinum.
Sungið „Einn og albra kristur kallar.“
1. Fundargjörð frá síðasta fundi lesin upp og samþikkt.
2. Fundarstj. las upp bréf frá Dýraverndunarfélagi Íslands. Í því máli töluðu Margeir Jónsson Jón G. Gíslason og Otto R. Davíðsson Hvast Margeir Jónsson vera málinu ókunnugur það ed hann hefði verið í burtu svo leingi frá félaginu
Tillaga kom frá Jóni G. Gíslasyni
Fundurinn samþ. að fela Dýraverndunarnefndinni frekari aðgjörðir þessa máls, og sjá um stofnun þessa félags-skapar svo fljótt sem unnt er og á sem hagaulegastan hátt samþ.
3. Lesin upp „Árgeislinn“, og þakkaði Margeir Jónsson fyrir þá ánægju, sem hann hefði af því að heyra, svo mikið og margt í honum (Árgeislanum)
4. Jón Guðmann Gíslason talaði um Heyforðabúrið og kvað hann að að þyrfti að fá 60–90. kr lán hjá félaginu og töluðu þeir Har. Júl Páll Jónsson, Margeir Jónsson kom með þá til-lögu. Hvort félagið vildi ~~tryggja~~ Heyforðabúrsnefndinni 60 kr til endurgreiðslu næsta ár samþikt.
5. Kypaðir starfsmenn til næsta fundar
Fundarstjóri. Haraldur. Júlíusson,
Ritarefnd. Snæbj. Sigurgeirsson. Eyþór. Stefánsson
Karolína. Gíslad.
Upplestarm, Dýrleif Árnadóttir. Magnea Baldvinsd.
Málefnam. Har. Sig. Jafína Marinósdóttir
6. Sungið „Hver er mestur yðar allra“,
7. Fundi slitið

Fundarstjóri.

Ritarar
Eyþór. Stefánsson
Dýrleif. Árnadóttir

Ungmennafélagið „Tindastóll“
Sauðárkróki, Sunnudaginn 10. Marz 18

Fundarstjóri Haraldur Júlíusson. setti fundinn og skipaði til skrifara Jóhannes Pálsson & Jófríði Marinsdóttir. Dyravörð Jón Guðmann Gíslason
1. Sungið „Blef þú að móðurmálið mitt“
2. Lesin upp fundargerð síðasta funda og samþykt
3. Tíðvemstiði lesin. Matth. 13 meðlimir
4. Ávarp lesinn af Jóni Þ. Björnssyni
5. Í félagið gekk Jens. P. Eiríksson. og skyldi hann vera gjaldfrí í félaginu gegn því hann beri út fundarboð og annað það er félagið þyrfti að kunngjöra meðlimum sínum.
6. Lesin upp tilkynning um styrkveitingu til sundkenslu á komandi vori, og nokkrum orðum farið um sundkensluna.
7. Lesin upp starfsskýrsla félagsins
8. Jón Þ. Björnsson, vakti máls á að eignalisti félagsins væri ekki nægilega nákvæmur, og eignir félagsins ekki haldið saman. Svo sem skyldi. Var stjórninni falið að bæta úr þeirri vöntun
9. Jón Þ. Björnsson las upp frumvarp til laga fyrir hið væntanlega dýraverndunarfélag framkomið frá dýraverndunarfélagsnefnd þessa félags. Fór hann nokkrum orðum um frumvarpið og skýrði einstaka greinar þess. Var frumvarpið síðan lagt fyrir fundinn til umræðu, og ræddu þessir um það: Jón Guðmann Gíslason, Páll Jónsson Haraldur Júlíusson auk Jóns Þ. Björnssonar. Svohljóðandi tillaga kom frá Jóni Guðmann
„Dýraverndunarfélagsnefndin beiðist þess, að fram fari nafnakall á félagsmönnum, svo hún sjái hverjir vilja gjörast stofnendur félagsins“
10. Páll S. Jónsson, minntist á Gróðrarstöðina Jón Guðmann kom með tillögu um, að fresta því máli til næsta fundar. Samþykt
11. Úrsögn kom frá Dýrleifu Árnadóttir. Þakkaði félagið henni þakkir sínar fyrir langt og vel unnið starf.
12. Formaður félagsins talaði nokkur hvatningarorð til félagsmanna um, að vanrækja eigi starf það er þeim er falið að vinna af hendi.

í félagsins þarfir á fundum og utan funda.
13. Formaður las upp ferða-sögu Steingríms læknis Matthíassonar til Drangeyjar á síðastliðnu sumri, er skáldinu Stephán G. Stephánssyni var boðið þangað.
14. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar
Fundarstjóri: Karolína Guðrún Gísladóttir
Ritarar: Jón Guðmann Gíslason.
Sigríður Kristjánsdóttir
Otto R. Davíðsson.
Málshefjendur: Páll Jónsson
Snæbjörn Sigurgeirsson
Upplestrarmenn: Friðrik Jónsson
Snæbjörn Sigurgeirsson.
15. Sungið: „Eldgamla Ísafold“

Fundi slitið

Samþykt:
Jón Guðmann Gíslason

Skrifarar:
Jóhannes Pálsson

## 4. Fundur

í U.M.F. „Tindastóll“ var settur og haldinn í lestrarstofu fél. Sunnudaginn hinn 14 April kl. 6 e.m.
Fundarstjóri Jón Guðm. Gíslason, nefndi ritara þá: hr. Pál Jónsson og Snæbjörn Sigurgeirsson og dyrav. Jens Þ. Eiríksson.
Á fundinum gjörðist:
1. Sungið: „Eins og alda [illegible] kallar“
2. Lesin síðasta fundargjörð og samþykkt.
3. Lesinn „Árgeislinn“ 1½ blað.
4. Lesin upp viðveruskrá; mættir 11 félagar
5. Inntökubeiðni frá Óskari Stefánssyni samþ.
6. Úrsögn kom frá Magnúsi Árnasyni
7. Félagsmál:
a. Rakarastofan: Rætt var um rekstur hennar á við og dreif, og komu fram raddir um að rakarastofan yrði lögð út helst ungmennafélaginu. Að loknum umræðum var samþykkt að fela stjórn félagsins framgang þess máls.
8. Formaður las upp bréf frá fjórðungsstjórn þess efnis að senda mann á fj. þing. Var til þess kosinn Jóh. Pálsson sem nú er staddur á Akureyri – og stjórn falið að tilkynna honum valið.

8. Kosinn, varaformaður Snæbjörn Sigurgeirs. í stað Dýrf. Árnadóttur.
9 Samþ. að kaupa eitt eintak af blaðinu fyrir félagspeninga.
10 Skinfaxi 2 eint. borin út
11. Málefnam. Páll Jónsson; hafði valið fundinum umræðuefnið „Bjartsýni – Svartsýni," um það urðu nokkrar umræður og skiptar skoðanir.
12. Málefnam. Snæbjörn gat þess að umræðuefnið yrði: Ylla útlítandi skepnur, og afsakanir og ásakanir gagnvart því. Því máli frestað.
13 Upplestrarm. S.S. las Almennt pistill „Sig. Bradf.;" Því var haldið í stöð til næsta fundar;
Fundarstj: Þórey Ólafsdóttir
Ritnefnd. Páll Jónsson Har. Júl. Þórd. Jóhannsd.
Málefnam: Jón J. Björns Guðrún Finnsd.
Upplestrarm: Þórey Ólafsd. Óskar Stefánsson
Sungið: „Ég lofi og ég veit"
Fundi slitið

S. Sigurgeirsson

Sunnudaginn 2/1 1918 var fundur settur og haldinn í U.M.F. Tindastóll í barnaskólahúsinu.
Fundarstýra Þórey Ólafsdóttir setti fundinn og nefndi til skrifara Herdísi Jóhannsdóttur og Harald Júlíusson
1. Sunginn sálmur. Lof og þakkir.
2. Ávarpslínan var ekki lesin af því að vantaði bók til útgerða
3. Lesin fundargerð síðasta fundar og samþ. með athugasemd um að vantaði umsögn frá Eyþóri Stefánssyni
4 Lesin nafnaskrá, mættir á fundi 11 meðlimir
5 Félagsmál; formaður skýrði frá að stjórnin hefði reynt að fá Jón Pálsson til þess að setja fjórðungsþing en ekki tekist að ná í hann, enn fremur að Staðreitur Skemmtanasalarinnar hefði verið leigður í fjórðuhlutum hver fyrir 8,00
6. Fundarkensla á komandi vetri og var stjórninni falið að annast það
7. Þórey Ólafsdóttir talaði um að félagsmenn færu Tindastólsför í annað sinn var nokkuð rætt um það og að loknum umræðum kom tillaga frá frummælanda um að kjósa þrjá menn í nefnd og var tillagan samþ. í einu hljóði, var

þannig gengið til kosninga og hlutu kosningu
Vigdís Gunnarsd. m. 9 atkv. Karólína Ereland m. 4 atkv.
Magnea Baldvinsdóttir m. 3 atkv.

8. Málshefjandi Jón Þ. Björnsson óskaði eftir að málefni það sem hann hefði gefið frestað þareð fáir félagsmenn væru mættir en í þess stað skýrði hann frá störfum dýraverndunar nefndarinnar

9. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar
Fundarstjóri Vigdís Gunnarsd. ritnefnd Páll Jónsson Haraldur Júlíusson Jórdís Jóhannsd.
Málshefjandi Jón Þ. Björnsson Guðrún Gunnarsd.
Upplestrar m. Þórey Ólafsdóttir Oskar Stefánsson

10 Sungið. Vor Guð er borg á bjargi byggð

11. Fundi slitið

H Júlíusson

Ár 1919

Sunnudaginn 5. Jan. hélt U.M.F. „Tindastóll" aðalfund sinn í eystri stofu barnaskólans.

Formaður félagsins Jón Þ. Björnsson setti fundinn og nefndi fyrir skrifara þá: Harald Júlíusson og Jón Björnsson en dyravörð Jens Eiríksen

Á fundinum gjörðist:

1 Sungið: Nú árið er liðið í aldanna skaut.

2 Gjaldkeri las upp reikninga félagsins. Útgjöld félagsins á árinu námu Kr. 264,54 en tekjur Kr. 285.49. Því í sjóði hjá gjaldkera Kr. 20.95

Eftir jafnaðar reikningi teljast eignir félagsins Kr. 1341.95

Endurskoðandi reikninganna Haraldur Júlíusson kom með þá athugasemd að úr félagssjóði hefðu verið lánaðar forðabúrinu Kr. 24.00, sem bæri að teljast með sjóði félagsins. Sjóður félagsins er því í raun og veru Kr. 44.95.
Reikningarnir samþykktir í einu hljóði

3. Formaður taflfélagsins Páll Jónsson skýrði frá starfsemi þess á árinu. Kvað hann það hafa starfað með talsverðu

fyri og félögum heldur fjölgað. Gjöður félagsins
Kr 9.75. Hann mintist og á að ákveðið
hefði verið að halda skemtun til ágóða
fyrir taflfélagið, en ekkert orðið úr. Átti
að verja ágóðanum til þess að kaupa tafl
o. fl. Eftir allmiklar umræður var sam-
þykt: að formanni taflfélagsins sé falið
á hendur að útvega tafl verðlauna-
grip handa félaginu og enn fremur heimild
til þess að fá Kr 15.00 úr sjóði U.M.F.T.
til taflkaupa.

4. ~~Formaður heyfardabúsins~~ Páll Jónsson [heyfardabúsins]
skýrði frá starfsemi þess. Lét stjórnin
heyja um 30 hesta fyrir fardabúið.
Til kostnaðar við [heyskapinn] nam Kr. 144.00.
Hann áleit og að hægt mundi vera að
selja heyið fyrir alt að Kr 200,00

Þá talaði formaður U.M.F.T.
um starfsemi félagsins yfirleitt.
Kvað hann það mjög mikið ánægjuefni
þrátt fyrir ~~og~~ deyfð [þá] í U.M.F.T. sem komið
hafði fram í áhugaleysi félagsmanna
að sækja fundi í vetur - að taflfélagið og
heyfardabúið hefðu ekki starfað með

minni / áhuga og árangri en fyrirfarandi
ár. Gróðrarstöðin hefði verið leigð út-
ranna[r] lægra en hægt hefði verið - en þó
fyrir sæmilega leigu. Það væri oss ánægju-
efni að leigendur hefðu fengið góða uppskeru.
Sundkenslan hafði farið fram síðast
liðið vor þrátt fyrir allmikið kuldakast
sem hefði haft erfiðleika í för með
sér fyrir sundið. Styrkur sá úr sýslusjóði
til kenslunnar hafði fengist.
Eldsneyti til fundarhalda hefði
stjórnin útvegað. Hún hafði boðað til
fundarhalda í vor. en engir komið. Hún
hafði látið hita upp stofu sem fundurinn
[átti að] hafði farið fram í og eldsneytið því auðvitað
ekki orðið félaginu að neinum notum.
Þar sem eldsneytið væri mjög dýrt og fél.
fámenni og félagar virst tregir til að sækja
fundi, hefði stjórninni sýnst ráðlegast að
boða ekki til fundar fyr en nú.
Enn fremur mintist hann á dýravernd-
unar félagið. Stofnun þess og starfsemi, er
en væri lítil, sem vonlegt væri þar eð
það væri en svo ungt. Kvað eiga að

halda fund bráðlega í dýraverndunarfél. og hvatti hann félaga til að mæta á fundinum.

5. Kosið í stjórn félagsins hlutu þessir kosningu:

Formaður: Jón G. Gíslason
Ritari: Ragnar Jónsson
Gjaldkeri: Jón Björnsson

Varastjórn:
Formaður: Haraldur Sigurðsson kosinn með
Ritari: Haraldur Júlíusson
Gjaldkeri: Óskar Stefánsson

6. Reikningsendurskoðandi kosinn Páll Jónsson, en vara Guðbjörn Sigurgeirsson

7. Fyrir formann taflfélagsins var með kosinn Páll Jónsson.

8. Úr fordabúrsnefndinni átti að ganga Margeir Jónsson í hans stað var kosinn Friðrik Jónsson

9. Úrsagnir úr félaginu komu frá Magneu Baldvinsdóttur, Guðrúnu Björnsdóttur, Guðmundi Björnssyni og Þóreyu Ólafsdóttur

Þá talaði fyrverandi formaður nokkur orð til félagana. Hvatti hann þá mjög til þess að styrkja félagsskapinn og reynast góðir og nýtir menn.

Þá var stjórn félagsins falið að sjá um fundarhöld í vetur.

10. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar:

Fundarstjóri: Jón Guðmann Gíslason
Málshefjandi: Óskar Stefánsson
— " — Jón Björnsson [illegible]
Upplestrarmenn: Jófríður Marinósdóttir
Þórdís Jóhannsdóttir

11. Sungið: Þú sem ert svo lítill, þú sem ert svo smár

Fundi slitið.

~~Fundarstjóri~~: Samþykkt.
Jón Guðmann Gíslason.

Skrifarar:
Jón Björnsson

Sunnudaginn 16 Febrúar var fundur settur og haldinn í U.M.F. Sindra stúku Sandvíkur í barnaskóla staðarins kl 7½ Samkv. aðurgengnu fundarboði mættir á fundi 10 félagsmenn.

1. Formaður setti fundinn nefndi til skrifara þá Ragnar Jónsson og Harald Júlíusson

2 Sungið sálmur nr 40

3. Lesin fundargerð síðasta fundar og samþykkt

4 Blaðið um „Árgeislann“ og var samþykkt að kaupa bók af stöku verði á til þess að geta haldið út blaði í vetur eins og að undan förnu, en ritstjóra álýst fundarinn ekki þörf á að kjósa þar eð óvíst væri hve starfsmönnum gjöri mikið en óskaði þess að formaður tæki að sér að fara í blaðið ritgjörðir þær er kunn að koma og neitaði hann því ekki Svo það var tekið sem bókað

5. Málefnamaður Jón Björnsson hóf máls um að tíndar yrðu saman eignir félagsins og þeim komið í verð það sem ekki væri fyrir að félagið ekki notaði a.m.k. sumt af þeim í bráð svo sem leikfimisáhöld leikbúninga o.fl. var málið vel tekið og að lokum kosin 3a manna nefnd ~~og hlutu kosningu~~ til að virða leikfimisáhöldin til sölu og sömuleiðis sameignar munni Goodt. og U.M.F. S til sölu eða kaups og leggja fyrir næst álit sitt fyrir fund; hlutu kosningu

Sveinbjörn Sigurgeirsson m/ 7 atkv. Fr. Jónsson m/ 7 atkv. Páll Jónsson m/ 6 atk.

6 Tillaga frá ~~Jóni~~ Fr. Jónssyni um að Goodtemplarar kjósi nefnd til samstarfs við aðra hverra nefnd Jóni S. Björnssyni falið að hreyfa málinu á fundi Goodtemplara

7. Upplestrarmaður hafði ekkert að lesa fyrir þá sök að fundarboðið kom ekki nema 3 klst fyrir fund en gerði í þess stað fyrirspurn um hvort ungmennafélagar vendruðu [illegible] var sú fyrirspurn lítillega rædd en engin fundarályktun gerð

8 Skipaðir starfsmenn til næsta fundar: fundarstj. Páll Jónsson: Málefnamenn Jón S. Björnsson Óskar Stefánsson: Upplestrarm. Jófríður Maríusdóttir og Þórdís Jóhannsdóttir, ritnefnd Sveinbjörn Sigurgeirsson Friðrik Jónsson Jón S. Björnsson

9. Sungið sálmur 240

10 Fundi slitið

ritarar

H Júlíusson

Sunnud. 12 April 1919 var fundur haldinn i U.M.F. „Tindastóll“ í barnaskólahúsi Sauðárkróks mættir á fundi 8 fjelagsmenn formaður setti fundinn og nefndi til ritara H. Hjálmarsson

1. Lesin fundargerð síðasta fundar og samþ.
2. Formaður las skeyti frá fjórðungsstjórn Norðlendinga fjórðungs um að ~~sambands~~ fjórðungsþing yrði háð á Akureyri dagana 29-30 sama mán. sömuleiðis bréf frá sambandsþingi og annað frá fjórðungsstjórn um lagabreytingar o.fl. fundurinn ákvað að fela Jóni Þ. Björnssyni að sitja fjórðungsþing ef hann yrði þá staddur á Akureyri gegn því að fjelagið greiddi honum fæðispeninga þá daga er þingið stæði
3. Fundurinn fól stjórn fjelagsins að annast skrásetningu með sýningu fyrirkomulagi og á fyrra ári
4. Samþ. formaður skýrði form. frá að nefnd sú er kosin var á síðasta fundi til að athuga og virða eignir fjelagsins hefði ekki lokið starfi; þá kom fyrirspurn fram á að fjelagið lánaði fundabarni ef með þyrfti alt að Kr 60.00 og var það veitt
5. Var ákveðið ef nóg yrði á að fara skemtiferð á komandi sumri og í tilefni af því var kosin fimm manna nefnd og hlutu

kosningu Jón Þ. Björnsson Jón Þ. Sighvats Jón Björnsson H. Hjálmarsson

Fleira kom ekki til umræðu á fundinum var þá sungið og fundi því næst slitið

H. Hjálmarsson
fundarritari.

Sunnudaginn 8 Febrúar 1920 var aðalfundur haldinn í U.M.F. „Tindastóll“ í barnaskólahúsi Sauðárkróks. Mættir voru 10 fjelagsmenn

Formaður setti fundinn og nefndi til ritara H. Hjálmarsson dyravörð Jens J. Eiriksen

1. Skýrt frá fundargerð frá 24/4 1919
2. lesinn endurskoðaður reikningur yfir tekjur og gjöld fjelagsins á síðast liðnu starfsári og var í sjóði hjá fjehirðir, Kr 112.12
3. reikningar fundabúsins sömuleiðis endurskoðaður og var í sjóði í peningum hjá fundabússtjóra Kr 215.23 skuld hjá Pétri Sveinssyni Kr 7,91 sjóðurinn því alls Kr 223.14 reikningar þessir voru samþ. með öllum greiddum atkv.

4 Formaður Sauðfjelagsins las reikning fjelagsins
og skýrði tekjur og gjöld á umframm skýrði
hann frá vinningum sauðfjelagsmanna yfir
síðast liðið ár og hafði Páll Jónsson flesta
vinninga og var því orðinn eigandi að verð-
launagrip Sauðfjelagsins samkvæmt sauðfjelags-
lögunum og hafði fundurinn ekkert við það
að athuga

5 Þá byrjuðu umræður um starfsemi fjelagsins
næsta ár var talsvert rætt um það mál en
þá aðallega um gróðrarstöðina og voru fundar
menn þeirrar skoðunar að best væri að selja
hana ef viðunandi boð fengist. að lokinni
umræðunni kom fram tillaga frá Sveinbirni
Sigurgeirssyni svo hljóðandi:

Fundurinn samþ. að leitast fyrir um
tilboð í gróðrarstöðina í heimulagi fyrst lagstöðina
seinna tilboða svo í allastöðina tillagan samþ.

* Því næst var kosin ~~stjórn~~ nefnd og hlutu kosningu
H Júlíusson H Sigurðsson S Sigurgeirsson með
7 atkv. hver

6 Þá var byrjað á stjórnarkosning og hlutu
kosningu S. Sigurgeirsson form. Fr Jónsson
fjehirðir H Sigurðsson ritari í varastjórn

Jón Björnsson form. Ragnar Jónsson ritari Páll
Jónsson fjehirðir

7 Í forðabúrsnefnd var kosinn Jón Björnsson í stað
J. G. Gíslasonar

8 Endurskoðendur Jón G. Gíslason H Júlíusson

9 Fr Jónsson hreyfði umræðum um útvegun kengja-
brunnatis til fundarhaldi en það hefði verið á
síðast l. ár, og var stjórninni falið framkvæmd í
málinu

10 Útnefndir starfsmenn til næsta fundar
ritnefnd Fr Jónsson Jón Björnsson Páll Jónsson
Málshefjendur. H Sigurðsson Oskar Stefánsson
upplestrarm. S. Sigurgeirsson Jens P. Eiríksson
Skemtinefnd Ragnar Jónsson, Jón G. Gíslason
Fleira kom ekki til umræðu á fundinum
var því næst sungið og fundi slitið

H Júlíusson
ritari

Sunnudaginn 14. Mars var fundur haldinn í U. M. F. „Tindastóll" á Hótel Tindastól á Sauðárkróki.

Fundarstjóri Guðbjörn Sigurgeirsson setti fundinn og nefndi fyrir ritara þá Harald Sigurðsson og Jóra Björnsson, og dyravörð Pál Jónsson.

Þá var tekið fyrir:

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt í einu hljóði.

2. Nefnd sú er kosin var á síðasta fundi til að safna tilboði í gróðrarstöðina skýrði frá því að aðeins eitt tilboð í stöðina hefði borist nefndinni frá Sigurgeir Daníelssyni og væri tilboðið kr. 1000.00.

Friðrik Jónsson lýsti þá yfir að hann byði ~~[illegible]~~ einnig kr. 1000.00, og teldi sig eiga forkaupsrétt sem félagar, fyrir sama verð.

Byrjuðu þá umræður um sölu gróðrarstöðvarinnar. Voru flestir því meðmæltir að hún yrði ekki seld fyrir það tilboð sem nú er komið, en seld ef viðunarlegt boð fengist. Þá komu fram raddir sem töldu sjálfsagt að selja hana jafnvel fyrir komið tilboð. Færðu einkum sem ástæðu fyrir sínu máli að kostnaðurinn við ræktun trjánna yrði mjög mikill einnig að stöðin eins og hún er nú væri als ekkert trjáræktarland, enda sýndi árangur liðinna ára það. Væri þá betra fyrir félagið ef það vildi halda áfram trjáræktinni að fá blett annarstaðar, þar sem skilyrðin væru betri.

Sem frekar kom fram: að aðeins lá stöðin yrði seld, efri hlutann – brekkuna – ætti félagið að eiga og rækta þar tré eignum svo sem nú, þar væru skilyrðin best til ræktunar og ef trjáræktar svæðið minnkaði, þá myndi verða hægt að annast þann litla blett betur. Ef til vill hefði stærð trjáræktar svæðisins verið orsök til misgengis í ræktun trjánna. Einnig ef félagið vildi koma upp húsi ætti það vísa lóð á allgóðum stað í bænum og sannarlega væri það þá hugguleg

að eiga trjá og blómagarð umhverfis þann bústað.

Að lokum umræðum komu fram tvær tillögur

1. Að ungmennafélagið selji slóðina alla fyrir það tilboð sem þegar er komið eða kann að koma innan 1. apr. og hafi nefnd sú er kosin var til útboðs á slóðinni heimild til að gjöra ~~kaup~~samning við hæðstbjóðanda.

2. Þar eð fundurinn er ekki fyllilega ánægður með þau tilboð sem komið hafa, felur hann viðkomandi nefnd að leita betur fyrir sér og þá hjá hreppsnefnd, og stjórninni sé falið að tilkynna Ræktunarfélagi Norðurlands þetta í millitíð.

Tillögurnar bornar upp og síðari samþykkt.

3. Friðrik Jónsson vakti máls á því að seld yrðu áhöld félagsins sem nú lægju undir skemmdum og félagið hefði engin not af. Eftir litlar umræður um málið, var nefnd þeirri, ~~falið~~ sem þetta mál hefir haft til meðferðar, heimilað að selja

sameignir félagsins við slíkuna og leikfimis áhöldin

4. Fyrsti málefnamaður Haraldur Sigurðsson talaði um starfsemi félagsins framvegis. Benti á að nauðsyn væri að lífga félagið og reka burtu deyfð og áhugaleysi það er nú hefði setið í öndvegi um tíma í félaginu.

Urðu nokkrar umræður um málið og virtust þá allir frummælanda sammála en töldu vera of áliðið vetrar til að leggja sig sérstaklega eftir því.

Kom þá áskorun frá fundinum til stjórnarinnar: að auka starfsemi og fjör í U.M.F. næst komandi haust.

5. Upplestrarmaður las upp söguna Sveinn og lögreglu~~mað~~stjóri

6. Útnefndir starfsmenn til næsta fundar

Fundarstjóri: Þór Þ. Björnsson
Málefnam.: Óskar Stefánsson, Páll Jónsson.
Upplestram.: Friðrik Jónsson, Guðm. Gíslason
Skemtinefnd: Guðm. Gíslason, Hafst. Pálsson, Har. Sigurðs.

Fundi slitið.

Ritari
Jón Björnsson

# 3. fundur.

Sunnudag hinn 28 Marts. var fundur haldinn
í U.M.F. „Tindastóll“ í vesturstofu barnaskól-
ans:
Fundarstjóri Jón Þ. Björnsson setti
fundinn og nefndi til ritara Snæbjörn
Sigurgeirsson og Harald Júlíusson dyrav.
Jón Guðmann Gíslason.
Mættir á fundi 7 meðlimir; en að
gefnu tilefni skal þess getið að einn félaginn
gekk út um líð og fundur var settur, svo
lengst af voru aðeins 6 félagar er sátu
fundinn.
Þetta gjörðist á fundinum.
1 Gróðrarstöðvarmálið.
Formaður útboðsnefndar Haraldur Júlíus-
son gat þess að nú væri komið tilboð í
alla stöðina frá S. Daníelssyni 1100. krónur
En þennan hafði hann annað tilboð í
lágstöðina að upphæð 600 kr.
Þá gat fundarstjóri þess að hann hefði
talað við form. ræktunarfélagsins á Akureyri
um sölu og framtíð stöðvarinnar. Vildi
það félag ekki leggja út í það að kaupa

stöðina. En hinsvegar vill það styrkja
trjáræktina þannig: Að leggja til netvír
til afgirðingar í hástöðinni, og áburðar-
efni og trjáplöntur.
Hreppsnefnd hér hafði einnig verið boðin
kaup á stöðinni er hún hafnaði fyrir
kauptúnsins hönd.
Um þetta mál var rætt á við og dreif
og tóku þátt í umræðum allir er á fundi
sátu;. Loks komu fram 2 tillögur
svohljóðandi:
Aðaltill.: Ef gjört er eitt þúsund króna
tilboð í lágstöðina Gróðrarstöðvarinnar gefst
stjórninni heimild til að selja nefndan
hluta hennar
Br. till.: Þar eð fundurinn er eigi ánægður
með þau tilboð er komið hafa í Gróðrar-
stöðina, og von er um umgetinn styrk frá
ræktunarfélagi norðurlands, sem þykir hann
hér með að hætta við útboð, og selja eigi
að þessu sinni
Síðari tillagan borin upp og samþykt
með öllum atkv. gegn 1u.
Fyrri tillagan þar með fald., ~~og~~ því eigi borin upp

2. Eignanefnd: Páll Jónsson gat þess að hann hefði hitt form. skólanefndar, og beðið leikfimisáhöldin til kaups, hvað hann og fundarstjóri allar líkur á að þau yrðu keypt með sannvirði.

3. Þá gat formaður fél. þess að þar eð þetta mundi verða síðasti reglulegur fundur á vorinu væri ekki nauðsynlegt að kjósa stjórnina. Lét hann um leið þá ósk í ljósi að hinn fámenni flokkur er nú héldi þessum félagsskap saman, yrði samhentur með að halda Grádrasstöðinni í réttu horfi á komandi sumri.
Og fékk það góðar undirtektir af þeim er á fundi sátu.
Ennfremur gat hann þess að nú mundi ráfnaveturinn leigður fyrir 200 kr. þar eð tilboð hefði komið um það. Að sjálfsögðu gengju félagar fyrir inn og að undanförnu. Mest mundi í 1 manns hlut 1/8 af síðveiðunum koma.

Fleira var ekki tekið fyrir.

~~Fundar~~ Fundarstj. Fundi slitið Ritari
[illegible]

Fimtudaginn 6. Jan. 1921. kl. 9¼ var fundur settur og haldinn í U. M. F. Tindastóll. í Barnaskólanum. Fundarstjóri nefndi fyrir ritara Friðrik Jónsson. Formaður gat þess að fundurinn væri boðaður til þess að ræða um starfsemi félagsins á þessum vetri, og málleitni til að félagið fari að starfa og fjölga meðlimum, og Templarahúsið tekið á leigu. Um inntöku í félagið sótti Jóhanna Jóhannesd. Samþ. Fr. Jóns talaði um að rétt væri að leigja Goodtemplarahúsið til fundarhalda. Um það töluðu Guðmann Gíslason Páll Jónsson og form. Tillaga um að taka Templarahúsið til fundarhalda fyrir 5 kr. fyrir fund. Samþykt. Var síðan rætt um ýmislegt, einkum nýjar leiðir til félagsheilla.

Skipaði form. síðan í lagaendurskoðunarnefnd Jón Björnsson og Pál Jónsson og Jófríði Maríasardótt.
Í ritnefnd: Har. Sigurðsson Óskar Björnsson Kristínu Eyvindsd.
Upplestr.n.: Jófríði Maríasard. og Friðrik Jónsson
Mótfnamenn: Páll Jónsson og Jón Björnsson
Skemtinefnd: Óskar ~~Björnsson~~ Har. Júlíusson og Jóhönnu Jóhannsdóttir

Fundi slitið kl. 10½

pr. Fr. Jónsson

# Aðalfundur 1921

Sunnudaginn 30. Jan. hélt U. M. F. Tindastóll aðalfund sinn í Goodtemplarahúsinu á Sauðárkrók.
Form. félagsins Snæbjörn Sigurgeirsson setti fundinn og nefndi fyrir ritara Jón Björnsson og dyravörð Pál Jónsson.
Sungið: Eldgamla Ísafold.
Þá var tekið fyrir:

1. Form. kvað viðvörunarskrá ekki við, en sagði 10 félagsmenn mætta á fundinum.
2. Inngöngu í félagið beiddist Guðmundur Jóhannesson og var það samþykt.
3. Form. gat þess að Goodtemplarahúsið fengist ekki til vors fyrir minna en kr. 40.00 hita og ljóslaust og væri það breyting frá samþykt síðasta fundar og yrði því að ræða málið á ný. Eftir tillar um ræður kom tillaga frá Friðriki Jónssyni svo hljóðandi:: Að kjósa 3ja manna nefnd til að leitast fyrir um húsnæði til fundarhalda og hafi hún lokið starfi sínu fyrir næsta fundinn. Tillagan samþykt,
4. Lög félagsins. Form. gat þess að lög félagsins fyrir fyndust hvergi og hefði því lagaendurskoðun

nefnd ekkert starfað. Kvaðst hann hafa
lög þessa fjelags frá 1912 og breytingar frá 1918
og bauð fundinum að sýna þau. Urðu töluverðar
umræður um málið og kom það skýrt fram að ekki væri
gerlegt að ræða þau lög hér, því breytingar á lögunum
hefðu farið fram árlega og þessi lög frá 1912 væru
nú mjög breytt orðin. Kom svo tillaga
fram í málinu svohljóðandi: „Fundurinn samþykkir
að fela lagaendurskoðunarnefnd, að taka lög frá 1912
og athuga breytingar á þeim, og rita upp nú-gild-
andi lög fjelagsins fyrir næsta fund."
Tillögumaður Guðmann Gíslason. Tillagan samþ.
5. Árgjöldin lesin upp.
6. Húsnæðismálið tekið aftur til umræðu. Hafði
nefndin ekki verið kosin, sem leitast átti fyrir
með húsnæðið. Urðu enn töluverðar umræður um
um málið. Að síðustu var stjórninni falið
málið til meðferðar.
7. Guðmann Gíslason vakti máls á að nauðsyn-
legt væri að vakin yrði upp móður-málsvörðurinn
og voru þessir kosnir til starfa:
Guðbjörn[2] Sigurgeirsson, Guðmann[1] Gíslason, form.
Haraldur[3] Júlíusson, Friðrik[4] Jónsson, Jóhann[5] Möinsord.
8. Reikningar fjelagsins fyrir síðastliðið ár

lesnir upp. Samkvæmt yfirlitsreikningi er
sjóður fjelagsins að upphæð kr. 299.21. Gjaldkeri
gat þess að Sauðárkrókshreppur skuldaði fjelaginu
kr. 120.00 fyrir leikfimisáhöld er hann keypti af
fjelaginu. En hagur hreppsins þannig nú að hann
gæti ekki borgað það fyr en í vetur, og hefði
sú upphæð því ekki getað komið inná reikninginn.
Guðmann Gíslason gat þess að aðal- og jafnaðar-
reikningar fyrir fjelagið vantaði og kvaðst því
álíta það skyldu gjaldkera að koma með þessa
reikninga hið bráðasta.
Lesnar upp athugasemdir endurskoðenda.
Reikningarnir bornir upp til atkvæða og
samþykktir í einu hljóði, með áorðnum breytingum.
9. Páll Jónsson skýrði frá að stjórn
heyforðabúrsins hefði eigi séð sér fært að
láta heyja síðast liðið sumar vegna hins háa kaups
verkafólks, enda það ekki orðið hagur og
ekkert útlit fyrir að hreppurinn lenti í hey-
þroti. Um starfsemi forðabúrsins framvegis
urðu allmiklar umræður. Að þeim loknum
komu fram þessar tillögur:
Frá Páli Jónssyni: Fundurinn samþykkir
að gefa Sauðárkrókshreppi kost á sjóð þeim

er það hefir umráð yfir til væntanlegs heyforðabúrs.

Frá Friðriki Jónssyni: Að ungmennafél. kjósi stjórn heyforðabúrsins og hafi hún heimild til að ráðstafa eignum þess á hvern þann hátt er hún álítur kauptúninu heppilegt til fóðurbyrgða, og sé það sjálfstæð eign U.M.F. Tindastóll eins og áður.

Frá Guðmanni Gíslasyni: Fundurinn samþykkir að treysta í engu til um tilhögun með heyforðabúrið á þessu komandi ári, þar sem hann sér engi neina hugmynd framkomna frá Sauðárkrókshreppi um neitt er stefni að fóðurtryggingu.

Fyrsta og önnur tillaga voru ekki studdar. 3ja samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Úr stjórn forðabúrsins átti að ganga Páll Jónsson, en var endurkosinn með öllum greiddum atkvæðum

10. Stjórn félagsins endurkosin í einu hljóði. Í vara stjórn hlutu þessir kosningu: Haraldur Júlíusson, Oskar Bjarnason og Kristinn Gíslad.

11. Reikningsendurskoðendur: Jón Guðm. Gíslason og Páll Jónsson

12. Formaður hóf máls á hvort kjósa skildi ritstjóra fyrir Ársgeislann, hvaða kaup honum skildi greiðast og um hvað rita mætti í blaðið. Voru flestir sammála að rita mætti í blaðið, samkvæmt lögum þess, allt það er ekki væri persónu meiðandi fyrir félagsmenn, enda hefur ritstjóri eftirlit með því. Kom þá munnleg tillaga fram svohljóðandi:

Fundurinn kjósi ritstjóra, og honum séu greiddar Kr 20.00 í árslaun. Kosningu hlaut Guðmann Gíslason

13. Málefnamaður Páll Jónsson hóf máls á, hvort U.M.F. vildi ekki styrkja Taflfélagið er nú þyrfti á peningum að halda. Friðrik Jónsson skýrði frá að Taflfélagið hefði fengið tilboð frá Reykjavík um að tefla símleiðis, en því fylgdi mikill kostnaður sem félagsmenn treystu sér ekki að greiða, án styrks.

Í móti þessari styrkbeiðni komu fram sterk mótmæli frá Jóni Gíslasyni og þar sem útlit var fyrir að umræður yrðu miklar um málið, en menn hinsvegar orðnir þreyttir á að sitja á fundi, var samþykkt að fresta því til næsta fundar.

Málefnamaður kvaðst hafa annað mót

er kæmi til umræðu á næsta fundi: Geislalækningar.

14. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar:

Fundarstjóri: Jófinna Maríusdóttir
Ritnefnd: Páll Jónsson
Jóhanna Jóhannsdóttir
Sigríður Kristjánsdóttir
Málshefjandi: Jón Björnsson
Jón Þ. Björnsson
Upplestrarm.: Jófinna Maríusdóttir
Jón Eiríksson
Skemtinefnd: Friðrik Jónsson
[illegible]sson
Páll Jónsson

Sungið ~

Fundið slitið

Jón Björnsson
ritari

fr. Jófinna Maríusd. - (fundarstj.)
P. Jónsson

# Annar fundur

Var haldinn í U.M.F. Tindastóll Sunnud. 13-2-'21 í Templarahúsinu hér á staðnum. Fundinn setti og stýrði fundarst. Jófinna Maríusdóttir. Ritarar nefnd ir Karólína Gísladóttir og Snæbjörn Sigurgeirsson Dyrav. Jens. Pétursson. Á fundinum gjörðist þetta:

1. Lesin fundargjörð síðasta fundar og samþ.
2. Inntöku óskuðu í félagið þeir Albert Sölvason, Magnús Bjarnason Haraldur Jónsson Guðmundur Sigurðsson Jóngeir Davíðsson Sigtryggur Kristjánsson og Sophonías Sigfússon samþ. í einu hljóði.
3. Lesnar upp nokkrar villur af móðurmálsvöndun.
4. Lesið blað fél. Árgeislinn.
5. Húslánsmál. Snæbjörn Sigurgeirsson gat þess að nefndin hefði ekki fengið tækifæri til að koma málinu inn á stúkufund, sökum þess að hlutaðeigandi stjórnarnefnd hefði verið störfum hlaðin á öðrum sviðum þann dag er hún vildi koma því í framkvæmd. En þar eð nefnd þessi eða kannske form. hennar hefði látið ónotað tíma og tækifæri er áður buðust í þessa átt. Hvaðst hann hérmeð taka að sér það er greiða þyrfti Templurunum fram yfir 5 kr. fyrir fund hvern yfir það tímabil sem eftir ræðir. Nefndf. gat hann þess að húslánsm. færi fram á auka

þóknun fyrir að hirða lampa og ofn t.d. kr. 1.-
fyrir hvern fund. Um það urðu skiptar skoðan-
ir, og endaði með því að framsögumaður tók að
sér að greiða þessa þóknun félaginu að kostnaðar-
lausu. Þá borin upp tillaga frá Guðm. Gíslas.: Fund-
inn felur stjórn félagsins að gjöra hið réttasta og besta
í þessu máli. Samþykkt.

6 Laganefndin hafði ekki starf rétt vel af hendi
og fært þau, með þeim endurbótum viðbótum og
breytingum er fundur í fundargjörðum Aðalfundar
undanfarandi ár, inn í sérstaka bók. Um þau
hófust miklar umræður; urðu engar endanlegar
tillögur samþyktar, og féllu umræður þannig niður;
að lögin verði ekki til umræðu fyr en á næsta
aðalfundi á lögákveðnum tíma.
Kom þar næst fram tillaga frá Guðm. Gíslasyni:
a Fundurinn samþykkir sem fundarályktun: Skemti-
nefnd má ekki leyfa utanfélagsmönnum þátttöku
í skemtunum eptir fundum frekar en aðrir fél-
agsmenn. Samþ. með 7 gegn 4.
b. Tillaga Friðriks Jónssonar: Fundurinn telur hepp-
legt að hver félagsmaður hafi rétt til að bjóða
einum manni í hvert sinn á skemtisamkomu.
Samþ.

7 Þá vakti Guðm. Gíslas. máls á grein þeirri í Ægid-
anum er fjallaði um húsbyggingar, og hvað nauðsyn
mikla á að hefjast handa í því máli. Þá um leið
gat Málshefjandi. Jón Björnsson þess að þetta sama
mál hefði vakað fyrir honum og hefði hann ætlað
að gjöra það að málefni fundarins. Töluðu ýmsir
í þessu máli og voru allir hugmyndinni hlyntir;
a Tillaga G. G.: Fundurinn samþ. að taka til fram-
kvæmda í húsbyggingarmáli sínu með því að
efla til sjóðs, er sé á sínum tíma varið til húsbygg-
ingarinnar. Samþ. með 13 samhljóða atkv.
b Tillaga frá sama: Fundurinn samþ. að kjósa 5 manna
nefnd til að athuga möguleika fyrir framkvæmdum
í húsbyggingarmálinu. Jafnframt sem hún eflir
til sjóðmyndunar, ef hún álítur það tiltækilegt. Samþ.
Var þá gengið til atkvæða, er samþykt var að viðhafa
halarófu kosningu. Og stakk fundarstjóri upp á
þeim fyrstu sem venja er til við slík tækifæri.
Nefndina skipa þessir: Jón G. Gíslason, Jón Björnsson,
Magnús Björnsson, Páll Jónsson og Albert Sölvason.
8 Sömul. vakti Guðm. Gíslas. máls á því að nauðsyn
væri að koma upp dálitlu bókasafni fyrir félagið.
Var talað um það á víð og dreif. Tillaga frá G. G.:
Fundurinn samþykkir að athuga möguleika fyrir

Sjóðinn bókasafns er innihalda fræðslubækur til afnota fyrir fróðleiksfýsandi fjelagsmenn og aðra, með því að kjósa 3ja manna nefnd er láti álit sitt uppi við fyrsta tækifæri.

8. Breytingartillaga S.S.: Þótt fundarmönnum sýndist að mjög æskilegt væri að koma sér upp bókasafni, þá telur hann sér ekki fært að hreyfa því máli að sinni. Samþ. Aðaltill. því ekki borin til atkv.

9. Rætt um glímur og samþ. svohljóðandi till. Fundurinn kýs 3ja manna nefnd af áhugasömum glímumönnum til að gangast fyrir glímum, og í samráði við stjórn fjelagsins útvega hús til æfinga.
Samþ. Kosningu hlutu: Magnús Bjarnason form. Albert Sölvason. Guðmann Gíslason.

10. Lagt var rætt um styrk til taflfél., er eigi útkljáðist á síðasta fundi, var það nokkuð rætt af ýmsum og lagt tekið út af dagskrá þar eð engin tillaga var studd eða samþ. í því máli.

Ýms áhugamál lágu fyrir en þar eð fundurinn var orðinn langur og þreytandi var þeim frestað.

Starfsm.: Eftirl. J. G. Gíslason Ritnefnd: Albert Sölvason Jón Björns Har. Júlíusson. Málshefj.: [illegible] Uppl. [illegible] S.S. Skemtun: [illegible] Gíslas. Jóh. Jóhannsd. Óskar Stef.

Upplestur frá Sig. [illegible]. Sungið: „Góða nótt“

Fundi slitið

Samþykt
Guðmann Gíslason

S. Sigurgeirsson
(ritari)

# 3. Fundur

Sunnudaginn 13. marz 1921 kl 4½ e. m. var fundur haldinn í U. M. F. Tindastóll í Templarahúsinu hjer í staðnum.
Fundarstjóri Jón Guðmann Gíslason setti fundinn og nefndi til ritara: Magnús Bjarnason og Sigtrygg Transtason og dyravörð Guðmund Sigurðsson

Á fundinum gjörðist þetta:

1. Sungið
2. Fundargjörð frá síðasta fundi lesin upp, og samþykt
3. Lesið blað fjelagsins Árgeislinn
4. Athugasemdir móðurmálsvarðar lesnar upp
5. Snæbjörn Sigurgeirsson sagði frá því, að hann hefði sótt um styrk til Sýslunefndar, til þess að fjelagið gæti haldið uppi sundkenslu, en um afdrif málsins þar, vissi hann ekki. Tillaga frá Snæbirni um að gjöra sundmálið að blaðamáli og viðaukatillaga frá Guðmanni um að taka málið inn á fund aftur og ræða það, ekki síðar enn á öðrum fundi hjer frá, voru báðar samþyktar
6. Magnús Bjarnason talaði um að fjelagið þyrfti að eignast glímuólar. Um þetta töluðu Páll Jónsson Guðmann og Snæbjörn. Tillaga frá Snæbirni um að

fela glímunefnd að útvega sína samstæðu af glímuólum, var samþykt
7. Um inntöku í fjelagið sóttu Elsabet Rósantsdóttir og Sofía Stefánsdóttir, og var það samþykt
8. Jón Guðmann talaði um hvort ekki væri kominn tími til að halda afmæli fjelagsins, um þetta mál töluðu auk málshefjanda, Páll Jónsson og Snæbjörn, sem kom með tillögu, um að fresta málinu til næsta fundar, og var hún samþykt
9. Guðmann talaði um að æskilegt væri að fá fastákveðinn mann til að leika á hljóðfæri fyrir fjelagsmenn. Tillaga kom frá Snæbirni um að fela skemtinefnd framkvæmdir í málinu, og var hún samþykt
10. Upplestrarmaður Snæbjörn Sigurgeirsson las upp: Kóran kom í Mannheima, Jólanóttin og X-augað
11. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar:
Fundarstjóri Magnús Bjarnason
Málefnamenn: Snæbjörn Sigurgeirsson, Guðm Sigurðsson
Upplestrarmenn: Sophonías Sigfússon og Jóngeir Davíðsson
Ritnefnd: Páll Jónsson Sigtr. Traustason og Jófínna Maríusdóttir
Skemtinefnd: Albert Sölvason Guðmundur Jóhannesson og Jófínna Maríusdóttir
12. Sungið: og fundi slitið kl. 6 3/4

Ritarar
Magnús Bjarnason Sigtr Traustason

# 4 Fundur.

Mánudaginn annan í páskum þann 28 mars 1921 hjelt Ungmennafjelagið "Tindastóll" fund í Goodtemplarahúsinu hjer á Staðnum. Fundarstjóri Magnús Bjarnason setti fundinn kl. 3.40 mín og skipaði fyrir ritara Jóngeir Davíðsson og Albert Sölvason. En dyravörð Sophanías Sigfúss

Á fundinum gjörðist þetta

1. Fundargerð frá síðasta fundi upplesin og samþykt.
2. Upptöku beiðni kom frá Hólmfríði Helgadóttir og var hún samþykt
3. Ritstjóri las upp blað fjelagsins Árgeisla og var það skemtilegt.
4. Móðurmálsvörður kom með athuganir sínar frá síðasta fundi
5. Fundarstjóri gat þess að fyrsta mál á dagskrá væri Afmælishald Ungmennafj. Í því töluðu Snæbjörn Sigurgeirsson og vildi hann helst að skemtunin yrði úti en síðar að kaffidrykkja væri höfð

hörð við kuman legt væri að geta haft sýn-
höld. Þá talaði Jón Guðm. og var það hans álit
að hafa skemtunina bæði úti og inni og sodra
sjálfsagða (~~alt~~ ekki [skifti engu]) kaffi drykkju mynntist
hann einig á hvernveg fyrirkomulag á
afmælishöldum hefði áður verið. tillaga
frá Guðmanni að haldin yrði úti og inni
skemtun og 7 manna nefnd yrði skipuð
í málið tillagan samþykt. fór því
næst hlutarofukosning á nefndinni og fjell
þannveg. Snæbjörn Guðmann Magnús
Jófinna Karolína Elísabet og Soffía
Málið tekið út af dagskrá
6. Þá var Glímumálið í því talaði
Jón Guðm. gat hann þess að utanfjelagsmenn
hefðu tekið þátt í þeim og ef þeir yrðu
framvegis yrðu þeir að borga hefði þeim
verið boðnir tveir kostir að hver um sig
borgaði 3 krónur til næsta nýárs eða
borga húsa leigu annað hvert kvöld
en þeir hefðu hvorugan kostinn tekið en
viljað borga hlutfallslega en það kvaðst
hann ekki vilja, gera það að tillögu sinni
að fundurinn samþykti ~~að~~ þeir gengju að

þeim kostum sem þegar væri búið að bjóða
þeim eða hætta þáttöku að öðrum kosti.
Þá töluðu þeir Snæbjörn og Magnús Bjarnason
að heppilegra yrði að þeir borguðu hlutfallslega
Tillaga frá Magnúsi að utanfjel. er
þátt tækju í glímunum borguðu hlutfalls-
lega og viðbót frá Snæbirni að utanfjel.
sjálfir söfnuðu og færðu þá formanni
glímunefndar. Tillaga borin upp og
feld með 6. gegn 3. var þá Guðmanns
tillaga borin upp og samþykt. Glímunefnd
falið að tilkynna utanfjel. úrslit málsins
Málið tekið út af dagskrá
7. Þá var Sundmálið næst í því talaði
Snæbjörn gat hann þess að sjer hefðu
brugðist vonir sínar með, þar eð ekkert hefði
verið skrifað í blöðin skoraði hann á þann er
vakið hafði máls á því í blöðunum að tala
þá talaði Jón Guðmann og endurtók áskorun
Snæbjarnar um að málshefjandi talaði þetta
Stóð hann upp og gat þess að ekki væri
fyrir þá sem kölluðust væru komnir á veg
gætu ekki fengið tilsögn í fleiri sundtök
Þá talaði Snæbjörn nokkur orð því næst

tillaga frá Guðm. að fela stjórninni framkv.
þá talaði Friðrik og gat þess að sér fyndist ekki
rjett að skella öllu á stjórnina vildi heldur
að þeir nýgengnu fengju að starfa
Tillagan því næst samþykkt.
8. Málefnaframsögumaður Snæbjörn kom með tvö
málefni inn á fundinn hið fyrra hvernig
fjelagsins næsta ár gat hann þess að
templar hvað væri það eina er fjelagið
hefði full not af vildi því vita hvernig gæti
hver fjel. fengið hjá templurum frá hausti
til vors. Friðrik Jónsson áleit að betra væri
að draga það ögn því ef til vill kæmumst við
að betri kjörum seinna. Jón Guðm. talaði
næst var á sama máli og síðasti ræðum. og
vildi að stjórnin yrði falið framkvæmdir
urðu um þetta miklar umræður. Jón Guðm.
skoraði á þá er ekki höfðu tekið til máls að tala
Tillaga frá Snæbirni að stjórninni yrði falið
að halda málinu vakandi og koma því
inn á Templarafund. málið tekið út af dagskrá
9. hitt málefnið var íþróttir urðu um það dálitl.
umræður því næst tekið út af dagskrá
10. Snæbjörn gat ~~þess að~~ ~~þar~~ annan í páskum

væri vel til fallið að hafa skemtun er fjelagsm.
mættu ekki kjósa á mena með því að greiða aðgöngu
gjald frá tekin þeir Guðm. og Friðrik vildu báðir
að skemtunin yrði haldin en ungmennafj. stæði
ekki bakvið urðu umræður um þetta aftur og bak
og áfram loks tillaga frá Snæbirni að halda
skemtun og yrði hver utanfjm. að borga 50 aura
og ungmennafj. stæði ekki á bak við tillagan
samþykkt.
11 Snæbjörn vildi að kvöldin á eftir fundum væri
greindi sundur þannig að annað kvöldið væri
skemtanir og hitt kvöld dans. Jón Guðm.
talaði og vildi ekki að tvískifta yrði gæti átt sér
að þátttaka yrði svo lítil
12 Upplestrarmenn lásu upp Sophanías Sigfússon
las upp langa ræðu en Jóngeir Davíðsson
Presturinn frá Bunuvöllum
15 Skifað til fyrir næsta fundar

Fundarskrif. Jóngeir Davíðsson

Málefnafram. Guðmundur Jóhannesson Elísabet Rósantsdóttir
Upplestrarm. Sigtryggur Jónatansson, Soffía Stefánsdóttir
Skemtinefnd Snæbjörn Guðmund. Sigurðsson Karolína Kjeld.

Ritnefnd Albert Sölvason Fredrik Jónsson
Hólmfríður Helgadóttir

14 Sungið Frjálst er í fjallasal

Fundi slitið kl. 6,40 mi[n]

Ritarar Jóngeir Davíðsson Albert J. Sölvason

## 5. Fundur

Sunnudaginn 10 april f. á. var fundur haldinn í U. M. F. Tindastóll í Goodtemplarahúsinu hjer á staðnum, og byrjaði kl 2 e. h.
Fundarstjóri Jóngeir Davíðsson setti fundinn og nefndi til ritara Magnús Bjarnason og Guðmund Sigurðsson

Þetta gjörðist á fundinum:

1. Fundargjörð frá síðasta fundi lesin upp og samþykt
2. Snæbjörn Sigurgeirsson skýrði frá því, hvernig nefnd sú, sem kosin var til að gangast fyrir því, að haldin sje skemtun fyrir fjelagsmenn, hugsar sjer fyrirkomulag á skemtuninni, og er það þannig: Fyrst safnist menn saman í Goodtemplarahúsinu og þar sje skemtunin sett, þar næst sje gengið í skrúðgöngu út á eyri. Þar sýnir Hnattspyrnufjelag Sauðárkróks hnattspyrnu. Fleiri íþróttir verða sýndar ef þátttakendur fást, einnig verður farið í ýmsa leiki sem allir geta skemt sjer við. Ræður verða haldnar og sungið. Þegar lokið er að skemta sjer úti verður farið inn í hús, og sest að kaffidrykkju. Viðvíkjandi þessu síðasta atriði, með kaffið er nefndin ekki búin að fastákveða neitt, og verður þessi fundur að segja álit sitt, um það mál. Og að síðustu eins og alvanalegt er dans á eftir. Snæbjörn endaði mál sitt með því að skora á menn að láta álit sitt í ljósi. Þetta stóðst ekki Páll Jónsson og lýsti því yfir að honum fjelli vel í geð áðurnefnt fyrirkomulag.
Þá talaði Magnús Bjarnason um það að menn ættu að reyna að mæta stundvíslega á fundum, og sækja fundi, því að ef menn ekki hirtu um þetta hvort gæti svo farið að ekkert yrði úr framkvæmdum
Um þetta töluðu Snæbjörn og Guðmann
Tillaga kom fram á fundinum svohljóðandi: Fundurinn samþykkir að hafa kaffidrykkju á hinni fyrirhuguðu skemtun, og var samþykt. Önnur tillaga frá Páli Jónssyni þess efnis, að fela áðurgreindri nefnd allar framkvæmdir í málinu, var borin upp og samþykt
3. Úrsögn kom frá Haraldi Jónssyni; vísað til stjórnarinnar
4. Um inntöku í fjelagið sótti Margrjet Eiríksen, og var

það samþykt
5. Lesið blað fjelagsins „Árgeislinn"
6. Snæbjörn talaði um, að ein af skyldum ritara. væri sú, að tilkynna þeim fjelagsmönnum, sem ekki koma á fund en eru skipaðir í einhvern starfa, hver sá starfi er. Hvorugur málefnamaður var viðstaddur, en Snæbjörn beindi þeirri spurningu til fjelagsmanna. Hvernig þeir hugsuðu sjer fyrirkomulag á rekstri Gróðrarstöðvarinnar þetta ár. Jafnframt gat hann þess að sjer þætti fyrirkomulag það sem hafi var síðast liðið gefast vel Páll Jónsson taldi það einnig og vildi fela stjórninni að sjá um stöðina þetta ár. Snæbjörn sagðist álíta heppilegast að hafa einn mann til að gæta stöðvarinnar, og benti sjerstaklega á Guðmann sem heppilegan, bæði vegna þess að hann byggi nærri stöðinni og svo hefði hann nokkra æfingu í starfinu Guðmann taldi um að mjög væri erfitt að hafa eftirlit með stöðinni vegna þess að menn gengu svo illa um hana og nefndi nokkur dæmi máls sinu til sönnunar, einnig hvað hann girðinguna ófullkomna og taldi það skömm fyrir fjelagið hvernig hún væri útlits Snæbjörn skýrði frá því að fjelagið ætti talsvert af girðingaefni og væri sjálfsagt að nota það og gera við stöðina

Þá stóð Magnús upp og kvaðst álíta heppilegra að stjórnin hefði framkvæmd í málinu, ef hún ekki gæti sjálf haft umsjónina með höndum, gæti hún ráðið mann til starfans; sami maður kom með svohljóðandi tillögu: Fundurinn samþykkir að fela stjórn fjelagsins allar framkvæmdir viðvíkjandi Gróðrarstöðinni á yfirstandandi ári. Um tillöguna urðu miklar [illegible] umræður. Jón Björnsson sagðist samþykkur flestu því sem Snæbjörn hefði um þetta sagt og mælti með Guðmanni sem heppilegum til starfans. Næstur tók Guðmann til máls og kvað sig ekki betri en hvern annan fjelagsmann Páll kvaðst vera tillögunni fylgjandi og vildi að hún yrði borin upp. Snæbjörn taldi um að best væri að reyna að fá mann með sömu skilyrðum og áður, taldi starfið ekki útheimta mikla vinnu Um þetta atriði töluðu Snæbjörn og Guðmann og urðu töluverðar orðahnippingar milli þeirra. Loks var áðurgreind tillaga borin upp og samþykt
7. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar:
Fundarstj.: Albert Sölvason
Málefnamenn: Jón G. Gíslason, Jón Björnsson
Upplestrarm.: Karólína Gísladóttir, Guðm. Sigurðsson
Skemtinefnd: Jófríður Maríurd, Páll Jónsson Elísabet Rosantsdóttir
Ritnefnd: Snæbj. Sigurgeirs Jón Þ Björnsson Jóhanna Jóhannsd

8. Sungið: Á vængjum vildi jeg berast
Fundi slitið kl. 15 mín í 4.
Ritarar: Magnús Bjarnason Guðm. Sigurðsson

Albert G. Sölvason, fundarstjóri

# 6. fundr.

## Ungmennafjelagið „Tindastóll“

Sauðárkróki, Sunnudaginn þ. 24. Apríl 1921.

Fundur settur og haldinn í Templarahúsinu hér á staðnum kl. 3 e.m., af fundarstjóra Albert Sölvasyni.

Á fundinum gjörðist þetta:

1 Nefndir ritarar: Snæbjörn og Guðmundur Sigurðsson Dyrgv. Jens Eiríksson,
2 Sungið: „Fanna skautar faldi háum“
3. Upplesin fundargjörð síðasta fundar og samþ.
4. lesinn „Árgeislinn“
5. Upplesin viðveruskrá: Mættir 9 félagar.
6. Snæbjörn mæltist til að þeir ungmennafélagar sem leggja vildu sáðreiti í gróðrarstöðinni gæfu sig fram nú á fundinum, og aðrir sem ekki voru mættir við fyrsta tækifæri
7. Þá var skýrt frá að skemtun mundi fram fara annan sunnudag hér frá, og að flestir félagar mundu taka þátt í henni, sömuleiðis (fótbolta) knattspyrnufélagar

Þá drap form. á sumlið nokkuð og hvatti

ungmennafélaga til að setja það og skjáumenna.
8. Málefnaræður: Guðm. Jóhannesson: hvísist því hvort félagar ekki vilda leggja í að fara gönguför í sumar: um það var mikið rætt. Tillaga málshefjanda: Að farið yrði upp á Molduxa eða Tindastól samþ. með öllum greiddum atkvæðum.
9. 2 málefnum: Guðm. Gíslason: Sagðist hafa málefni er hann ekki lagði fyrir fundinn nú þar eð komnir væri svo fá menn. Samþ. að fresta því.
10. Upplestrarmenn: ekki mættir en fundarstjóri las upp sögurna Læringarmaðurinn!
11. Þá kosið í störf til næsta fundar:
Fundarstj. Jens Eiríksson
Málefnamenn Sigtr. Jóansteinsson M. Bjarnason
Upplestrarm: Guðm. Jóhannesson Elísabet Rósantsd.
Skemtinefnd: Kar. Gíslad Jóhanna Jóhsd. Soffía Stefánsd.
Ritnefnd: Soffía Stef. Fridr. Jónsson Hólmfr. Helgad.
Sungið: "Eldgamla Ísafold"
Fundi slitið
Fundarstj.! Ritari Steingrímur

7. fundr.

# Ungmennafélagið. Tindastóll

Sauðárkróki. Sunnudaginn 29. Mai 1921.

Fundr settr af fundarstjóra Jens Eiríkssyni kl. 5 e.m.
Frestað að lesa fundargerð síðasta fundar til þess næsta þar sem hún var ófullgerð.
Rætt um gönguför þá er rætt var um á síðasta fundi og á ákveðin var.
Tillaga Guðmanns að kosin yrði 3ja manna nefnd til að ákveða hvert farið verði og hvenær -
Samþykt.
Kosnir að vörð hafa svokallaðri kaladofskosningu
Jón Guðmann Gíslason
Snæbjörn Sigurgeirsson
Magnús Bjarnason
Og
Kosnir starfsmenn til næsta fundar.
Fundarstjóri Jón Guðmann Gíslason
Málefnamenn: Magnús Bjarnason og Hebert Sölva
Upplestrarmenn: Elísabet Rósantsdóttir & Soffía Stefánsd. Guðmundr Jóhannesson, er eigi var hér á fundi
Ritnefnd. Friðrik Jónsson Hólmfríðr Helgad. & Haraldr Júlíuss.
Skemtinefnd: Soffía Stefánsd, Jóhanna Jóhannsd. & Karólína Gíslad.
Fundi slitið. Jón Guðmann Gíslason

8 Fundur

Sunnudaginn 6 Nóv. 1921 var fundur haldinn í Ur. U. T. Iudastóll í Good Templarahúsinu. Formaður setti fundinn kl 4,20 og nefndi til ritara Albert Sölvason og Magnús Bjarna og dyravörð Þorgeir Davíðsson.

Þetta gerðist á fundinum

1. Tekið móti nyjum fjelögum Eysteini Bjarnasyni Valgarði Blondal Kristjáni Magnussyni Kristjáni Guðmundsyni Eyþóri Stefanssyni Svavari Guðmundssyni Steinari Bjarnasyni Rognvaldi Gíslasyni Sigurbjorg Tómasdott. Guðbjorg Þorleifsdótt Jónína Arngrímsdotte, formaður bauð hina ný komnu fjelaga velkomna

2. Sungið Eldgamla Ísafold

3. Fundargerð síðasta fundar upplesin og samþykt.

4. Formaður gat þess að venja væri að kjósa í fastar nefndir og vildi þá fyrst kjósa

hvað gömlu skuldbindingarskrána lýsnda nýja ófengna. Urðu um samban. og lög fjelagsins tölverðar umræður voru skiftar skoðanir og tóku þessir til máls Páll Ragnar Snæbjörn Valgarð Rögnv. Guðm.

8. Kosinn móðurmálsvörð í stað eins sem úr gekk Eystein Bj.

9. Úrsögn kom frá Haraldi Júlíussyni

10. Snæbjorn bar undir fundinn hvort ei væri rjett að lækka leigu eftir gróðrarstöð sökum uppskerubrests er orsakaðist af því að stöðin var í grifhæld. urðu um það harðar umræður með og móti þessu tóluðu Snæbj. Valgarð Páll Har Sig. Guðm. Rögnv. Kr. tillaga frá Rögnvaldi svohljóðandi fundurinn ákveður að leiga eftir 1/16 hluta gróðrastöðin skuli færð niður um 2/50 sökum uppskerubrests. og þess að leigan er í sjálfu sjer of há en stöðin ekki í leigufæru standi samþykt með 14 gegn 4. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar

Fundarstj. Jón Gíslason
Málefnan. Albert Rögnvaldur
Upplestrar. Elisabet Soffía
Ritnefnd. Friðrik. Hólmfríð Valgarð
Skemtinefnd. Ragnar. Eyþór Kristján Magn

Sungið Á vengjum veldi Eg berast.

Fundi slitið kl. 7.

Albert Sölvason Magnús Bjarnason
(Ritarar)

Samþykt.
Jón Guðmann Gíslason

# 9 Fundur

Sunnud. 20 Nov 1921 kl. 4½ e.m. var fundur haldinn í U. M. F. Tindastóll í Goodtemplarahúsinu Sauðárkróki.

Fundarstjóri Jón G. Gíslason setti og stýrði fundinum. Nefndi til ritara Jóngeir Davíðsson og Helgu Blöndal.

Þetta gjörðist á fundinum.

1. Sungið „Ó fögur er vor fósturjörð"
2. Tekið í gróði nýjum fjelögum
   Guðm. Sveinssyni - Dýrleif Arnadóttir
   Joh. Þorgrímssyni - Helg. Guðmundsd.
   Sigurð Kjartansd - Þorbjörgu Kristjánsd.
   Salome Norðerel. Magnúsi Hanssyni
   ~~Guðný~~ —
3. Síðasti fundargjörð lesin upp og samþykt
4. Ágætlum lesin upp af ritstj.
5. Fundarstjóri gat þess að ekki væri unt að lesa upp móðurmálsvörðinn fyr sem hann væri ómn farðr.
7. Rgnh. Erlendur leyft að

sitji á fundi, þar sem hún
var félagi í öðru ungmennafél.

7. Kr. Magnússon skýrði frá störfum
húsnefndarinnar. Um það ræddu
Eysteinn Bjarnason, Páll Jónsson,
Valgerð Blöndal

a. Till. frá nefndinni um að
selja hjónum templara að greiða
5 kr. fyrir hvern fundardag,
var samþykt með öllum gr.
atkvæðum.

b. Svohljóðandi tillaga um leikfimi
kom frá R. G. Gíslasyni:
„Fundurinn ákveður að greiða
„úr félagssjóði fyrir húsnæði
„ljós og hita, sem væntanlegir
„leikfimisflokkar þurfa í að
„halda í vetur. –
Til máls tóku Valgerð H. Eysteinn
Páll Jónsson Kr. Magnússon, Jón G. Gísl.
Fr. Jensson. Snæbj. Sigurgeirsson.
Var tillagan samþ. með 20
atkv. gegn 3.

8 Friðrik Jensson talaði dálítið
um hin slæmu leikfimisáhöld
félagsins. Taldi hann helst
ætti að kaupa ný, vegna
drátta á greiðslu frá skólanefnd.
Til máls tóku Snæbj. Sigurgeirss,
Páll Jónsson. Svohljóðandi till.
var samþykt frá Ragnari Gíslasyni:
„Fundurinn felur félagsstjórninni
„að ganga eftir greiðslu á leik-
„fimisáhöldum félagsins hjá
„skólanefnd, og vilji hún ekki
„greiða nú þegar, þá að taka
„áhöldin

9 Formaður skýrði frá því að hann
samkvæmt beiðni síðasta fundar
hefði talað við fjórðungsstjórn
á Akureyri, og hann gefið þær
upplýsingar að U.M.F. Tindastóll
mundi enn ekki strikað út
úr sambandinu. Þessir töluðu
Fr. Jensson, Páll Jónsson Valgerð H.
þar sem umræður fóru að verða
mikið þvæla (~~[illegible]~~) var málið tekið út
af dagskrá samkv. fundarsamþ.

10. Albert Sölvason lagði þetta mál
fyrir fundinn. Að Aðgangur utan-
fjelagsm. að skemtunum fjelags.
og skifti peninga við dyrnar.
Sagði hann að oft væri óþægil.
að skifta peningum, og enn ver
að fá sennegir fyrir hvort þess
eða hinum hefði verið boðið.
Till. frá Albert Sölvasyni, um að
gjaldið skyldi í hvert skifti hvers fundar
útbýta aðgangsmiðum að skemt-
aninni í efti. Var samþykkt
með öllum greiddum atkv.
Til máls tók: Fredrik Jóns. Páll
Jónss. R. G. Gíslason. Snæbj. Sigurg.
11 ~~Till~~ Ragnar G. Gíslason lagði
þetta mál fyrir fundinn. Samvinna
og samkepni. Flutti hann skyrt
erindi um þetta. Kvaðst hann
fylgjandi þvílíku stefnumáli og
þar af leiðandi með fjelagsi
samkepni. Til máls tóku
Snæbjörn Sigurgeirss, Sigfús Blöndal,
Fredrik Jónss, Magnus Bjarnas, Páll

Jónsson. Samþ. að fresta umr.
til næsta fundar.
12. Fundarstj. Jón G. Gíslason bar
fram, erindi um að halda hátíðl.
50 ára afmæli Stúdentafjel.
Urðu tölu. umræður, en þar
sem fundurinn var orðinn lang-
ur 3 klt. var samþ. till. frá Sigfúsi
um að taka málið út af dagskrá,
og fresta umræðum til næsta
fundar.
13. Starfsmenn til næsta fundar
voru þessir skipaðir.
Fundarstj: Magnus Bjarnason.
Málshefjendur: Sigurl. Bjarnas, Guðm. Sveinss.
Upplestrarm: Sigfús Stefánss, Dýrleif Árnad.
Ritnefnd: R. G. Gíslason, Helgi Guðmunds,
Sigríður Sigurðsdóttir.
Skemtinefnd: Sigfús Blöndal, Páll Jónss
Sigurbjörg Tómasd.
14 Sungið frá bls. fjelli einn.
15 Fundi slitið kl. 7½ e.h.

Sigfús Blöndal, Jón Davíðsson
(ritari).

# 10. fundur.

Sunnudaginn 4. desember 1921 var haldinn
í U. M. F. Tindastóll og settur kl. 4[30]
af fundarstjóra Magnúsi Bjarnasyni.
Nefndi hann til ritara Eystein Bjarnason og
Ragnar Jónsson. Dyravörð setti hann
Helga Guðmundsson.

Á fundinum gjörðist þetta.

1. Inntöku í fél. óskuðu: Pálmi P. Sighvats,
Gunnar P. Sighvats, Kristján Hálfdanarson,
Þorlákur Hálfdanarson, Magnús Pálsson,
Ragnhildur Erlendsdóttir og Sigurður
Guðmundsson og Þórhildur Jónsdóttir.
Voru þau öll samþykt sem félagar.
2. Sungið: „Eldgamla Ísafold".
3. Lesin upp síðasta fundargjörð, rædd lítið
eitt og síðan samþykt.
4. Viðurkenningarskrá upplesin og voru mættir 42
félagar þegar flest var.
5. Borið undir fund hvort hverjum utanfélags
stúlkum væri leyft að vera á fundi. Samþykt.
6. Kveðja kom frá Jóni Björnssyni, verslunarm.
7. Ásgeirsbúi, blað félagsins, lesinn upp af
ritstjóra hans. Voru það handritin sem hann
las og kvartaði hann undan því hversu
seint greinarnar bærust honum í hendur.
Í blaðinu var m. a. Giftur, gamansaga
eftir Geysir Stefánsson, Vetrarkveld eftir
Siggnýju, Íþróttahugleiðingar eftir Rögnvald
G. Gíslason.
8. Formaður málfundaráðs-nefndarinnar
að ekki hefði komið neitt til sín, sem um
þyrfti og ámintaði hann meðnefndarmenn
sína. Eysteinn Bjarnason sagðist hafa
skrifað hjá sér nokkur orð á tveimur
síðustu fundum en ekki vitað hvaða
síðan ætti við það að gjöra. Form. málfundaráðs
Jón Guðm. Gíslason gaf upplýsingar um það.
9. Formaður húsnefndar Kristján Magnússon
skýrði frá samningum þeim sem húsnefndin
hefði gjört við stúkuna Gleym mér eigi.
Skýrði hann frá orðabreytingu sem hann
hefði gert frá því að uppkastið var samið og
hann hreinskrifaði það. Í uppkastinu stóð:
„berjalaust ábyrgð á húsinu og áhöldum þess og
alt því viðkomandi fram" þar fékk hann í

orðunum „breyta til" svo það hljóðaði svo:
„breyta til að alt fari siðsamlega fram";
en einn stúkunefndarmaður vildi ekki
breyta til, en til samkomulags vildi setja
„sjá um að alt fari þar siðsamlega fram."
Það höfðu meðnefndarmenn hans samþykt
og einn kirkjunefndarmaður og formaður U.M.F.T.
en einn kirkjunefndarmaður fjarverandi, en
kirkjunefndarformaður vildi ekki breyta til
og var í minnihluta og skrifaði ekki
undir samninginn.
Um þetta töluðu: Páll Jónsson, Friðrik
Jónsson, Arnbjörn Sigurgeirsson,
Formaður U.M.F.T. las samninginn
upp. Þá töluðu Arnbjörn Sigurgeirsson,
Páll Jónsson, Kristján Magnússon,
Eggert Stefánsson, Magnús Bjarnason,
Jón Guðm. Gíslason, Páll Jónsson Ragnar
Jónsson, Kr. Magnússon stutta skýringu,
Arnbjörn Sigurgeirsson, Kristján Magnússon,
Magnús Bjarnason Eysteinn Bjarnason
Rögnvaldur Gíslason, Ragnar Jónsson,
Friðrik Jónsson, Kr. Magnússon gaf stutta
skýringu, Jón Þ. Björnsson talaði þar næst

og afsakaði að hann hefði ekki mætt
svo lengi á fundum ~~vegna~~ og sagðist
ekki hafa getað það vegna heimilis-
ástæða sinna, skýrði hann afstöðu
sína til málsins. Þá töluðu Kr. Magnússon
Rögnv. G. Gíslason, Valgarð Blöndal og Páll
Jónsson. Tillaga, um að bera samning-
inn undir atkvæði; frá Valgarð Blöndal, samþykt.
Síðan greidd atkvæði um samninginn
og voru 20 með og 10 móti og hann
þar með samþyktur.

10. Fundarstjóri Magnús Bjarnason stakk
upp á að kjósa nefnd til að safna fé
fyrir félagið.
Það ræddu: Kr. Magnússon, Jón G. Gíslason.
Rögnvaldur Gíslason, fundarstjóri, Arnbjörn
Sigurgeirsson.
Tillaga frá Jóni G. Gíslasyni um að kjósa
5 manna nefnd til að afla félaginu fjár.
Samþykt. Einnig samþykt skriflega kosning.
Kosnir voru: Valgarð Blöndal, Magnús Bjarnason
Kristján Magnússon, Rögnvaldur G. Gíslason og
Arnbjörn Sigurgeirsson.

11. Þá var tekið fyrir: 50 ára afmæli Sauðárkróks

sem frestað var frá síðasta fundi;
Þessir töluðu: Rögnvaldur G. Gíslason, Þórir Guðm. Gíslason, Sveinbjörn Sigurgeirsson, Þórir G. Gíslason, fundarstjóri Sveinbjörn Sigurgeirsson, Eysteinn Bjarnason, Kr. Magnússon, Rögnvaldur G. Gíslason, Valgarð Blöndal gaf upplýsingar um að til væri sjóður, sem verja ætti til 50 ára afmælishalds Sauðárkróks. Kr. Magnússon þakkaði uppl. (þar sem hún var komin frá andstöðumanni málefnisins) Þá var lesin upp tillaga þannig hljóðandi:
Fundurinn vill að kosin sé 3 manna nefnd, sem fari þess á leit við íbúa staðarins að taka þátt í 50 ára afmælisgleði Sauðárkróks á næsta vori með fjárframlögum og öðru, sem til þarf
R. G. Gíslason.
Var hún samþykkt með flestum atkvæðum gegn þremur (V.B. Þ.G., og M.B.)
Formaður U.M.F.T. gat þess að vill meiri að blanda ekki sinna með störfum en láta aðra starfa útið. Með nafnakalls kosningu komust þessir menn í nefndina: Rögnv. G. Gíslason, Þórir G. Gíslason og Kr. Magnússon.
12. Form. U.M.F.T. ~~[illegible]~~ óskaði að fá að víta,

hverja málefni málefnamenn hefði hugsað sér til framsögu, til þess að félagar gætu hugsað og búið sig undir málin til næsta fundar. Eysteinn Bjarnason kvaðst hafa ætlað að koma með Þegnskylduvinnu-málið en Guðmundur Sveinsson Um stofnun Skíðafélags. [illegible]
13. Upplestrarmaður: [illegible] Árnadóttir las upp söguna: Verði ykkur að góðu. Hinn upplestrarm. Eyþór Stefánsson las upp í skemmtuninni á eftir fundi söguna: Sveinar og lögreglustjórinn og Hugarórar eftir St. G. St.
14. Skipaði starfsmenn til næsta fundar:
Fundarstjóri: Eyþór Stefánsson
Málefnamenn: Páll Jónsson og Kr. Magnússon
Upplestrarmenn: Kristján Guðmundsson og Jóhannes Þorgrímsson.
Ritnefnd: Sveinbj. Sigurgeirsson, Jónína Sveinbjörnsdóttir og Magnús Árnason.
Skemmtinefnd. Þórir Guðm. Gíslason, Hólmfríður Helgadóttir og Guðmundur Jóhannesson.
15. Rætt um kosningu ~~[illegible]~~ varaformanns í stað Kr. Magnússonar, sem hafði sagt af sér

vegna vantrausts sem hann kvað meðnefndarmenn sína hafa sýnt sér við undirskrift samninganna og sinn fundarmaður (R.G.G.). Stakk hann upp á Rögnv. G. Gíslasyni í sinn stað. En Rögnvaldur aftur upp á að endurkjósa hann. Var hann síðan endurkosinn með ~~öllum~~ 14 atkvæðum gegn 9.

16. Sungið: Ég elska yður þér Íslands fjöll.

Fundi slitið kl. 7 20

Ritarar:

Eysteinn Bjarnason.

# 11. fundur

Sunnudaginn 18. 12. 1921 var haldinn fundur í U.M.F. Tindastóll, fundurinn hófst kl. 4,15.

Þetta gjörðist á fundinum.

1. Fundarstjóri Snæbjörn Sigurgeirsson skipaði dyravörð Jóhannes Þorgrímsson, ritara Ragnh. Erlendsd. og Albert Sölvason.
2. Sungin fimm erindi af sálminum "Í fornöld á jörðu".
3. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykkt.
4. Inngöngu beiddust í fjelagið: Haraldur Andrésson, Hannes Sölvason, Elín Jóhannesdóttir, Kristín Sölvad. Ingibjörg Bjarnadóttir, [illegible] Jónsdóttir, Jóhann G. Möller, Jón Nikódemusson, Ingólfur Nikódemusson og Kristín Guðmundsd.
5. Lesin upp viðveruskrá, eftir henni mættu 35 manns
6. ~~35 meðlimir~~ Fundurinn samþykkti að inntökualdur í fjel. væri bundinn við 14 ára aldur
7. [illegible] lesinn upp af ritstjóra.
   1. grein hjet "Lögin" eftir Snæbjörn Sigurgeirs.
   2. Kvæði "Við aftanskin" Jónínu Arnbjörnsdóttir.
   3. bréf frá Málcedisstöðum dags. 15. des 1921 undirskrifað Opinskár.
8. Uppástunga frá Snæb. Sigurgeirss. að kjósa lagaendurskoðunarnefnd, var það samþykkt

og kosningu hlutu, Rögnvaldur G. Gíslason
með 21 atkv., Snæbjörn Sigurgeirsson með 14 atkv.
og Eysteinn Bjarnason með 13 atkv..

9. Magnús Bjarnason formaður íþróttanefndar-
skýrði frá störfum nefndarinnar.

10. Þá hófust umræður um þessi málefni og þá
fyrst málefnið frá næst síðasta fundi Rögnv. Gísla.
var framsögum. þess málefnis. Tillaga frá Rögnvaldi að
taka mál þetta út af dagskrá, þar sem það
var svo gamalt, og var það samþykkt.
Þá kom Eysteinn Bjarnason með sitt málefni
sem var "Þegnskylduvinnan". Rakti hann gang
málsins vel og rækilega frá því er það kom
fyrst á dagskrá hjá þjóðinni.
Þá tóku til máls Magnús Bjarnason,
Valgarð Blöndal, Friðrik Jónsson,
Snæbjörn Sigurgeirsson, Kristján Magnússon,
Ragnh. Gísl., Guðmann Gíslason Rögnv. Gíslason
Tillögur komu í málinu, önnur frá Eysteini
Bjarnasyni og hin frá Rögnv. Gíslasyni.
Rögnvaldar tillaga kom upp fyrst og var hún
svo hljóðandi "Fundurinn er mótfallinn þegn-
skylduvinnu í verklegum framkvæmdum á
Íslandi; en telur framtak einstaklings-

ins þann hyrningarstein, sem heill þjóð-
félagsins eigi að byggjast á".
Tillagan var samþykkt með 17 gegn 13 atkv.
Eysteins tillaga var því næst borin upp
og var hún svo hljóðandi
"Fundurinn telur sig þegnskylduvinnunni hlyntan
og vinna skyldi að framkvæmdum málsins síðar."
Tillaga þessi var feld með 19 mót 13 atkv.

11. Málefnamenn þeir, er áttu að koma með mál-
efni á fundinn gátu það ekki
annar þeirra var ekki viðstaddur, en
hinn hafði gleymt að hann átti að starfa

12. Ósk frá öðrum upplestrarmanni, að fá frest
með að lesa upp, þangað til á eftir fundi
Hún las upp á fundinum söguna
"Svona eru þær (flestar)" sumar::.

13. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar.
Fundarstjóri Páll Jónsson
Ritnefnd. Kristján Magnússon Ragnh. Gísl.
og Magnús Bjarnason.
Málefnamenn Guðmundur Sveinsson Páll Jónsson
og Kristján Magnússon
Upplestrarmenn Albert Sölvason og Jóhann G. Möller

Skemtinefnd Eysteinn Bjarnason
Steinar Bjarnason og
Sigríður Kjartansdóttir.

14. Sungið það sem eftir var af sálminum "Í fornöld á jörðu"

Fundi slitið kl. 7 ½

Páll Jónsson

Ritarar

Ragnh. Erlendsd., Albert Sölvason

Skemtan eftir fund.
Snæbjörn Sigurgeirsson las upp kafla úr Eyðinum (Þ. E.) Jóhannes Þorgrímss. las upp eitt kvæði eftir J. L. Runeberg og annað eigin þýdda úr dönsku. Hólmfríður Helgad. sýndi afar litinn smáleik "Gott á ári þess sálna að" hitti.
Síðast dans.
R. E.

## 12 fundur

Sunnudagin 1 janúar 1922 var fundur haldin í U M F Tindastóll fundurin hófst kl 2 þettað gerðist á fundinum
1. Fundarstjóri Páll Jónson skipaði dira vörð Pálma Pétursson ritara Helga Guðmundsson og Magnús Pálsson
2. Sungið fyrsta versið af Eldgamla Ísafold
3. Lesin upp síðasta fundargjörð fundar og samþikt
4. Inngaungu í felagið beiddist Gísli Sigurdson
5. Lesin upp viðvörunarskrá eftir hverri mattir 16 mílt
6. Árgeislin lesin upp af ritstjóra Lítil hugleiðin eftir P. S. og Nárs hugleiðing eftir Snæbjörn
7. Formaður las upp bréf sem send voru felaginu
1. bréf frá Olympíunefnd Í. S. Í Reykjavik þar hún biður felaginu að senda menn á mót það sem haldast skal í Paris 1924
2. bréf frá Tóbaksbindindis felagi Íslands þar sem að það óskti þess að felagið beitti sér fyrir afnámi tóbaks og vínnautna 3. bréf frá U M F Akureyrar um þátöku í Skíða móti sem það hefur fyrir hugað að halda í febrúar og þar með filgdi útboð um útvegun skíða

8. Viðvíkand bréfum sem fram komu á fundi gat Snæbjörn þess að félagið hefði ekki ástæður til að taka þátt í framboði til íþrótta þar eð íþróttir væru svo stutt á veg komnar Jón Guðman. gat þess að íþrótta nemdin hefði heldur lítið látið til sín heyra því svaraði Eiþór að það hefði verið heldur lítið skíða færi það sem af hefði verið
9. Tilaga kom frá Jóni Guðmani að taka tóbags málið til umræðu á næsta fundi
10. Snæbjörn gat þess að vegna leik sínéngar þirfdi að fresta aðalfundi til næsta fundar
11. Guðmundur Sveinson málefnamaður gat þess að það væri leitt fyrir félagið að hafa ekki æfingar á skíðum ef skíða færi heldist. Snæbjörn gat þess að það væri betra fyrir drengi að æfa sig á skíðum svo þeir gætu tekið þátt í skíða móti síðar Eisteinn Bjarnasson gat þess að það væri æskilegt að sem flestir tæku þát í skíða æfingu. Kristján Magnússon gat þess að skíða málið hefði verið falið nemd til umsjár
12. Tilaga kom frá Snæbirni Sigurgeirsini um að fundurin skoraði á Íþróttanemdina að beita sér alvarlega fyrir skíðaferðum í vetur
13. Áskorun kom á málefnamann að segja sin málefni Páll Jónsson málefnamaður gat þess að hann hefði ekkert mál Kristján Magnússon málefna gat þess að han væri ekki til búin með málið og æskti að fundar stjóri léti sig vita með dags fyrir vara.
14. Heiðurs gestur Sigurður Björsson ~~fi~~lóðs kom á fundin og talaði þar hvatningar orð til félagsmanna fundarstjóri óskaði þess að fundarmenn stæðu upp og vottuðu honum þaklæti sitt með að hrópa fjórfald húrra
15. Eisteinn Bjarnasson kom með það að næsti fundur irði haldin klukkan tvö
16. Jón Guðman gat þess að æski legt væri að fundurin væri auglístur tilaga frá J G um að fundir séu haldnir stundvíslega klukkan þrjú og hálf ef ekki eru önnur forföll
17. Albert Sölvasson las upp söguna Ingimundur
18. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar málefna Magnús Bjarnasson Eiþór Stefánsson Kristjan Magnusso upplestrarmenn Eisteinn Bjarnasson Jósefina Marjusdóttir í Skemtinemd Guðmundur Sveinson Dírleif Árnadóttir og Kristín Guðmunsdóttir í ritnemd Snæbjörn Sig Valgar Blöndal Helgi Guðmundsson fundarstjóri Ragnhildur Erlinsdóttir Sungið Nú árið er liðið fundi slitið klukkan 3[50]

Ritari Helgi Guðmundsson Magnús Pálsson

## 13. fundur.

Sunnudaginn 15 jan. var fundur haldinn í U. M. F. Tindastóll í Goodtemplarahúsinu
Fundarstjóri Ragnhildur Erld. setti fundinn kl. 2½ e.m. Nefndir til ritara Jóh. Ö. Þorgríms og Jóh G. Möller, og dyravörður Þorl. Hálfds.

1. Sungið: „Ísland þig elskum vjer. o.s.frv."
2. Lesin upp fundargerð síðasta fundar, samþykt
3. Stungið upp á, að rita skilabrjef frá U. M. F. Akureyri. Nokkrir tóku til máls. Munnleg tillaga kom frá Rögn. G. svohljóðandi:

Fundurinn samþykkir að taka málið út af dagsskrá, og fresta því til aðalfundar, samþykt

4. Stofnun sjóðs til styrktar Ljóslækningum. Framsögumaður Páll Jónsson. Skýrði hann frá tilgangi sjóðsins og vísaði því síðan inn á fundinn til frekari umræðu. Til máls tóku þessir: Páll Jónsson, Kristján Magnusson, Rögn. Gíslason, Guðm. Gíslason, Magnús Bjarnason og Eysteinn Bjarnason. Greindust þeir, er ljetu álit sitt í ljós aðallega í tvo flokka um fyrirkomulag sjóðsins. Annar vildi að að sjóðurinn yrði gjafafyrirtæki, sem bygðist af samskotum innan Ungmennafjelagsins, er væri óháður öðrum

þ. k. sjóðum, er gengi til þess, að styðja að því að hrinda Ljóslækningunum í framkvæmd, er byrjað yrði á framkvæmdum þess fyrirtækis. Þessari skoðun og fyrirkomulagi fylgdu þeir framsögum., Kristján Magnusson og Magnus Bjarnason. Aðrir vildu aftur á móti, að stofnunin yrði hlutafjelag með því fyrirkomulagi að það rjett bæri sig og jafnframt að fjeð yrði lagt fram sem allra fyrst. Að öðrum kosti vildu þeir að fjelagið gæfi árlega vissa upphæð til fyrirtækisins, ef hitt næði eigi fram að ganga. Aðal talsmenn þessa fyrirkomulags voru þeir Rögn Gíslas. Eysteinn Bjarnason og (~~Guðm. Gíslason~~)
Menn urðu og eigi á eitt sáttir, hversu hár sjóðurinn ætti að vera í upphafi. Var stungið upp á ýmsum upphæðum en ekkert ákveðið
Loks kom tillaga frá Eysteini Bjarnasyni svohljóðandi

Fundurinn samþykkir að kjósa þriggja manna nefnd til þess að athuga efnahag Fjelagsins

Tillagan rædd, þessir tóku til máls Rögn. G. Páll J. og J. G. G. Snerust umræður mest um rekstur kostnað Ljóslækninganna.
Þá var borin upp svohljóðandi tillaga frá Eysteini Bjarnasyni

Fundurinn samþykkir að kosin sje þriggja manna nefnd að athuga efnahag fjelagsins og jafnframt, hvenær og hvað mikið fjelagið geti lagt í fyrnefndan sjóð. Tillagan samþykt. Fyrir kjöri urðu þessir: Eysteinn Bjarnason 15 atkvæði, J. Guðm. Gíslason 14 atkvæði og Rögn. G. 12 atkvæði

5. Lesinn upp „Árgeislinn“ af ritstjóra

6. Stofnun baðluss fyrir glímu- og leikfimis flokkana Framsögum. Eyþór Stefánsson. Mælti hann með málinu og vildi leita álits fundarmanna, hvort fjelagið vildi kaupa baðahöld til notkunar fyrir fyrnefnda flokka. Tóku til máls Eysteinn Bjarnason J. Guðm. G. því næst Jón Björnsson. Fór hann mörgum orðum um nauðsyn slíkra áhalda, en jafnframt taldi það varhugavert að kaupa áhöld, er alls ekki gætu náð tilgangi sínum meðan fjelagið ætti ekki kost á betra húsi en nú. Gerði hann fyrirspurn til Ragnh. hjúkrunarkonu, hvort ekki væri hægt að nota fá baðklefann bæði fyrir sjúkrahúsið og aðra
Hjúkrunarkonan svaraði fyrirspurninni, að áhöldin væru til, en ekki notuð vegna litillar bilunar þessir tóku til máls Guðm. Gíslason, Jón Björnsson

Framsögumaður og Eysteinn Bjarnason. Munnleg tillaga kom frá Guðm. Gíslasyni svohljóðandi
Íþróttanefndin fari þess á leit við sjúkrahúsnefndina hvort hún vildi ekki lagfæra áhöldin og hvort þau fengust eigi leigð U. M., samþykt

7. Stofnun húsbyggingasjóðs. Framsögum. J. G. Gíslason. Hreyfði hann aðeins við málinu og gat þess um leið, að málið hefði komið inn á fund U. M. fyrir 2mur eða 3mur árum, en vegna þess, hve fundur sá var fámennur hefði málinu verið frestað, en kosin nefnd til þess að íhuga málið. Málinu enn þá frestað til næsta fundar

8. Bindindismálið. Framsögumaður Kristján Magnusson innti aðeins frá málinu og var því frestað til næsta fundar, vegna þess, að tími vanst ekki til að ræða það.

9. J. Guðm. Gíslason vítti húsnefndina fyrir kulda er var í fundarhúsinu.
~~Kristján~~ Magnusson svaraði fyrir hönd húsnefndarinnar

10 Upplestur
Eysteinn Bjarnason fjekk lausn frá því að lesa upp vegna þess, að hann þurfti að sinna öðrum störfum fjelagsins

Joh. Möller las upp „Forvitna konan“.

11. Skipaðir starfsmenn til næsta fundar, í ritnefnd Haraldur Andrésson, Gísli Sigurðsson og Oskar Stefánsson
12. Sungið „Eldgamla Ísafold o.s.fr.“

Fundi slitið kl. 5½ e.m.

Fundarstjóri. Ritarar.

Joh. Ó. Þorgrímsson
Joh. G. Möller

Svo mörg eru þau orð.

№ 476